




20  
13

# BÓKATÍÐINDI

GEYMIÐ BÓKASKRÁNA.  
HÚN GÆTI KOMIÐ SÉR VEL  
DEGAR VELJA Á BÓK.



**Gríðarmikið verk, rúmlega þúsund blaðsíður, í tveimur stórum bindum með fjölda fallegra mynda.**

**Sölvi Björn Sigurðsson hefur unnið þrekvirki.**

**Sannkallaður kjörgripur!**

## Vatnamenning og veiðiskapur

**Í þessari tveggja binda útgáfu, Íslenskrri vatnabók og Stangveiðum á Íslandi, er safnað saman fróðleik um vatnamenningu og veiðiskap allt frá landnámi.**

Sagðar eru sögur, gamlar og nýjar, af dularfullum fiskum og dulmögnum aflakóm, fjarstæðum og fyrirburðum, auk þess sem dregin er upp lýsing á flestöllum vatnasvæðum landsins.

Þessi útgáfa er fyrir veiðimenn, en líka þá sem hafa gaman af sögu og náttúru landsins, ævintýrum og frásögnum, sem lýsa svo djúpum gljúfrum að niðri í þeim er hálförökkur þegar sól skín hæst.

## Kæru bókakaupendur,

Íslenskur bókamarkaður er einstakur. Á Íslandi gefa fleiri en 100 aðilar út bækur á hverju ári og í ár eru skráðar rúmlega 700 nýjar bækur í Bókatiðindin. Aðeins 1 af hverjum 3 þýdd, þannig að mikill meirihluti útgáfunnar er eftir íslenska höfunda, sem er afar ánægjulegt.

Eitt af því sem gerir íslenskan bókamarkað svo einstakan eru Bókatiðindin sem þú heldur nú á, en hvergi í heiminum eru borin út tíðindi nánast allrar útgáfu ársins inn á hvert heimili. Bókatiðindin eru upphafið að jólahaldinu í hugum margra, og að fá bækur í jólagjöf er ríkur þáttur í jólahaldi flestra Íslendinga enda sú hefð að leggjast til hvílu á aðfangadag með nýja bók nauðsynleg mörgum.

Jólabókaflóðið, sem nú er hafið, er hornsteinn íslenskrar bókaútgáfu og í raun það sem fjölmargir bókaútgefendur, rithöfundar og aðrir, sem útgáfunni tengjast, byggja allt sitt á. Jólabókaflóðið er því að mörgu leyti grundvöllur þess að íslensk bókaútgáfa geti þrífist með þeim hætti sem hún hefur gert áratugum saman. Sú ríka hefð Íslendinga að gefa bækur til jólagjafa er flestum sem að þessu koma nauðsynleg.

Íslensku bókmenntaverðlaunin verða afhent í 25. skiptið á næsta ári og af því tilefni hefur Félag íslenskra bókaútgefenda ákveðið að fjölga verðlaunaflokkum í samtals þrjá og verður nú í fyrsta skipti veitt verðlaun í flokki barna- og unglingabóka. Og þar er úr fjölmörgum bókum að velja, en útgáfa barna- og unglingabóka eykst nú um næstum fimmtung milli ára, sem er mikið ánægjuefni.

Að venja börn við bóklestur skiptir miklu máli. Lestur örvar máltílfinningu, auðveldar tjáningu, eykur málskilning og bætir námsárangur. Hann er fjölvítamínið sem við þurfum öll á að halda.

Framundan eru frábær bókajól.

Njótið vel.

**Egill Örn Jóhannsson**

Formaður Félags íslenskra bókaútgefenda

### Barna- og unglingabækur

■ Íslenskar .....	2
■ Þýddar .....	16

### Skáldverk

■ Íslensk .....	42
■ Þýdd .....	54
■ Hljóðbækur .....	70

■ <i>Ljóð og leikrit</i> .....	74
--------------------------------	----

### Endurútgáfur

■ Íslenskar .....	82
■ Þýddar .....	88

■ <i>Listir og ljósmyndir</i> .....	92
-------------------------------------	----

■ <i>Héraðslýsingar, saga og ættfræði</i> .....	96
---	----

■ <i>Ævisögur og endurminningar</i> .....	102
---	-----

■ <i>Matur og drykkur</i> .....	114
---------------------------------	-----

■ <i>Fræði og bækur almenns efnis</i> .....	120
---	-----

■ <i>Útivist, íþróttir og tómstundir</i> .....	172
--	-----

■ <i>Rafbækur</i> .....	182
-------------------------	-----

■ <i>Höfundaskrá</i> .....	191
----------------------------	-----

■ <i>Útgefendur</i> .....	199
---------------------------	-----

■ <i>Bóksalar</i> .....	202
-------------------------	-----

■ <i>Titlaskrá</i> .....	204
--------------------------	-----

## BÓKATÍÐINDI 2013

### Útgefandi:

Félag íslenskra bókaútgefenda  
Barónsstíg 5  
101 Reykjavík  
Sími: 511 8020  
Netf.: fibut@fibut.is  
Vefur: www.fibut.is



FÉLAG ÍSLENSKRA  
BÓKAÚTGEFENDA

### Hönnun kápu:

Ámundi Sigurðsson

### Ábm.:

Benedikt Kristjánsson

### Upplag:

125.000

### Umbrot, prentun og bókband:

Oddi,  
umhverfisvottuð prentsmiðja



### Dreifing:

Íslandspóstur hf.

ISSN 1028-6748



Þetta tákni merkir hljóðbók.  
Tímalengd er uppgöfin í mínútum.

### Leiðbeinandi verð

„Leiðb.verð“ í *Bókatiðindum 2013* er áætlað útsöluverð í smásölu með virðisaukaskatti. Verð eru á ábyrgð hvers útgefanda.

# Barna- og unglingsbækur

## « ÍSLENSKAR »



### 13 þrautir jólasveinanna

Börn fá dót í skóinn

Huginn Þór Grétarsson

Myndskr.: Cassandra Canady  
Bráðskemmtileg þrauta- og litabók um íslensku jólasveinana. Þeir færa börnum fallegar gjafir í skóinn en það er ekki eins auðvelt og mætti ætla að vera jólasveinn. Lesandi bókarinnar hjálpar sveininum að koma dóti í skóinn hjá þægum börnum.

18 bls.

### Óðinsauga Útgáfa

ISBN 978-9935-451-36-1

Leiðb.verð: 990 kr.



### Adda í menntaskóla

Jenna og Hreiðar

Myndir: Halldór Pétursson

Sjötta bókin í hinum sígilda bókaflökki um Öddu. Hún er nú orðin nemandi í Menntaskólanum í Reykjavík og þarf að bjarga sér upp á eigin spýtur í borginni.

96 bls.

### Ugla

ISBN 978-9935-21-032-6



### Allir krakkarnir 2

Kærleiksríkt og kvikindislegt nafnarím


Gunnar Kr. Sigurjónsson

Þetta er önnur íslenska bókin með hinu hefðbundna nafnarím. Hún inniheldur á sjötta hundrað slík, bæði kærleiksrík og kvikindisleg. Fyrir sléttum 20 árum kom fyrri bókin út og seldist upp. Dæmi um nafnarímið er: Allir krakkarnir hlupu maraþon, nema Breki — hann safnaði þreki; Allir krakkarnir æfðu fótbolta, nema Hans — hann

æfði dans og Allir krakkarnir lærðu á selló, nema Gauja — hún lærði að strauja.

Bókaútgáfan Hólar

ISBN 978-9935-435-42-2 Kilja



### Allskonar sögur

Fyrir börn á öllum aldri

Jón Hjartarson og

Ása Ólafsdóttir

Lesandinn er leiddur um í ríki náttúrunnar við ýmsar aðstæður.

Hver er húsbóndi hænna-kofans og hvernig brást hann við þegar fálkinn réðst á hænnahöpinn? Hvernig



JÓLA-  
BÆKURNAR  
ERU Í NETTÓ

Þakkaði urtan á sjávarströnd  
Sigríði ljósmóður líffjöfina?  
96 bls.

**Vestfirsa forlagið**

ISBN 978-9935-430-48-9  
Leiðb.verð: 2.800 kr.




Íslensku smábarnabækurnar  
**Allur matur á að fara**

Marta Hlín og Birgitta Elín  
Alíslenskur matur eins og  
grjónagrautur, kjötsúpa og  
kleinur í bland við þann sem  
má finna víðar eins og kringlur,  
snúða og ís í brauðformi.  
Heiti hvers viðfangsefnis er  
á íslensku, dönsku, ensku og  
þýsku. Ljúffeng bók fyrir litla  
bókaorma.  
16 bls.

**Töfraland**

ISBN 978-9935-453-60-0



**Augað**


Halveig Thorlacius

Hrefna er 13 ára og með all  
sérstakan bakgrunn. Ævin-  
týrin elta hana á röndum, nú

lendir hún í æsilegri atburða-  
rás á Kanaríeyjum ásamt  
vinum sínum en sigrast að  
lokum á óréttlætinu.  
143 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-107-8




**Álfadís og grimmd  
gullsins**

Elías Snæland Jónsson

Álfadís og grimmd gullsins er  
spennandi og skemmtileg  
saga um ný ævintýri Hildar í  
Goðheimum, eftir verðlauna-  
höfundinn Elías Snæland  
Jónsson.  
151 bls.

**Bókaútgáfan Hergill sf.**

ISBN 978-9979-9694-5-7  
Leiðb.verð: 2.900 kr. Kilja



**Ávaxtakarfan – Þegar  
Immi fékk frekjukast**

Kikka

Þetta er sagan af því þegar  
Immi ananas fékk frekjukast,  
þannig að allir í ávaxtakörf-  
unni tóku eftir.  
24 bls.

**Sena**

ISBN 978-9935-9104-8-6 Kilja



**Ávaxtakarfan  
– Þegar Mæja jarðaber  
var óvinsamleg**

Kikka

Þetta er sagan af því þegar  
Mæja jarðaber gleymir sér  
og verður mjög óvinsamleg.  
24 bls.

**Sena**

ISBN 978-9935-9104-9-3 Kilja



**Bardaginn á  
Örylgsstöðum**

Anna Dóra Antonsdóttir

Hér er á ferðinni spenn-  
andi skáldsaga, unnin upp  
úr Sturlungu. Bókin er góð

kyning á þessum voðaat-  
burði Sturlungaaldar. Hér  
segir ungur drengur frá sinni  
reynslu af bardaganum á  
Örylgsstöðum sem háður var  
í Skagafirði árið 1238. Doddi  
í Sólheimum og vinir hans,  
upplifa orrustu sem í senn er  
spennandi og dapurleg. Leit-  
ast er við að veita lesendum  
af yngri kynslóð innsýn í  
helsta ófriðartíma Íslands-  
sögunnar. Ómissandi bók á  
skólasafnið.

**Adan ehf.**

ISBN 978-9935-9157-1-9/-0-2  
Innbundin/Kilja



**Bestu  
barnabrandararnir**

Skothelt stuð

Fyndnasta bók ársins – skot-  
helt stuð út í gegn.  
80 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

ISBN 978-9935-435-30-9 Kilja





**Bleikir fiskar**

Ólív Vala Ingvarsdóttir  
Sögur Ólafar Völu eru spennandi og á köflum ískyggileg ævintýri um unglina. Þau gætu gerst í næsta húsi. Sagnakonan er sex barna móðir og hefur langa reynslu af því að halda athygli barna og unglina með frásagnalst sinni.

160 bls.  
**Bókasmíðjan Selfossi**  
ISBN 978-9935-9099-6-1  
Leiðb.verð: 1.990 kr. Kilja



**Brosbókin**

Jóna Valborg Árnadóttir og Elsa Nielsen  
Höfundar sameina hér krafta sína í einstakri íslenskrí barnabók, nútímalegu ævintýri þar sem brosið er fyrir öllu. Myndskreytingarnar iða af lífi og leik og gefa hugmyndafluginu lausan tauminn.

42 bls.  
**Salka**  
ISBN 978-9935-17-095-8



**Draumaeyjan**

Hermann Ingi Ragnarsson  
Saga um einfara sem leitar fjársjóðs. Hann sér lífið í nýju ljósi þegar hann uppgötvur í hverju sannur fjársjóður er fólgin.

48 bls.  
**Salt ehf. útgáfufélag**  
ISBN 978-9935-9115-1-3



**Þrjúgja heima saga  
Draumsverð**

Kjartan Yngvi Björnsson og Snæbjörn Brynjarsson  
Innsiglin sjö sem vitringarnir skópu fyrir nærri þúsund árum eru að rofna. Ragnar, Breki og Sirja eru á flóttu og þurfa að bjóða dauðanum birginn til að bjarga veröldinni frá glötun. *Draumsverð* er önnur bókin í Þrjúgja heima sögu, æsispennandi sagna-

flokki þar sem blóðgaldrar og gleymdar óvættir ógna heiminum öllum. Fyrsta bókin, *Hrafnsauga*, hlaut gríðargóðar viðtökur lesenda á öllum aldri í fyrra, hreppti Íslensku barnabókaverðlaunin og var valin unglingsbók ársins af bóksöllum.

555 bls.  
FORLAGIÐ  
**Vaka-Helgafell**  
ISBN 978-9979-2-2250-7



**Ferðalag Freyju  
framtannar**

Kristín Þórunn Kristinsdóttir  
Í þessari bók kynnumst við Freyju framtönn sem býr í munninum hans Inga litla. Við kynnumst einnig Tomma tannbursta, töfrandi tannálfadís og fleiri sniðugum persónum. Þetta er bók fyrir krakka sem vilja hugsa vel um tennurnar sínar.

30 bls.  
**Óðinsauga Útgáfa**  
ISBN 978-9935-451-30-9  
Leiðb.verð: 2.980 kr.



**Fíðrildavængir**

Huginn Þór Grétarsson  
Myndskr.: Vladimiro Rikowski  
Hér er á ferðinni ævintýri í anda sigildra þjóðsagna þar sem koma við sögu tröll og töfrandi verur.

34 bls.  
**Óðinsauga Útgáfa**  
ISBN 978-9935-451-43-9  
Leiðb.verð: 2.980 kr.



**Flöskuskeytið**

Sigriður Dúa Goldsworthy  
Lífið breytist á einni nóttu þegar mamma og pabbi hennar Dísu neyðast til að flytja suður út af kreppunni. Þrátt fyrir að Dísu finnst líf sitt ómögulegt í fyrstu eignast hún fljótlega nýja vini og lendir í ótrúlegustu ævintýrum.

114 bls.  
**Óðinsauga Útgáfa**  
ISBN 978-9935-451-31-6  
Leiðb.verð: 4.290 kr.





 Finndu Kamilla á Facebook!

## Kamilla er mætt aftur!

„Leiðindin eru á leiðinni,“ heyrir tuldrað úr iðrum Esjunnar. Hvað er hægt að gera þegar fólk tekur upp á því að verða leiðinlegt með eindæmum?

**Ein skemmtilegasta barnabókin þetta árið!**



## GRIMMSYSTUR Úlfur í sauðargæru

- Bókaflokkurinn í heild sinni komst á metsölulista *The New York Times*
- Hlaut **Kirkus verðlaunin** fyrir bestu fantasíuna
- Hlaut einnig **Oppenheim Best Book Platinum Award**

**Allir sem unna ævintýrum eiga eftir að elska þennan ævintýraráðgátubræðing**

## Sagan af Jóa

Rammislenskur veruleiki með ævintýrlegu ívafi.  
Jói tekur til sinna ráða með aðstoð úr óvæntri átt

**„Gömlu sjóhundar. Hjálpið þabba mínum. Hann er í hafvillum!“**



**B**  
BÓKABEITAN

BÓKAÚTGÁFA  
SÍMI 588 6609  
WWW.BOKABEITAN.IS



### Galdraþulan

**Hafdis Heiðarsdóttir og Vilborg Aldís Ragnarsdóttir**  
Kæja er ósköp venjuleg unglingsstúlka sem býr með móður sinni á Íslandi en föðurfjölskyldan hennar, sem eru sígaunar, hefur lengi verið viðriðin galdra. Á fimmtán ára afmælisdeginum fær Kæja sendan dularfullan kistil að gjöf frá ömmu sinni í Rúmeníu. En hana grunar ekki að þessi kistill og innihald hans eigi eftir að gjörbreyta lífi hennar!

175 bls.  
**Óðinsauga Útgáfa**  
ISBN 978-9935-451-41-5  
Leiðb.verð: 4.290 kr.



### Garður hugans

**Ingibjörg Kr. Ferdinandsdóttir**  
Myndskr.: Dan Goodfellow  
Í þessari bók leiðir höfundur lesandann í ferðalag inn á við, í garð hugans, með þann tilgang í huga að finna innri ró og frið.  
42 bls.

**Óðinsauga Útgáfa**  
ISBN 978-9935-451-35-4  
Leiðb.verð: 2.980 kr.



### Gilitrutt

**Huginn Þór Grétarsson**  
Myndskr.: Rosaria Battiloro  
Þjóðsagan um tröllskessuna Gilitrutt. Húsfreyjan á bænum reynir að komast undan því að vinna verk sín með því að semja við tröllskessu. En geti hún ekki upp á nafni skessunnar í þremur tilraunum á hún ekki von á góðu...  
30 bls.

**Óðinsauga Útgáfa**  
ISBN 978-9935-451-44-6  
Leiðb.verð: 2.980 kr.



### Gilitrutt og hrafinn The Troll and the Raven

**Bernd Ogradnik og Kristín María Ingimarsdóttir**  
Jón bóndi og Freyja eru nýgift. Það er nóg að gera á bænum en verkin skiptast ekki jafnt á milli hjónanna! *Gilitrutt og hrafinn* geymir eina vinsælustu þjóðsögu okkar í nýjning og glæsilegum búningi sem byggir á vinsælli brúðusýningu eftir Bernd Ogradnik. Silja Aðal-

steinsdóttir bjó textann til prentunar. Bókin fæst bæði á íslensku og ensku.  
40 bls.

FORLAGIÐ  
**Mál og menning**  
ISBN 978-9979-3-3343-2/-3344-9



### Glanni glæpur

*Blöðrubylta*  
**Magnús Scheving**  
Glanni glæpur stelar öllum blöðrunum frá krökkunum í Latabæ. En óttist ekki, Íþrótaálfurinn kemur til hjálpar! Litrík harðspjaldabók fyrir yngstu börnin, fjögur frásögn og boðskapurinn sá að maður eigi alltaf að segja sannleikann!

**Sögur útgáfa**  
ISBN 978-9935-448-19-4



### Gummi og dvergurinn úrilli

**Dagbjört Ásgeirsdóttir**  
Myndir: Karl Jóhann Jónsson  
Þetta er önnur bókin í bókaröðinni um þá félagi Gumma og Rebba sem lenda í spennandi og stundum hættu-

legum ævintýrum í sveitinni hjá afa og ömmu.  
34 bls.


**Óðinsauga Útgáfa**  
ISBN 978-9935-451-24-8  
Leiðb.verð: 2.980 kr.



### Gæsaáúð 19

*Lilja litla lamb*  
**Helgi Jónsson**  
Nýjasta bókin í Gæsaáúðarflokknum er spennandi saga fyrir krakka. Meira en 80.000 eintök hafa selst af þessum vinsælu bókum.  
96 bls.

**Bókaútgáfan Tindur**  
ISBN 9789979653639 Kilja



### Gæsaáúð eldri

*Martröð 22*  
**Helgi Jónsson**  
Sjöunda bókin í Gæsaáúðarflokknum fyrir eldri lesendur, *Martröð 22*, er bara fyrir þá



sem hafa stáltaugar. Vinkonur fara í sumarbústað og upplifa mestu martröð sem hægt er að ímynda sér.

96 bls.

**Bókaútgáfan Tindur**

ISBN 9789979653677 Kilja



Íslensku smábarnabækurnar **Hani, krummi, hundur, svín**

Marta Hlín og Birgitta Elín

Fugl er ekki bara fugl og þess vegna má finna í þessari fallegu bók mynd af starra, tjaldi og krumma. En þar er líka íslenskur hestur, hundur og hagamús svo eitthvað sé

nefnt. Heiti hvers viðfangs-efnis er á íslensku, dönsku, ensku og þýsku. Falleg dýrabók fyrir litla snillinga.

16 bls.

**Töfraland**

ISBN 978-9935-453-61-7



**Hér koma Skoppa og Skríttla**

Hrefna Hallgrímsdóttir og

Linda Ásgeirsdóttir

Loksins er komin bók um Skoppu og Skríttlu. Þessi litríka og skemmtilega saga mun gleðja yngstu lesendurna og leiða þá inn í heim þessara fjörua stelpna.

24 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-367-2



**Íslensku dýrin mín**

Sara Hlín Hálfðanardóttir

Hér er að finna á annan tug fjölbreyttra og fallegra, nýrra ljósmynda, bæði af húsdýrum og öðrum vel þekktum dýrum á Íslandi.

22 bls.

**Unga ástin mín ehf.**

ISBN 9789935429322



**Íþróttálfurinn**

*Á ferð og flugi*

Magnús Scheving

Íþróttálfurinn er á ferð í loftskipinu sínu þegar hann sér að íbúar Latabæjar eru ekki komnir á fætur, þótt komið sé langt fram á dag. Hvað veldur? Harðspjaldabók fyrir yngstu börnin, litrík og fjörmikil og eins og venjulega er boðskapurinn góður!

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-448-20-0

## KYNNTU ÞÉR ÚRVAL NÝRRRA BARNA- OG UNGLINGABÓKA

# BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGINA 23.-24. NÓV. 2013

Dagskrá hátíðarinnar má finna á [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)



**Jói Kassi og eldsvoðinn**

Konráð Sigurðsson  
Myndskr.: Þórir Karl Celin  
Jói Kassi og Brenda Rist eru stödd í stórum vinnuskúr og hitta þar verkfæri og tól sem reynast vera misdugleg og illa farin. Þetta er fimmta bókin um Jóa Kassa og ævintýri hans. Hentar 3-8 ára krökkum.  
24 bls.

**Konráð Sigurðsson**  
ISBN 978-9935-9176-0-7  
Leiðb.verð: 1.990 kr.



**Jói Kassi og haugarnir**

Konráð Sigurðsson  
Myndskr.: Þórir Karl Celin  
Áfram heldur ævintýri Jóa Kassa, sem að þessu sinni er kominn á haugana! Kemur einhver honum til bjargar eða eru þetta endalokin?  
24 bls.

**ÍDNÚ bókaútgáfa**  
ISBN 978-9979-67-326-2 Kilja



**Jólaandinn**

Guðjón Davíð Karlsson  
Myndir: Karl Sigurbjörnsson  
Jólin nálgast. En Ari litli hlakkar ekki til. Foreldrar hans hafa aldrei tíma til neins. Besti vinur Ara, bangsinn Bjóssi, er staðráðinn í að finna hinn sanna jólaanda svo að Ari verði glaður fyrir jólin. Hann heldur af stað einsamall út í nóttina ...

Leikarinn góðkenni, Gói, bregður sér hér í hlutverk rithöfundarins. Faðir hans, Karl Sigurbjörnsson biskup, myndskreytir söguna.  
32 bls.

**Ugla**  
ISBN 978-9935-21-035-7



**Jólin okkar**

*Die Weihnachtsmänner*  
*Trolls de Noël*  
Brian Pilkington  
Þýð.: Alexander Schwarz og Henry Kiljan Albansson  
Íslensku jólasveinarnir eru engu líkir og því miðlar Brian Pilkington á lífflegan og nýstárlegan hátt í bókinni sinni um þá sem nú kemur út á þýsku og frönsku. Glæsileg bók um íslensku jólasíði handa vinum og samstarfsmönnum erlendis.  
32 bls.

FORLAGIÐ  
**Mál og menning**  
ISBN 978-9979-3-3352-4/-3353-1



**Kamilla Vindmylla og leiðinn úr Esjunni**

Hilmar Örn Óskarsson  
„Leiðindin eru á leiðinni,“ heyrst tuldrað úr iðrum Esjunnar.

Hvað er hægt að gera þegar fólk tekur upp á því að verða leiðinlegt með ein-dæmum? Kamilla Vindmyllu finnst það alls ekki dæmigert og snýst til varnar ásamt fé-lögum sínum og hinum sér-vitra Elíasi Emil.  
184 bls.

**Bókabeitan ehf.**  
ISBN 978-9935-453-02-0



**Mói hrekkjúsvin Kúreki í Arisóna**

Kristín Helga Gunnarsdóttir  
Myndir: Linda Ólafsdóttir  
Mói hrekkjúsvin er eyrna-stór götustrákur. Besti vinur hans er Byssu-Jói, risavaxinn leynikúreki og öflugur verndari. Mói fær óteljandi hug-myndir, flestar frábærar og aðeins örfáar sem eru ekkert sérstakar. Stundum er svo mikið að gera hjá honum að hann gleymir skólatöskunni í skólanum.  
88 bls.

FORLAGIÐ  
**Mál og menning**  
ISBN 978-9979-3-3408-8





## „Myrkrið og nóttin eru full af ævintýrum“

Fallegur töfraheimur sem er fullkomin umgjörð utan um notalega samverustund fyrir háttinn.



## Loksins...skákbók fyrir byrjendur

Aðgengileg bók fyrir börn og byrjendur í skák. Farið yfir grunnatriði eins og mannganginn og einfaldar skákfléttur.




„Ég get mælt með þessari vönduðu skákbók fyrir alla byrjendur.“  
Gunnar Björnsson, forseti skáksambands Íslands

„... skemmtileg og aðgengileg handbók fyrir skákkennslu ... ég fagna útgáfu hennar.“  
Stefán Bergsson, framkvæmdastjóri Skákakademíunnar

# TÖFRALAND

BÓKAÚTGÁFA · Sími 588 6609 · WWW.TOFRALAND.IS

**Tvær  
góðar**  
frá Töfralandi



**Lífsreglur Ólafíu Arndísar**

Kristjana Friðbjörnsdóttir  
Myndir: Margrét E. Laxness  
Ólafía Arndís er byrjuð að blogga. Hún skrifar um allt það ótrúlega sem á daga hennar drífur, furðulega fólkíð sem verður á vegi hennar og síðast en ekki síst alls konar einkennilegar lífsreglur sem erfitt getur reynst að lifa eftir. Sprenghlægileg saga um ólátabelginn sem lesundur þekka úr fyrri bókum Kristjönu og hafa hlotið einróma lof lesenda og gagnrýnenda.  
127 bls.  
FORLAGIÐ  
JPV útgáfa  
ISBN 978-9935-11-383-2



**Ljúflingsljóð**

Lára Jón Guðmundsson  
Myndskr.: Aðalheiður Ólög Skarphéðinsdóttir


Ljóðið um Ljóðálf ljúfling er spennandi ævintýri sem gerist í hrauninu í Hafnarfirði á hljóðu ágústkvöldi. Smádyrin standa saman gegn lævisum óvini sem einskis svífst. Góð bók til upplestrar fyrir ung börn, eflir málproska og næmi fyrir hrynjandi íslensku. Sjá www.hugall.is.

**Hugall ehf.**  
ISBN 978-9979-9746-2-8  
Leiðb.verð: 3.290 kr.



**Lokkar**

Theodóra Mjöll Skúladóttir  
Jack  
Myndir: Saga Sig.  
Ævintýraleg og skemmtileg hárgreiðslubók þar sem sýndar eru yfir 60 ólíkar útfærslur af greiðslum fyrir hárrúðar stelpur. Bókina prýða einstaklega fallegar og líflegar ljósmyndir teknar af Sögu Sig og er hver greiðsla útskýrð á einfaldan og aðgengilegan hátt í máli og myndum.  
160 bls.  
**Edda útgáfa**  
ISBN 9789935131539  
Leiðb.verð: 5.490 kr.



Hvað veistu um Rauðu djöflana?  
**Manchester United – spurningabók**  
Guðjón Ingi Eiríksson  
Stúfull bók af spurningum um frægasta knattspyrnulið veraldar, Manchester United. Þessari bók verða allir United-áðdáendur að spreya sig á.  
80 bls.  
**Bókaútgáfan Hólar**  
ISBN 978-9935-435-33-0 Kilja



**Með hættuna á hælunum**  
Margrét Þ. Jóelsdóttir  
Skemmtileg og æsispennandi saga um Birtu og vini hennar sem verða vitni að dularfullu og ógnvekjandi fyrirbæri. Þau ákveða að rannsaka málið en við það hefst mögnuð atburðarás sem leiðir þau í gríðarlega

hættu. Bók fyrir 9 ára og eldri.  
168 bls.  
**Bókafélagið (BF-útgáfa)**  
ISBN 978-9935-426-81-9



**Meistari Tumi**  
Friða Bonnie Andersen  
Tumi er 11 ára og líf hans snýst um fótbolta. Allt ætlar um koll að keyra þegar það fréttist að halda eigi fótboltanámskeið og safna í úrvallsið skólanna. Liðið sem vinnur fær að fara í ferðalag til Englands, svo það er til mikils að vinna.  
120 bls.  
**Öðinsauga Útgáfa**  
ISBN 978-9935-451-45-3  
Leiðb.verð: 4.290 kr.



**Mektarkötturinn Matthías og orðastelpan**  
Kristín Arngrímsdóttir  
Það skemmtilegasta sem Matthías veit er að leika við stelpuna Sólrúnu, hrafinn og Arngrím apaskott. Honum finnst líka gaman að búa til

sögur. Ævintýraleg bók sem heillar yngstu kynslóðina en líka þá fullorönu.  
32 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-099-6



Freyju saga

**Múrinn**

Sif Sigmarsdóttir

Dónol-borg er í heljargreipum einvaldsins Zheng og lífvarðasveita hans. Þar elst Freyja upp og veit ekki betur en að hún sé ósköp venjulegur borgarbúi, þar til hinir Utanaðkomandi taka skyndilega að sýna henni áhuga. Hverjir eru þeir og hvað vilja þeir Freyju? *Múrinn* er fyrsta bókin í sagnabálinum Freyju sögu, ævintýralegum spennuþylli fyrir unglunga.  
365 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3399-9



**Nikký og slóð hvítu fjaðranna**

Brynja Sif Skúladóttir

Myndskr.: Hjörleifur Skorri

Pormóðsson

Ný viðburðarík og spennandi bók fyrir 9-12 ára. Nikký ellefu ára lendir í háskalegu ævintýri í Sviss þegar duldir hæfileikar hennar hrinda af stað ótrúlegri atburðarrás.  
158 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-104-7



Íslensku smábarnabækurnar

**Nú er úti norðanvindur**

Marta Hlín og Birgitta Elín

Íslenskur vetur eins og hann gerist bestur með örliðu jólaívaði. Kuldaskór og vettlingar, jólakötturinn, laufabrauð og smákökur. Heiti hvers viðfangsefnis á íslensku, dönsku, ensku og þýsku. Gott að kúra undir sæng með litla krílinu sínu og skoða þessa bók á meðan maður bíður af sér veturinn.  
16 bls.

**Töfraland**

ISBN 978-9935-453-62-4



**Næstum Mennsk**

Ísold Ellingsen Davíðsdóttir


Hvað eiga tvær geimverur, fallinn engill, varúlfur, álfur og ninja sameiginlegt? Þau eru öll Næstum Mennsk! Myndasaga þessi greinir frá því hvernig leiðir þeirra lágu saman, með afdrifaríkum afleiðingum fyrir mannkynið – og alla hina. Gamansamt og stórbrotið ævintýri fyrir eldri sem yngri lesendur.  
90 bls.

**Aparass Comix**

(Ísold E. Davíðsdóttir)

ISBN 9789979722885

Leiðb.verð: 1.990 kr. Kilja



**Randalín og Mundi í Leynilundi**

Þórdís Gísladóttir

Myndskr.: Þórarinn M.

Baldursson

Vinirnir komast í kynni við sérkennilegt fólk, forvitnilega fugla og dularfullan nábit. Fyrri bók höfunda hlaut bæði Fjöruverðlaunin og Bóksala-verðlaunin.  
92 bls.

**Bjartur**

ISBN 978-9935-454-13-3



**Rangstæður í Reykjavík**

Gunnar Helgason

Jón Jónsson og félagar hans úr Þrótti eru komnir á Rey-Cup, innan um stelpur og stráka í 3. og 4. flokki frá öllu landinu og meira að segja frá útlöndum! Þar ríkir gríðarleg spennan innan vallar og utan, og strákarnir komast að því að rangstöðureglur eru flóknar, bæði í fótboltanum og lífinu sjálfu. Hér heldur Gunnar Helgason áfram með gríðarvinsælan bókaflökk sem heillað hefur lesendur undanfarin ár.  
316 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3398-2





**Rökkurhæðir**

*Gjöfin*

**Birgitta Elin Hassell og Marta Hlín Magnadóttir**

Líkt og fyrstu fjórar bækurnar um krakkana í Rökkurhæðum þá er Gjöfin sjálfstæð saga.

Jólin eru framundan. Þórhallur gerir sér grillur um flottar jólagjafir en verður fyrir gríðarlegum vonbrigðum. Hins vegar kemur í ljós að gjöfin frá mömmu leynir á sér.

Bók sem beðið er eftir! 192 bls.

**Bókabeitan ehf.**

ISBN 978-9935-453-27-3



**Saga um nótt**

**Eva Einarsdóttir**

**Myndskr.: Lóa Hlín**

**Hjálmtyróttir**

Falleg saga um Sögu litlu sem vill ekki fara að sofa. Mamma leiðir hana inn í draumaheiminn með frásögn um öll ævintrín sem gerast í myrkrinu og á nóttunni. Listilegar myndir Lóu Hjälmtyróttur gæða ævintýrið lífi og gætu eflaust hjálpað fleiri börnum en Sögu litlu að koma sér í ró fyrir svefninn.

26 bls.

**Töfraland**

ISBN 978-9935-453-86-0



**Sagan af Jóa**

**Þröstur Jóhannesson**

Jói er ellefu ára strákur með ríkt imyndunaraf sem ferðast stundum um himinhöfin á sjóræningjaskipinu Algötu. Jóa til mikillar furðu taka draumur og veruleiki að renna saman og háskaför til bjargar pabba hans hefur undarlegar afleiðingar. Spennandi og skemmtileg bók þar sem fjallað er um raunveruleg vandamál á ævintýrlegan hátt. 200 bls.

**Bókabeitan ehf.**

ISBN 978-9935-453-79-2



**Skrimslíð litla systir mín**

**Helga Arnalds**

**Myndskr.: Björk Bjarkadóttir**

**Tónlist: Eivør Pálsdóttir**

Þegar Bjartur eignast litla systur skilur hann ekki hvað

fullorðna fólkið getur verið blint. Sjá þau ekki að þetta er skrimslí?

Saga af strák sem flýgur á drekabaki austur fyrir sól og vestur fyrir mána alla leið út á heimsenda og lærir í leiðinni að elska litlu systur sína.

Bókin byggir á leiksýningunni *Skrimslíð litla systir mín* eftir Helgu Arnalds og Charlottu Bøving sem frumsýnd var í Norræna húsinu vorið 2012. Sýningin hlaut leiklistarverðlaunin GRÍMUNA sem besta barnasýningin það sama ár. Geisladiskur með tónlistinni úr sýningunni fylgir. 48 bls.

**Skrudda**

ISBN 978-9935-458-07-7

Leiðb.verð: 3.990 kr.



**Solla stirða**

*Dansdagurinn*

**Magnús Scheving**

Solla stirða er að undirbúa sig fyrir danshátíð Latabæjar en lendir í vandræðum. Og auðvitað kemur þá Íþróttálfurinn til hjálpar. Stutt og laggöð harðspjaldabók fyrir yngstu krakkana, með þeim flottu myndum og góða boðskap sem Latibær er kunnur fyrir.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-448-21-7



**Sóley Stjarna og Bleika plánetan**

**Huginn Þór Grétarsson**

**Myndskr.: Madmax**

Sóley Stjarna er stórhuga stelpa sem dremmir um að snerta stjörnurnar. Þetta er bók fyrir klárar stelpur sem þora og geta látið drauma sína rætast. 50 bls.

**Óðinsauga Útgáfa**

ISBN 978-9935-451-10-1

Leiðb.verð: 2.980 kr.



**Spurningabókin 2013**

*Hvað er það sem lengist og styttest á sama tíma?*

**Bjarni Þór Guðjónsson og Guðjón Ingi Eiríksson**

Spennandi spurningakeppni fyrir alla – notist heima, í skólanum, á ferðalögum og bara hvar sem er. 80 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

ISBN 978-9935-435-27-9 Kilja




### Stína stórasæng

Lani Yamamoto

Stína stórasæng reynir að halda frostinu úti með öllum ráðum en alltaf vinnur kuldinn á. Loks uppgötvar hún að kannski er ekki nóg að nota hugvit og skynsemi til að hlýja sér. Ný bók frá höfundu hinna dáðu bóka um Albert. Fæst einnig með ullarkápu, hannaðri af Vík Þrjónsdóttur.

**Crymogea**

ISBN 978-9935-420-33-6



### Strákar

Áhugamál, vinir, peningar, stelpur, fjölskyldan, útlitið og allt hitt

Bjarni Fritzson og Kristín Tómasdóttir

Hér er fjallað um líf íslenskra stráka frá öllum mögulegum og ómögulegum hliðum. „Hrikalega skemmtileg og gagnleg bók. Skyldueign fyrir

alla stráka.“ Aron Pálmarsson, handboltastrákur

231 bls.

**Veröld**

ISBN 978-9935-440-49-5



### Strengir á tímaflakki

Pamela De Sensi

*Strengir á tímaflakki* er nýtt íslenskt tónlistarævintýri um strengjaktartett, skipuðum köngulóm, sem lendir í viðburðarríku ferðalagi. Sagan er eftir Pamelu De Sensi, en frumsaminni tónlist eftir Steingrím Þórhallsson er fléttað saman við tónlist meistaranna Vivaldis og Mozarts. Sagan er tilvalin fyrir alla þá ungu tónsnillinga sem vilja kynna klassískri tónlist á léttan og skemmtilegan hátt. Bókin er myndskreytt af Kristínu Maríu Ingimarsdóttur og henni fylgir geisladiskur þar sem Sigurpór Heimisson les söguna og strengjaktartett leikur.

32 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

ISBN 978-9935-465-00-9



### Strokubörnin á Skuggaskeri

Sigrún Eldjárn

Þegar átök brjótast út í bæn-um ákveða systkinin Lína og Hringur að flýja að heiman. Áfangastaðurinn er Skuggasker – draugalega eyjan úti við sjóndeildarhring sem allir eru hræddir við.

Sigrún Eldjárn er einn af virtustu barnabókahöfundum landsins. Hér kemur glæný saga eftir hana ætluð lesendum frá níu ára aldri, spennandi, skemmtileg og ríkulega myndskreytt.

192 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3388-3





**Stuðbók Sveppa**

Sverrir Þór Sverrisson  
Stútfull af alls kyns skemmtilegheitum fyrir fjörguga krakka. Hér eru uppáhaldsleikir Sveppa, hugmyndir að alls kyns tómstundum og dægurvöl. Frjótt hugmyndaflug Sveppa nýtur sín til fulls í þessari bók. Fyrri bók Sveppa hlaut sló í gegn hjá lesendum og hlaut meðal annars Bóka-verðlaun barnanna árið 2011 sem Borgarbókasafnið veitir. 112 bls.

**Bókafélagið (BF-útgáfa)**  
ISBN 978-9935-426-87-1

Salli kemur sér í vandræði og heimalningarnir valda usla í stofunni hennar frú Margrétar. 80 bls.

**Auður Þórhallsdóttir**  
Dreifing: Kongó ehf  
ISBN 978-9979-72-399-8  
Leiðb.verð: 2.699 kr.



**Súrsæt skrímsli**


Agnes Þ. Löve  
*Í litlum bæ í skrímslaheimi,  
Langt, langt úti í hinum  
stóra geimi,  
Búa skrímsli nokkur,  
kakkalakkar og úldinn  
sokkur.*

*Súrsæt skrímsli* er lítrik og skemmtileg bók í bundnu máli, og með fallegum myndskreytingum.

Þetta er fyrsta bók Agnesar en í henni kynnumst við skratulsum skrímslum sem einhvern tímann verða á vegi okkar allra.

*Súrsæt skrímsli* er frábær og bráðskemmtileg bók fyrir krakka á öllum aldri. 30 bls.

**Draumsýn ehf.**  
ISBN 978-9935-444-48-6  
Leiðb.verð: 2.999 kr.



**Tímakistan**

Andri Snær Magnason  
Eitthvað furðulegt hefur gerst. Mannkynið húkir inni í draugalegum kössum og bíður betri tíma, en á meðan hefur náttúran yfirtekið borgirnar. Hvað kom fyrir? Enginn getur svarað því nema gömul kona sem vakir í einu húsanna. Áratugum saman hefur hún safnað sögum um prinsessuna af Pangeu og föður hennar, Dímon konung, sem í árdaga sigraði heiminn og reyndi að því loknu að sigra tímann. Margslungið ævintýri fyrir lesendur á öllum aldri eftir margfaldan verðlaunahöfund. 296 bls.

FORLAGIÐ  
**Mál og menning**  
ISBN 978-9979-3-3400-2



**Tröllastrákurinn sem gat ekki sofnað**

Sigríður Arnardóttir  
Myndskr.: Freydís Kristjánsdóttir  
Hvað getur tröllastrákurinn Vaki gert þegar foreldrar hans halda vöku fyrir honum og dýrunum í sveitinni? Skemmtileg og hugljúf saga – geisladiskur fylgir. 30 bls.

**Veröld**  
ISBN 978-9935-440-52-5



**Sumar með Salla**

Auður Þórhallsdóttir  
Lóa og Haukur finna hrafnunga og fá leyfi hjá ömmu til að búa um hann í gamla hænsnakofanum. Salli er skemmtilegur og sniðugur fugl en það eru þó ekki allir hrifnir af honum. Þrífóð frænka mætir í heimsókn,




**Tröllin í Esjufjalli**

Lilja Sólrún Halldórsdóttir  
Myndir: Katrín Óskarsdóttir  
Tröllin í Esjufjalli er hugljúf ævintýrabók um tröllabörn og tröllafjölskyldur í Esjunni. Litþrent í stóru grillarabroti. 46 bls.

**Bókasmiðjan Selfossi**  
ISBN 978-9935-465-01-6  
Leiðb.verð: 1.990 kr. Kilja







### Undirborgir

Inga Björg Stefánsdóttir  
Myndskr.: Karl Jóhann Jónsson

Bráðskemmtilegt ævintýri um Flóka og vini hans. Hína krabbynja reynir að ná tökum á Dimmuborgum og vinir okkar lenda í miklum háska. Sannkölluð veisla fyrir ævintýragjarna krakka!

54 bls.


**Óðinsauga Útgáfa**  
ISBN 978-9935-451-38-5  
Leiðb.verð: 2.980 kr.

### Úlfshjarta

Stefán Máni

Æsispennandi saga úr íslenskum samtíma sem aðdáendur Hungurleikanna og Twilight munu falla fyrir. Hér eru aldagömul öfl á sveimi og fyrr en varir leynast hættur við hvert fótmál.

★★★★ „... atburðarásin er hröð og töff og bókinn öll



hin skemmtilegasta.“ – ALP/Morgunblaðið „... á köflum er textinn með því besta sem Stefán Máni hefur skrifað.“ – FB/Fréttablaðið

300 bls.

FORLAGIÐ  
**JPV útgáfa**  
ISBN 978-9935-11-345-0 Kilja



### Út í veður og vind

Huginn Þór Grétarsson  
Myndskr.: Christina Elefsiniotis

Ræðið saman um veðrið, myndirnar og skáldið upp atburðarás. Þetta er ykkar saga svo njótið þess að glæða hana lífi.

10 bls.

**Óðinsauga Útgáfa**  
ISBN 978-9935-451-32-3  
Leiðb.verð: 1.490 kr.



### Vargsöld


Þorsteinn Mar

Fyrir mörgum öldum spáði jörskur prestur því, að upp rynni öld Vargsins með svartnætti sínu og óvættum. Þegar ókunnar verur ráðast á þorpið Vegamót vekur það óhug hjá íbúum þess og fær Ráðgríð, ásamt vini sínum Hræki, það verkefni að láta greifann af Norðmæri vita en sú ferð á eftir að draga dilk á eftir sér og mun reyna á vináttu þeirra. Hefur Ráð-

gríð það sem þarf til að vera hetja?

240 bls.

**Rúnatýr**  
ISBN 9789935443694  
Leiðb.verð: 4.199 kr.



### Vísindabók Villa

Vilhelm Anton Jónsson

Vísinda-Villi hefur brennandi áhuga á vísindum og uppáhaldsspurningin hans er: AF HVERJU? Í þessari glæsilegu bók fjallar hann á einfaldan hátt um rafmagn, sólina, eldflaugar, blóð, atóm, vind, dulmál og margt, margt, MARGT fleira. Í bókinni er auk þess fjöldi skemmtilegra tilrauna sem einfalt er að gera heima. *Vísindabók Villa* eflir áhuga allrar fjölskyldunnar á því furðuverki sem heimurinn okkar er.

88 bls.

FORLAGIÐ  
**JPV útgáfa**  
ISBN 978-9935-11-373-3



# BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

## Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGINA 23.-24. NÓV. 2013

Dagskrá hátíðarinnar má finna á [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)

# Barna- og unglingabækur

## « ÞÝDDAR »



### Að læra heima án þess að gubba

Trevor Romain

Þýð.: Steingrímur

Steinþórsson


Ef þér finnst leiðinlegt að læra heima er þessi bók fyrir þig. Höfundurinn veit fullvel hve heimanám getur verið ömurlegt. Og hann veit líka hvernig þú getur unnið heima- verkefnin án þess að gubba. Um leið og þú skemmtir þér yfir bröndurum og skemmtilegum teikningum muntu læra mikilvægan sannleika um heimanámið.

69 bls.

**Skrudda**

ISBN 978-9979-655-98-5

Leiðb.verð: 1.990 kr. Kilja



Divergent

**Afrbrigði**

Veronica Roth


Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir  
Sögusviðið er Chicagoborg framtíðarinnar þar sem þjóðfélaginu er skipt í fimm fylki. Fimm gjörólik lífsgildi, venjur og siðir. Á valdeginum þurfa allir sextán ára einstaklingar að taka ákvörðun um hvaða fylki þeir ætla að tilheyra það sem eftir er ævinnar. Beatrice Prior þarf að velja milli fjölskyldu sinnar og eigin sannfæringar. Ákvörðun hennar kemur öllum á óvart, meira að segja henni sjálfri. Bókin hefur setið á öllum helstu metsölulistum og er kvik-

mynd eftir sögunni væntanleg í mars 2014.

496 bls.

**Björt bókaútgáfa**

ISBN 978-9935-453-44-0



### Amma glæpon

David Walliams

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Benni kvíðir því að vera heima hjá ömmu sinni á hverju föstudagskvöldi. En svo kemst hann að því að hún er alþjóðlegur skartgripapjófur ... Taktu þátt í stórkostlegu ævintýri Benna þegar þau amma hans skipuleggja stærsta skartgriparán

sögunnar. David Walliams, annar höfunda hinna vinsælu sjónvarpsþátta Little Britain, er nú orðinn einn vinsælasti barnabókahöfundur Breta. Hér fer hann á kostum. 300 bls.

**Bókafélagið (BF-útgáfa)**

ISBN 978-9935-426-66-6



### Andarunginn Nelli

Maria Wissman

Þýð.: Þórir S. Guðbergsson

Skoðum, lesum og hlustum á hljóðin. Andarunginn Nelli er fjörugur og frískur. Ýttu á myndirnar framan á bókinni og hlustaðu á dýrahljóðin.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-558-5

ERTU ÞÚMINN) AÐ  
FINNA ÞÍNA JÓLABÓK?



nettó

## Halló-bækurnar

Ný tegund smábarna-bóka. Tilvaldar sem fyrstu bækur barnsins. Einfaldar myndir.

Skærir, hreinir litir sem örva og gleðja lítil börn.



## Bra-bra ungi litli Mjá-mjá kisa mín


Ungi litli og kisa í ævintýrum. Með því að ýta á hnapp heyrast dýrahljóð sem tengjast sögunum í bókunum.



## Hvar er Voffi og Hvar er Káta?

Þau verður að finna. Nú drögum við út síðurnar. Spennandi bækur fyrir litla krakka.

SETBERG



**Anna í Avonlea**

L.M. Montgomery  
Þýð.: Sigríður Lára  
Sigurjónsdóttir

Anna Shirley er á sautjándra ári og starfar sem kennslukona í heimabæ sínum, Avonlea. Hvatvísi hennar, forvitni og bjartsýni setja mark sitt á bæjarlífið.

Anna í Avonlea er önnur bókin í bókaflóknum Anna í Grænuhlíð, en sagan kemur nú í fyrsta sinn út í óstytttri íslenskrí þýðingu. 278 bls.

**Astriki útgáfa**

ISBN 978-9935-9091-3-8  
Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja



**Annáll eldsins**

John Stevens

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Systkinin úr Græna atlaninu eru enn að leita foreldra sinna. Þau fá aðstoð

frá gömlum galdrakarli en eiga í harðri samkeppni við Ógnvaldinn mikla: Hver er hann? Og hvað gera Mikael og Emma þegar Kata hverfur skyndilega hundrað ár aftur í tímann? Tekst þeim að finna Annáll eldsins og beisla mátt hans áður en systirin verður þeim að eilífu glötuð? *Annáll eldsins* er önnur bókin í þrileiknum um Bækur upphafsins sem heillað hefur lesendur um allan heim. 430 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-376-4



**Bert fær sviðsskrekki**

Sören Olsson og Anders Jacobsson


Þýð.: Jón Danielsson

Bert er ástfanginn af nýrri stelpu. Hún heitir Denise og spilar í stórri hljómsveit. Það er allt í lagi, því Bert spilar líka í hljómsveit. Bert hittir Hamingjuspámanninn, sem ráðleggur honum að „nalgast Denise á því sviði þar sem hún er“. Það svið er leiksvið og Bert neyðist til að skrá sig í leiklistarhópin, en hvað gerir maður ekki fyrir ástina? 136 bls.

**Bókaforlagið Bifröst**

ISBN 978-9935-412-24-9

Leiðb.verð: 3.780 kr.



**Bóbó bangsi í sveit**

Hartmut Bieber

Þýð.: Þórir S. Guðbergsson

Ævintýrin í sveitinni eru ógleymanleg. Bóbó fer á hestbak, fóðrar kýrnar og ekur um á traktor. Ný bók um vin okkar, Bóbó bangsa. 16 bls.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-557-8



**Bra-bra, ungi litli**

Jacqueline East

Þýð.: Þórir S. Guðbergsson

Börn byrja snemma að herma eftir hljóðum dýra. Með því að ýta á hnappinn heyrja þau dýrahljóð sem tengjast sögu bókarinnar.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-569-1



**Bráðum koma jólin**

Þórir S. Guðbergsson

Þýð.: Þórir S. Guðbergsson

Hæ krakkar – Ég er jóla-sveininn ykkar með verkefni, þrautir og gátur.

16 bls.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-563-9



**Bróðir minn**

**Ljónshjarta**

Astrid Lindgren

Þýð.: Þorleifur Hauksson

Ein þeirra bóka sem allir vildu lesið hafa. Ný hljóðritun.

Þorleifur Hauksson les.

400 mín.

**Hljóðbók.is**

ISBN 9789935220752





# GORDJÖSS NEGLUR



**50+**  
hugmyndir  
að æðislegum  
nöglum



- ★ Grunnatriði naglhirðu
- ★ Auðveldar aðferðir sem allir geta lært
- ★ Endalausir möguleikar





**Byggjum úr LEGO**  
Allt milli himins og jarðar  
Daniel Lipkowitz

Þýð.: Guðni Kolbeinsson  
Viltu byggja kastala eða sjóræningjaskip? Gíraffa eða geimveru? Hér gefa sex hugmyndaríkir kubbasmíðir gagnleg ráð til að skapa ævintýraveröld úr venjulegum kubbum og kenna snjöll brögð til að nýta sérhæfða kubba á nýstárlegan hátt. Virkjaðu ímyndunaraflíð og lærðu betur á kubbasafnið þitt.  
200 bls.  
FORLAGIÐ  
JPV útgáfa  
ISBN 978-9935-11-353-5



**Dagbók Kidda klaufa 5**  
Tómt vesen  
Jeff Kinney  
Þýð.: Helgi Jónsson  
Fimmta bókin um Kidda klaufa sem er engum líkur. Bækurnar hafa notið mikilla

vinsælda síðustu ár og verið verðlaunaðar af Borgarbókasafninu. Léttur skemmtilestur. 224 bls.

**Bókaútgáfan Tindur**  
ISBN 9789979653943



**Dagbókin mín**  
Fallega myndskreytt dagbók sem hægt er að læsa með lás og lykli. Hér getur þú skráð niður öll leyndarmálin þín. 192 bls.  
**Bókafélagið (BF-útgáfa)**  
ISBN 978-9935-426-64-2



**Dásamleg dýr - litabókin mín**  
Litla listafólkið skemmtir sér vel með því að lita og líma dýramyndir í þessari yndislegu litabók. 100 bls.  
**Unga ástin mín ehf.**  
ISBN 9789935429308 Kilja




**Dúkkulísur - Prinsessur**  
Falleg dúkkulísuþýðing. Prinsessurnar hafa nóg að gera og þurfa fót fyrir hvert tilefni. Og nóg er af þeim í bókinni. 24 bls.  
**Bókafélagið (BF-útgáfa)**  
ISBN 978-9935-426-47-5 Kilja



**Dúkkulísur - Soffía og Kata**  
Stórskemmtileg dúkkulísuþýðing. Vinkonurnar hafa nóg fyrir stafni og það þarf að klæða þær fyrir hvert tilefni. 24 bls.  
**Bókafélagið (BF-útgáfa)**  
ISBN 978-9935-426-48-2 Kilja



**Dúkkulísutaskan mín**  
Upplifðu einstakan heim með bestu ballerínunum, ánægðum álfum, hrífandi hafmeyjum og skemmtilegum prinsessum í þessum fallega dúkkulísukassa. Yfir 150 föt og fylgihlutir fylgja með dúkkulísunum. 96 bls.  
**Bókafélagið (BF-útgáfa)**  
ISBN 978-9935-426-57-4 Kilja



**Dýrin um allan heim**  
Ana Doblado  
Þýð.: Örnólfur Thorlacius  
Í bókinni eru forvitnileg dýr í öllum löndum kynnt á nýstárlegan hátt. Fróðlegur texti með glæsilegum litmyndum sem eflir skilning barna. Sex púsluspil og hvert þeirra með 24 kubbum. 16 bls.  
**Setberg**  
ISBN 978-9979-52-565-3



# SKRÍMSLIÐ LITLA SYSTIR MÍN

Þegar Bjartur eignast litla systur skilur hann ekki hvað fullorðna fólkið getur verið blint.

Sjá þau ekki að þetta er skrímli?

Saga af strák sem flýgur á drekabaki austur fyrir sól og vestur fyrir mána, alla leið út á heimsenda og lærir í leiðinni að elska litlu systur sína.

Geisladiskur með tónlist Eivarrar Pálsdóttur fylgir með bókinni.

„Eins og aðrar fyrsta flokks barnabækur höfðar bókina bæði til barna og fullorðinna.“

*Ólöf Skaftadóttir, Frbl. 18. okt.*



## Lísa í Undralandi í nýjum ævintýrum

Á köldum haustdegi situr Lísa fyrir framan arininn í stofunni heima hjá sér og er að leika sér við kettlingana sína. Þá fer hún að velta því fyrir sér hvað sé á bak við spegilinn sem er yfir arninum. Hún ákveður að athuga málið og áður en hún veit af er hún komin í gegnum spegilinn og inn í spegilhúsið hinum megin við hann. Þar er allt með öðrum hætti en í stofunni heima og í Spegillandi ratar Lísa í hin ótrúlegustu ævintýri.

Í gegnum spegilinn er framhald bókarinnar *Lísa í Undralandi*, og hér heldur höfundurinn, Lewis Carroll, áfram að lýsa hugarheimi barnsins

og öllum þeim merkilegu fyrirbærum sem sá heimur geymir.




**SKRUDDA**

Eyjarslóð 9 - 101 Reykjavík  
s. 552 8866 - skrudda@skrudda.is  
www.skrudda.is



**Eiðrofinn**

*Leyndardómurinn um hím ódauðlega Nicolas Flamel*  
 Michael Scott  
 Þýð.: Guðni Kolbeinsson  
 Tvíburar spásagnarinnar eru sundraðir. Sophie er komin með Flamelhjónum heim til Los Angeles þar sem hún kemst að ótrúlegum leyndarmálum. Josh hefur kosið sér hættulegri bandamenn og Sophie verður að finna hann áður en bardaginn hefst. Annars er öllu lokið. Michael Scott heldur hér áfram spennuþrungnum bókaflökki sínum sem notið hefur mikilla vinsælda meðal unglinga og annarra sem yndi hafa af skemmtilegum ævintýrasögum.  
 319 bls.  
 FORLAGIÐ  
**JPV útgáfa**  
 ISBN 978-9935-11-401-3



**Eldur**

Mats Strandberg og Sara B. Elfgren  
 Þýð.: Þórdís Gísladóttir  
 Framhald Hringins sem hlaut Bókسالaverðlaunin 2012. Töfrar og hversdagur, sigrar og sorgir, unglingsvandamál og galdrar.  
 501 bls.  
**Bjartur**  
 ISBN 978-9935-454-16-4




**Ég elska mömmu og pabba**

*Tvær fyrir eina*  
 Giles Andreae  
 Myndir: Emma Dodd  
 Þýð.: Friðrik H. Ólafsson  
 Hljúlegur texti og fallegar myndir fanga hugi lesenda, enda unnu bækurnar til virtra breskra barnabókaverðlauna. Tvær bækur á verði einnar um hjartnæmt samband barna við mömmu og pabba.  
 54 bls.  
**Ugla**  
 ISBN 978-9935-21-036-4



**Ég er ekki þreyttur**


*Skemmtilegu smábarnabækurnar*  
 Iris Hiskey  
 Þýð.: Björgvin E. Björgvinsson  
 Það er kominn tími á miðdagslúr. Einhvern veginn skal hann alltaf bera upp á þann tíma þegar maður er hreint ekkert þreyttur. Í bókinni Ég er ekki þreyttur er Daddi alls ekki tilbúinn til þess að fá sér miðdagslúr. Þá reynir á að vera fljótur að finna til hinar fjölbreytilegustu ástæður og tilefni til að fá að vaka svölítið lengur. Á endanum er þó ósköp gott að fá sér smá kríublund.  
 24 bls.  
**Bókaútgáfan Björk**  
 ISBN 978-9979-807-83-4  
 Leiðb.verð: 450 kr.



**Fjarsjóðskistan: Kvöldsögur**

Þýð.: Bjarki Bjarnason og Huginn Þór Grétarsson  
 Í Fjarsjóðskistunni eru átta

sígild ævintýri skráð af höfundum á borð við Grimmsbræður og H. C. Andersen. Þetta fallega sagnasafn lýsir upp skammdegið og skapar kærkomnar samverustundir.  
 186 bls.  
**Óðinsauga Útgáfa**  
 ISBN 978-9935-451-29-3  
 Leiðb.verð: 3.720 kr.



**Fleiri flottar fyrirsætur**

*Myndskr.: ýmsir*  
 Bók fyrir krakka sem hafa gaman af að skapa. Hann-aðu þína eigin flottu fatalínu. Veldu efni, settu sniðmát ofan á og teiknaðu eftir því fót sem þú hefur valið. Klipptu svo fötin út og límdu þau á uppáhaldsfyrirsætuna þína. Svo litarðu hana og bætir við límmiðum og þá ertu komin(n) með þína eigin ofurfyrirsætu!  
**Sögur útgáfa**  
 ISBN 978-9935-448-23-1







## Rosalind prinsessa og töfraskógurinn

Sirkusinn er kominn í töfraskóginn og sirkusstjórinn er skritinn og brögðóttur karl.


Þjartar myndir með glitri á hverri síðu. Í lok bókar er falleg gjöf handa lítilli prinsessu.



## Bóbó bangsi í sveit

Ævintýri Bóbó bangsa í sveitinni eru ógleymanleg. Hann fer á hestbak, fóðrar kýrnar og ekur um á traktor.

Ný bók um vin okkar Bóbó bangsa.



## Andarunginn Nelli

Skoðum, lesum og hlustum. Ýttu á dýramyndirnar framan á bókinni og hlustaðu á dýrin.

Andarunginn Nelli er fjörugur og frískur.



SETBERG



**Flottar flugskutlur**

Skemmtileg bók um flugvélar og skutlur. Módelhlutir fylgja með til að setja saman flugvélamódel. Ýmiss fróðleikur um þróun flugs frá upphafi til nútímans.

24 bls.  
**Bókafélagið (BF-útgáfa)**  
 ISBN 978-9935-426-69-7



**Frádráttur**

reiknaðu með okkur  
 Heath Mckenzie  
 Þýð.: Þórir S. Guðbergsson  
 Frádráttur getur verið ótrúlega skemmtileg reikningsaðferð. Með því að nota límmiða, litun og leik með orðadæmum verða verkefni fjölbreytilegri og skemmtilegri. Meira en 700 límmiðar í litum.


40 bls.  
**Setberg**  
 ISBN 978-9979-52-562-2



**Flottar neglur**

Litskrúðug bók sem kennir börnum að skreyta neglurnar með fjölbreyttu mynstri. Með bókinni fylgja litríkir límmiðar til að setja á neglurnar, ásamt leiðbeiningum.

24 bls.  
**Bókafélagið (BF-útgáfa)**  
 ISBN 978-9935-426-68-0



**Fyrstu 100 orðin – klár kríli**

Þýð.: Sara Hlín Hálfðanardóttir og Hálfðan Ómar Hálfðanarson  
 Hjálpaðu barninu að auka málþroskann með því að tengja 100 ný orð við fallegar ljósmyndir.

24 bls.  
**Unga ástin mín ehf.**  
 ISBN 9789935429278



**Fyrstu 100 tölurnar, litirnir og formin – klár kríli**

Þýð.: Sara Hlín Hálfðanardóttir og Hálfðan Ómar Hálfðanarson  
 Hjálpaðu barninu að auka málþroskann með því að tengja 100 ný orð við fallegar ljósmyndir

24 bls.  
**Unga ástin mín ehf.**  
 ISBN 9789935429285



**Gosi**

- saga og þúsluspil  
 Þýð.: Þórir S. Guðbergsson  
 Ævintýrið um Gosa spýtu-strák. Ef hann skrókvar, lengist á honum nefið. Saga og 6 þúsluspil.

**Setberg**  
 ISBN 978-9979-52-550-9



**Geimurinn**

Þýð.: Heimir Freyr Hálfðanarson  
 Upplifðu hið ógnarstóra og endalausa fyrirbæri sem við köllum geiminn. Skoðaðu margbreytileika rekistjarnanna, undur stjarnanna, kraftmikla eldflaugar eða taktu þér far með geimflug til Mars.

30 bls.  
**Unga ástin mín ehf.**  
 ISBN 9789935429247



**Grimmsystur**

Úlfur í sauðargæru  
 Michael Buckley  
 Þýð.: Marta Hlín Magnadóttir og Birgitta Elin Hassell  
 Grimmsystur búa hjá ömmu sinni í Álftavík innan um ævintýrapersónur og þjóðsagnaverur. Dagný er hamingjusöm með kennarann sinn, hana Mjallhvíti, en Sabrína finnur að það er eitthvað dularfullt á seyði í nýja skólanum. Þegar kennari Sabrínu finnst vafinn í risavaxinn kónguló-arvef sannfærast systurnar um að grunnskóla Álftavíkur sé skrímslavandi á höndum. Geta þær leyst gátuna?

289 bls.  
**Bókabeitan ehf.**  
 ISBN 978-9935-453-12-9





### Halló! Leikum og lærum

Anne Mussenbrock

Þýð.: Jón Orri

Harðspjaldabók með einföldum myndum. Skærir og glaðlegir litir sem gleðja yngstu börnin. Ný tegund smábarnabóka. Tilvalin sem fyrsta bók barnsins.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-552-3



### Halló! Má ég skoða

Anne Mussenbrock

Þýð.: Jón Orri

Ný tegund smábarnabóka. Tilvalin sem fyrsta bók barnsins. Einfaldar myndir. Skærir og glaðlegir litir sem örva og gleðja lítil börn.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-551-6



### Hans og Gréta

- saga og þúsluspil

Þýð.: Þórir S. Guðbergsson

Sígild saga um Hans og Grétu og vondu nornina. Myndskreytt og 6 þúsluspil.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-549-3



### Hálfguðirnir

Mari Moen Holsve

Þýð.: Úlfhildur Helga

Guðbjartsdóttir

„Ég er ekki af þessum heimi,“ sagði pabbi þeirra alvarlegur. „Og það eruð þið ekki heldur.“ Þannig byrjar atburðarás sem snýr öllu á hvolf hjá þríburunum Dina, Balder og



## Bert er bestur

Bert er ástfanginn af nýrri stelpu. Hún heitir Denise og spilar í stórri hljómsveit. Það er allt í lagi, því Bert spilar líka í hljómsveit. Bert hittir Hamingjuspámanninn, sem ráðleggur honum að „nálgast Denise á því sviði þar sem hún er“. Það svið er leiksvið og Bert neyðist til að skrá sig í leiklistarhópinn, en hvað gerir maður ekki fyrir ástina?



Á köldu vetrarkvöldi 1882 situr Benedikt Gröndal skáld í einkennilega húsinu sínu og ákveður að rífa sig upp úr drykkju og draumórum. Í þessari heillandi og fágætlega vel skrifuðu sögu er byggt á raunverulegum atburðum og persónum, og þær notaðar til þess að draga upp áhrifamikla mynd af svipmiklu fólki og mannlífi á viðkvæmu skeiði í sögu þjóðarinnar. En *Sæmd* er líka saga um glæp og refsingu, hugrekki, eðli valdsins, stéttaskiptingu, hlutverk skáldsins í samfélaginu – og sæmdina.

176 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-396-2



### Söngur Súlu

Hrafnhildur Valgarðsdóttir

Sagan gerist á árunum 1944–



1960 í Reykjavík. Fjölskyldur flykkjast til höfuðborgarinnar í leit að nýju lífi. Þar er nógá vinnu að fá og peningar flæða inn í landið en að sama skapi fæst fátt fyrir þá vegna vöruskorts og skorts á húsnæði. Fólk býr sér heimili á ólíklegustu stöðum, m.a. í gluggalausum geymslum og bröggum sem Bretar skildu eftir sig.

240 bls.

**Krass**

ISBN 978-9979-9926-1-5

Leiðb.verð: 3.200 kr. Kilja



### Til Eyja

**Edda Andrésdóttir**

Fjörutíu árum eftir að jörðin rifnaði á Heimaey, nánast við bæjardyrnar á Kirkjubæ, vitjar Edda Andrésdóttir liðinna tíma. Þar var hún stelpa á sumrin hjá ömmu sinni og móðurfólki og þegar gaus í Heimaey fylgdist hún með fjölmörgum húsum bernskunnar verða hrauni, ösku og eldi að bráð, þá nýrðin blaðamaður á Vísi. Hér er

fólkið á Kirkjubæ í forgrunni, lífið og sumrin á sjötta og sjöunda áratugnum, fallegar og persónulegar minningar um horfinn heim.

224 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-379-5



### veraldarsaga (mín)

*Aldarfarabók*


**Pétur Gunnarsson**

Tunglbók nr. 4. Bókin er uppseld hjá útgefanda.

64 bls.

**Tunglið forlag**

ISBN 9789935915238 Kilja



### Vince Vaughn í skýjunum

**Halldór Armand Ásgeirsson**

Sara og Þórir – menntaskólustelpa sem vinnur í sundlaug og háttprúður Lottókynnir í sjónvarpinu – eru með öllu óviðbúin frægðinni þegar hún steypist yfir þau. Hann verður alræmdur á Íslandi, hún alþjóðleg stjarna. Hvernig bregðast þau við?

149 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3406-4

Óbundin



## KYNNTU ÞÉR ÚRVAL NÝRRRA ÍSLENSKRA SKÁLDVERKA

# BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGINA 23.-24. NÓV. 2013

Dagskrá hátíðarinnar má finna á [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)

# Skáldverk

## « ÞÝDD »



### [geim]

Anders de la Motte

Þýð.: Jón Danielsson

HP er smákrími sem gefur skít í samfélagið og dag einn er honum boðið að taka þátt í hættulegum leik. Lögreglu-fulltrúinn Rebecca Normén er alger andstæða HP en einhver sem þekkir fortíð hennar gerir henni lífið leitt. „Hressileg, spennandi og skemmtileg ...“ – FB/Fréttablaðið 387 bls.

FORLAGIÐ

Vaka-Helgafell

ISBN 978-9979-2-2210-1 Kilja



### Áður en ég sofna

S.J. Watson

Þýð.: Jón St. Kristjánsson

Christine vaknar í ókunnugu húsi, við hlið ókunnugs manns og í speglinum mætir henni framandi andlit. Hún veit ekki hver hún er, man ekki neitt. Nætorsvefninn hefur rænt hana öllum minningum. Frumleg, nærgöngul og afar spennandi metsölu-bók. ★★★★★... mögnuð saga og vel skrifuð.“ – SG/Morgunblaðið 408 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-343-6 Kilja



### Árið sem tvær sekúndur bættust við tímann

Rachel Joyce

Þýð.: Ingunn Snædal

Eftir höfund bókarrinnar *Hin ótrúlega pílagrímsganga* Haralds Fry. 380 bls.

Bjartur

ISBN 978-9935-454-18-8 Kilja



### Ástir

Javier Marías

Þýð.: Sigrún Ástríður

Eiríksdóttir

Neon. Besti bókaklubbur í heimi. [www.bjartur.is](http://www.bjartur.is) 346 bls.

Bjartur

ISBN 9789935 423740 Kilja



nettó

JÓLA-  
BÆKVANAR  
EFTIR NETTÓ

BÓKAMESSA Í B





### Ballíð

Irène Némirovsky

Þýð.: Friðrik Rafnsson

*Ballíð* er skrifuð af slíku listfengi, svo hárfinni grimmd, svo beittum húmor að hún telst nú meðal bestu skáldsagna sem skrifaðar hafa verið um fordild nýriks fólks og uppreisn æskunnar gegn því.

108 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-351-1 Kilja

bak við undarlegt, ævafornt handrit. Banvænn leyndardómur í æsispennandi og hrollvekjandi sögu.

480 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-244-6 Kilja



### Bréfberinn

*El cartero de Neruda*

Antonio Skármeta


Þýð.: Svanhvít Lilja Ingólfssóttir

Ógleymanlegt listaverk og metsölubók um allan heim. Skáldjöfurinn Pablo Neruda er kominn á efri ár eftir róstusama ævi í skáldskap og stjórnmálum. Þá kynnist hann bréfbera sem virðist í fyrstu ekki hafa upp á margt að bjóða fyrir hið lífsreynda skáld. En úr verður ógleymanleg vinátta og einföld viska bréfberans verður skáldinu mikils virði.

130 bls.

Sögur útgáfa

ISBN 978-9935-416-65-0 Kilja



### Boðskapur Lúsífers

Tom Egeland

Þýð.: Kristín Thorlacius

Tvö skelfileg morð og múmiúfundur verða til þess að fornleifafræðingurinn Björn Beltó hefur leit að sögunni á



### Brynhjarta

Jo Nesbø

Þýð.: Bjarni Gunnarsson

Jo Nesbø er heimskunnur fyrir bækur sínar um rannsóknarlögreglumanninn Harry Hole. *Brynhjarta* er sú sjötta þeirra á íslensku en hinar fyrri hafa notið miklla vinsælda.

720 bls.

Uppheimar

ISBN 978-9935-432-77-3 Kilja



### Dagar í sögu þagnarinnar

Merethe Lindstrøm

Þýð.: Einar Ólafsson

„Dagar í sögu þagnarinnar“ hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2012 og

Verðlaun norskra gagnrýnenda!


Mögnuð fjölskyldusaga um yfirhyllingu og þögn. Málið snýst um ást tveggja einstaklinga, sem hafa tekið mikilvægar ákvarðanir, sem þau skilgreina tilvist sína ætíð út frá, til þess eins að uppgötva að ekki verður litið framhjá öllum atriðum.

224 bls.

Draumsýn ehf.

ISBN 978-9935-444-40-0

Leiðb.verð: 3.199 kr. Kilja



### Dauðaengillinn

Sara Blædel

Þýð.: Árni Óskarsson og

Magnús Sigurðsson

Bækur Söru Blædel njóta vaxandi vinsælda og eru þýddar á fjölda tungumála víða um heim. *Dauðaengillinn* er fimmta bók Söru á íslensku.

300 bls.

Uppheimar

ISBN 978-9935-432-82-7 Kilja





### Drakúla

Bram Stoker

Þýð.: Gerður Sif Ingvarsdóttir.  
Frægasta vampirusaga allra tíma loksins á íslensku.


Gotnesta hrollvekjan Drakúla, eftir Bram Stoker, er ein vinsælasta skáldsaga allra tíma. Síðan bókinn kom fyrst út árið 1897 hefur hún ávallt verið fáanleg og verið þýdd á ótal tungumál. Snemma á 20. öld kom sagan fyrst út á íslensku þegar endursögn Valdimars Ásgeirssonar, undir nafninu Makt myrkranna, birtist sem neðanmálssaga í tímaritinu Eimreiðinni. Fleiri endursagnir hafa birst yngri lesendum en sagan í heild sinni hefur þó aldrei verið þýdd, fyrr en nú.

336 bls.

Rúnatýr

ISBN 9789935443700

Leiðb.verð: 4.999 kr.



### Endimörk náðarinnar

Jørgen Brekke

Þýð.: Salbjörg Jósepsdóttir

Árið 1528 hefur fransiskumunkur stutta viðdvöl í Bergen áður en hann heldur för sinni áfram til norðurs. Þegar hann yfirgefur bæinn tekur hann með sér hnifa og óunnið skinn.

Nærri því fimm hundruð árum síðar finnst lík, sem búið er að flá, á safni í Richmond, Virginíu, annað lík finnst síðan í bókahvelfingu í Þrándheimi. Í báðum tilvikum virðist mega finna tengingu við Jóhannesarabók, sem er gömul bók skrifuð á skinn.

382 bls.

Draumsýn ehf.

ISBN 978-9935-444-37-0

Leiðb.verð: 2.999 kr. Kilja



### Ég skal gera þig svo hamingjusaman

Anne B. Ragde

Þýð.: Halla Sverrisdóttir

Árið er 1965. Allar konurnar í blokkinni sinna börnum og búi meðan karlinn aflar tekna. Lífið gengur sinn vanagang þangað til ungur maður kemur og býðst til að setja gægjugöt á útihúðirnar. Fersk og fjörug bók úr nálægum en þó svo sérkennilega framandi tíma eftir höfund Berlínaraspanna.

304 bls.

FORLAGIÐ

Mál og menning

ISBN 978-9979-3-3405-7 Kilja



### Ferðin að miðju jarðar

Jules Verne

Þýð.: Friðrik Rafnsson

Ferðin að miðju jarðar fjallar um sérvingringinn prófessor Ottó Lidenbrock og frænda hans, Axel. Dag nokkurn komast þeir af tilviljun yfir eldgamalt skjal sem inniheldur vísbendingu um að íslenskur lærdómsmaður, Arne Saknussem að nafni, hafi sennilega farið niður að miðju jarðar fyrir margt löngu. Prófessorinn hyggst nú sanna að hægt sé að komast þangað og þeir Axel halda af stað í leiðangurinn.

Leiðin liggur frá heimaborg þeirra, Hamborg í Þýskalandi, til Danmerkur og Íslands þar sem hinn eiginlegi rannsóknarleiðangur hefst undir styrkri leiðsögn Íslendingins Hans. Þremmingarnir síga ofan í gíginn á kulnuðu eldfjalli, Snæfellsjökli, og leggja þar með upp í hrikalegri

**BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG**  
 Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGINA 23.-24. NÓV. 2013  
 Dagskrá hátíðarinnar má finna á [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)

svaðilför en þá hafði nokkurn tímað órað fyrir ...

Ferðin að miðju jarðar var fyrst gefin út í París árið 1864. Þetta er ein þekktasta saga Jules Verne, hún hefur verið þýdd á ótal tungumál og notuð sem efniviður í fjölmargar kvikmyndir, sjónvarpsþætti, leikrit, tónverk og tölvuleiki.

Bókina prýða myndir úr upprunalegu útgáfu verksins eftir Édouard Riou.

283 bls.

**Skrúdda**

ISBN 978-9935-458-10-0

Leiðb.verð: 5.990 kr.



### Fimmtíu skuggar frelsis

E L James

Þýð.: Ásdís Guðnadóttir

Þriðja bók þessa rómantíska og ávanabindandi sagnaflokks sem sigráði heiminn á sviðstundu.

Þegar hér er komið sögu blasir framtíðin við elskendunum, björt og fögur, en þá birtast blíkur á lofti sem gera verstu martraðir Anastasíu að veruleika ...

559 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-332-0

Óbundin



### Flekkur

Cecilia Samartín

Þýð.: Nanna B. Þórsdóttir

Mögnuð og grípandi skáldsaga um stúlkuna ægifygru, Jamilet, sem hreksir burt úr fæðingarþorpi sínu í Mexíkó því fólkíð þar telur hana merka djöflinum af því að á líkama hennar er blóðrauð valbrá. Saga um litríkar persónur, ást, vináttu og þor, draumóra og veruleika – sveipuð ómótstæðilegum suðuramerískum sagnatöfrum.

342 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2229-3 Kilja



### Fólkið frá Öndverðu óttast ekki

Shani Boianjiu


Þýð.: Jón Hallur Stefánsson

Neon. Besti bókaklúbbur í heimi. Vertu áskrifandi!

332 bls.

**Bjartur**

ISBN 978-9935-454-10-2 Kilja



### Fórnargjög Mólaks

Ása Larsson

Þýð.: Eyrún Edda

Hjörleifsdóttir

Kona er stungin til bana á heimili sínu í Norður-Svíþjóð og í ljós kemur að flestir ættingjar hennar hafa látist voveiflega. Sá eini sem eftir lifir er sjö ára sonarsonur hennar. Mögnuð bók sem hlaut sænsku glæpasagna-verðlaunin 2012. „... frábær

lesning ... óvenjuvel skrifaður krimmi.“ – FB/Fréttablaðið

410 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-371-9 Kilja



### Glansmyndasafnararnir

Jóanes Nielsen

Þýð.: Kristín Svanhildur

Ólafsdóttir

Sex drengir. Ólík örlög. Verið velkomin til Kaupmannahafnar og Þórshafnar sjöunda áratugarins og allt til hins tíunda. *Glansmyndasafnararnir* er skáldsaga um hugsjónir og ástríðu sem getur reynst banvæn. Þetta er skáldsaga sem fjallar um breytingu Færeyja til nútímasamfélags, um það þegar hinar gömlu hefðir mæta hinn opinskáum umræðu nútímans.

261 bls.

**Draumsýn ehf.**

ISBN 978-9935-444-44-8

Leiðb.verð: 2.999 kr. Kilja





**Græðarinn**

Antti Tuomainen

Þýð.: Sigurður Karlsson

Illvirkinn sem kallar sig „Græðarann“ myrðir vel valin fórnarlömb í Helsinki – auðmenn og fjölskyldur þeirra. Bláðakonan Johanna er á slóð hans þegar hún hverfur. Maðurinn hennar leitast hennar sjálfur og slóðin leiðir hann dýpra og dýpra inn að kjarna myrkrar veraldar. ★★ ★★ – SG/ Morgunblaðið

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3258-9 Kilja

um hinn skapstygga en eld-klára Sebastian Bergman. Eftir höfund *Brúarinnar*. 488 bls.

**Bjartur**

ISBN 978-9935-454-17-1 Kilja



**Heimsins besti bær**

Arto Paasilinna

Þýð.: Þórður Skúlason

Kirkjubrennuvargurinn Asser Toropainen liggur fyrir dauðanum og fær Eemeli, sonarsyni sínum, það verkefni að stofna andlátskirkjusjóð og reisa kirkju í stað allra þeirra sem sá gamli hafði brennt.

Hin glæsilega kirkja sem rís í nágrenni Sotkamos dregur til sín fólk af ólíku tagi og smám saman verður til lítið samfélag í kringum hana sem lifir á landsins gæðum og lætur sig lítið varða ys og þys umheimsins.

Í Finnlandi er allt á fallanda fæti. Smástyrjaldir víðs vegar um heim verða að heimsstyrjöld. Og jafnvel þótt lífið í litlu sókninni við Ukonjärvi-vatnið einkennist af meira jafnvægi og skynsemi en á vígstöðvunum, fær Eemeli yfrið nóg af illleysanlegum vandamálum til að glíma við.

302 bls.

**Skrudda**

ISBN 978-9935-458-06-3

Leiðb.verð: 2.990 kr. Kilja



**Horfin arfleifð**

Kiran Desai

Þýð.: Kjartan Jónsson

Í afskekktu setri við rætur Himalayjafjalla býr dómari á eftirlaunum. Lifi hans er raskað er barnabarn hans, stúlkan Sai, flyst inn á heimilið. Á setrinu er kokkur, en sonur hans er ólöglegur innflytjandi í New York og býr þar við erfiðan kost og hreks frá einni vinnu til annarrar. Höfundur varpar ljósi á líf þessa fólks og fjölda annarra litskrúðugra persóna, á ljóðrænan og lifandi hátt. Í bakgrunni eru stefnýlendustefnu og pólitísks óróa í Norður Indlandi.

Kiran Desai hlaut Booker verðlaunin árið 2006 fyrir *Horfna arfleifð*.

318 bls.

**Múltikúlti ehf.**

ISBN 978-9979-72-432-2

Leiðb.verð: 3.900 kr.



**Hungureldur**

Victoriu Bergman

Þýð.: Erla Magnúsdóttir

Erik Axl Sund


Þýð.: Halla Sverrisdóttir

Annar þáttur í mögnuðum þrileik um Victoriu Bergman. Í fyrstu bókinni, *Krækustelpunni*, voru kynntar til sögunnar Sofia Zetterlund og skjólstæðingur hennar Victoria ásamt Janettu Kihlberg í rannsóknarlögreglunni sem þarf að takast á við erfiðasta málið á ferlinum.

432 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-87-2 Kilja



**Gröfin á fjallinu**

Hjorth Rosenfeldt

Þýð.: Halla Kjartansdóttir

Fyrsta flokks sænskur krimmi



**Hún er horfin**

Gillian Flynn

Þýð.: Bjarni Jónsson

Hjónaband getur verið ban-

vænt. Fyrsta flokks spennu-  
saga sem fór sigurför um  
heiminn.  
569 bls.

**Bjartur**

ISBN 9789935 454041 Kilja

**Höndin**

Henning Mankell

Þýð.: Hólmfríður K.

Gunnarsdóttir

Pegar Kurt Wallander skoðar  
gamalt býli sem honum  
býðst að kaupa hnýtur hann  
um eitthvað í garðinum sem  
ekki á að vera þar: hönd af  
manskju sem hefur legið  
í leynilegri gróf í hálfu öld.  
Hver var hún? Og hver gróf  
hana þarna? Síðasta bókin  
um þessa ofurvinsælu sögu-  
hetju með eftirmála höf-  
undar um hvernig lögreglu-  
maðurinn Wallander varð til.  
135 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3393-7 Kilja

**Iðrun**

Hanne-Vibeke Holst

Þýð.: Halldóra Jónsdóttir

Dramatísk og spennandi  
Danmerkurkrónika sem nær  
yfir sjötíu ár og segir sögu  
fjögurra kynslóða Tholst-  
rup-ættarinnar, sögu sem  
einkennist af einlægri ást,  
ástríðum og metnaði en líka  
blekkingum og lygum sem  
eitra líf fjölskyldunnar.

496 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2201-9 Kilja

**Inferno**

Dan Brown

Þýð.: Arnar Matthíasson og  
Ingunn Snædal

Eftir höfund *Da Vinci lykils-  
ins*. Sögusviðið er Flórens og  
fléttan er magnþrungin.

487 bls.

**Bjartur**

ISBN 978-9935-454-08-9 Kilja

# HEIMS- BÓKMENNTIR



Eftir handafa Bókmenntaverð-  
launa Nóbels 1949



Eftir handafa Bókmenntaverð-  
launa Nóbels 2012



Tilnefnd til Bókmenntaverð-  
launa Norðurlandaráðs 2006



Tilnefnd til Bókmenntaverð-  
launa Norðurlandaráðs 2013

## VIÐ ERUM STOLT AF METNAÐARFULLRI ÚTGÁFU ÞÝDDRA FAGURBÓKMENNTA

Í litlu málsafélagi eins og okkar, eybjóðar við heimskautsbaug,  
er fátt mikilvægara en að halda opnum þeim glugga sem hleypir  
inn andrúmslofti, reynslu og menningarstraumum alls heimsins.  
Slíkt verður vart gert með árangursríkari hætti en útgáfu þýðinga á  
bókmenntum viðs vegar að. Góðum bókmenntum.





**Í trúnaði**

Hélène Grémillon

**Þýð.:** Kristín Jónsdóttir  
Neon. Fimm afburðabækur á ári. [www.bjartur.is](http://www.bjartur.is)  
245 bls.

**Bjartur**

ISBN 978-9935-454-02-7 Kilja



**Kaffi og rán**

Catharina Ingelman-Sundberg

**Þýð.:** Jón Danielsson  
Spennandi og bráðskemmtilegur kósíkrímmi.  
464 bls.

**Veröld**

ISBN 978-9935-440-43-3 Kilja



**Kíra Argúnova**

Ayn Rand

**Þýð.:** Ókunnur

Kíra Argúnova er saga um ör-lög á umrótstímum þar sem lífið sjálft er að veði. Raun-sönn lýsing á rússneskum ör-lögum. Ayn Rand er einn vinsælasti skáldsagnahöfundur allra tíma, en alls hafa selst 30 milljónir eintaka af bókum hennar um heim allan. Þessi saga kemst að sögn Rands næst því allra verka hennar að vera sjálfævisöguleg. Ásgeir Jóhannesson, heimspek-ingur og lögfræðingur, skrifar fróðlegan eftirmála um Rand, ævi hennar og verk.  
460 bls.

**Almenna bókafélagið**

ISBN 9789935426888 Kilja



**Klefi nr. 6**

Rosa Liksiom

**Þýð.:** Sigurður Karlsson

Klefi nr. 6 er margslungin frásögn af lestarferð um endilöng Sovétríkin á níunda áratug síðustu aldar. Finnsk stúlka sem stundar háskólanám í Moskvu tekur sér far með Siberíulestinni til Úlan Bator. Hún deilir klefa með drykkfellnum harðjaxli á leið í byggingarvinnu. Bókin hlaut Finlandiaverðlaunin og er tilnefnd til Norrænu bókmenntaverðlaunanna.  
196 bls.

**Uppeimar**

ISBN 978-9935-432-89-6 Kilja



**Konungar kljást**

Önnur bók í *Söng um eld og ís*

George R.R. Martin

**Þýð.:** Elín Guðmundsdóttir

Önnur bókin í hinum magn-prungna sagnabálki, sem kenndur er við fyrstu bók bálksins, Game of Thrones, en það er heiti hinna geysivinsælu sjónvarpsþátta sem m.a. hafa verið teknir upp á Íslandi. Um alla Westeros-álfu blása kaldir vindar. Ríkið er sundrað og þeir sem gera tilkall til járnhásetisins berast á banaspjótum. Á himni blaktir halastjarna í eldrauðum lit — tákni um dómsson.  
980 bls.

**Ugla**

ISBN 978-9935-21-028-9 Kilja



**Krákustelpan**

Victoríu Bergman

*Þrilekurinn*

Erik Axl Sund


**Þýð.:** Sigurður Þór Salvarsson  
Sálfræðingurinn Sofia Zetterlund er með tvo óvenjulega skjólstæðinga. Annar er barnahermaður frá Sierra Leone og hinn er Victoria Bergman. Bæði sýna merki um klofinn persónuleika.

Við rannsókn lögreglunnar á morði á dreng stendur Jeanette Kihlberg frammi fyrir sömu spurningu og Sofia Zetterlund: Hvenær hefur manneskjan mátt þola svo mikið að hún breytist í andhverfu sína?  
432 bls.

**Uppeimar**

ISBN 978-9935-432-83-4 Kilja



**L.E.Y.N.D.**

L. Marie Adeline

Þýð.: Ásdís Guðnadóttir

Cassie Raubichaud lifir ekki spennandi lífi. En daginn sem hún kemst í samband við leynisamtök í New Orleans sem hjálpa konum að verða kynferðislega lifandi breytist allt. Fyrr en varir er Cassie komin af stað í tíu skrefa ferli samtakanna þar sem hver fantasían rekur aðra. Kitlandi bók sem vekur gríðarlega athygli hvar sem hún kemur út. 224 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2226-2 Kilja

**Leðurblakan**

Jo Nesbø

Þýð.: Ævar Örn Jóseppson

*Leðurblakan* er fyrsta bókin sem Jo Nesbø skrifaði um Harry Hole og sló í gegn þegar hún kom út árið 1997. Bókin var valin besta norska glæpasaga ársins og fékk Glerlykilinn, norrænu glæpasagnaverðlaunin. 394 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-462-10-7 Kilja

**Líf annarra en mín**

Emmanuel Carrère

Þýð.: Sigurður Pálsson

*Líf annarra en mín* er skrifuð af knýjandi þörf fyrir að setja sig inn í aðstæður fólks, skilja hvernig því tekst að komast yfir áföll, ákafri löngun til að tengja atburði, fólk og samfélag. Áhrifamikil frásögn af óþrjótandi ást, hugrekki og gæsku á ögurstundu; af því stórbrotna undri sem mannfólkið og líf þess er. „Hugnæm frásögn, meistara-taktar.“ – *Publishers Weekly* 341 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-334-4 Kilja

**Maður sem heitir Ove**

Frederik Backman

Þýð.: Jón Danielsson

Fimm stjörnu metsölubók sem sigrað hefur hjörtu íslenskra lesenda. Einnig fáanleg í kilju. 379 bls.


**Veröld**

ISBN 978-9935-440-56-3

sannleikanum, tilgangi lífsins og öðru smálegu. 492 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-80-3 Kilja

**Minnisbók Mayu**

Isabel Allende

Þýð.: Sigrún Á. Eiríksdóttir

Maya Vidal lendir í vondum félagskap á unglingsaldri og sekkur svo djúpt að þegar „verndari“ hennar í glæpaheimum er myrtur eru bæði félagar hans og alríkislögreglan á eftir henni. Maya flýr alla leið til Chiloe-eyja og rifjar þar upp þessi átakamiklu ár, umlakin töfrandi fagurri náttúru og harmrænni sögu chillesku þjóðarinnar. En fortíðin nær í skottið á henni. Undan henni verður ekki komist án uppgjörs. 399 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3391-3 Kilja

**Manneskja án hunds**

Håkan Nesser

Håkan Nesser hefur ritað á þriðja tug skáldverka af ýmsu tagi og unnið til margra verðlauna. Glæpasögur hans njóta hylli víða um lönd en *Manneskja án hunds* er fyrsta bókin af fimm um rannsóknar-lögreglumanninn Gunnar Barbarotti og leit hans að





**Morð í dómkirkju**

T. S. Elliot  
 Þýð.: Karl J. Guðmundsson  
 Ritstj.: Ingibjörg Ágústsdóttir  
*Morð í dómkirkju* er vinsælasta leikrit T. S. Eliots, eins þekktasta ljóðskálds tuttugustu aldar. Leikritið var fyrst sett upp árið 1935 í Kantaraborg á Englandi og fjallar um píslarvætti Tómasar Becketts erkibiskups sem var veginn í dómkirkjunni í Kantaraborg 29. desember árið 1170. Íslensk þýðing Karls. J. Guðmundssonar er hér birt í fyrsta skipti í heild sinni við hlið enska frumtextans. Í innangi að leikritinu er fjallað um ævi Eliots, hugmyndir hans um ljóðaleikritun, tilurð verksins, sögulegan bakgrunn þess og fleira því tengt. Í sérstökum bókarauka hefur ritstjóri verksins sett saman spurningar og verkefni til að nota í kennslu leikritsins á framhaldsskólastigi.

Inngangur er ritrýndur. 186 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-978-9  
 Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja




**Náttúruleg skáldsaga**

Georgi Gospodinov  
 Þýð.: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson  
 Óvenjuleg, margslungin og heillandi skáldsaga eftir einn þekktasta samtímahöfund Búlgara. Sagan fellur utan hefðbundins ramma skáldskapar, en á sér djúpar rætur í heimi popplistar, heimspeki og bókmennta. Opinská, einlæg og rambar stundum á barmi sturlunar. 160 bls.

**Dimma ehf.**

ISBN 978-9935-4012-1-2  
 Leiðb.verð: 2.699 kr.



**Og fjöllin endurómduð**

Khaled Hosseini  
 Þýð.: Ísak Harðarson  
 Bláfátækur faðir í Afganistan bjargar fjölskyldunni frá

hungurdauða með því að selja ríkum hjónum í Kabúl unga dóttur sína: örprifarád sem setur mark á stúlkuna og bróður hennar ævilangt. Margbrotin og hjartnæm saga sem leiðir lesandann yfir höf og lönd, eftir sama höfund og metsölubókin *Flugdrekaflauparinn*.

372 bls.  
 FORLAGIÐ  
**JPV útgáfa**  
 ISBN 978-9935-11-399-3



**Ó- Sögur um djöfulskap**

Carl Jóhan Jensen  
 Þýð.: Ingunn Ásdísardóttir  
 Þetta skáldverk á fáa sína líka í norrænum samtímabókmenntum. Höfundurinn leikur sér að skáldsagnaforminu og segir örlagasögur þriggja kynslóða af einstakri frásagnarlist og fáséðu valdi á stíl. Sögurnar í þessari bók eru vissulega djöfullegar; þær lýsa persónum sem eru heltekna af ástríðum og órum – og allt getur gerst. Tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2006. 930 bls.

**Uppheimar**  
 ISBN 978-9935-432-88-9 Kilja



**Ólæsinginn sem kunnir að reikna**

Jonas Jonasson  
 Þýð.: Páll Valsson  
 Nombeko vex upp í fátækraherverfi í Suður-Afríku en flækist inn í alþjóðlega stjórnmálarefskák og lendir um síðir í Svíþjóð þar sem bræðurnir Holger og Holger verða á vegi hennar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Ærslafull og innihaldsrík saga eftir sama höfund og metsölubókin *Gamlinginn sem skreið út um gluggann og hvarf*. 463 bls.

FORLAGIÐ  
**JPV útgáfa**  
 ISBN 978-9935-11-400-6/404-4  
 Innbundin/Kilja



**Parisarkonan**

Paula McLain  
 Þýð.: Herdís Magnea Hübner






Söguleg skáldsaga um fyrsta hjónaband Hemingways. Sögusviðið er París á þriðja áratug tuttugustu aldar er hjónin voru miðdepill í hinni sögufrægu „týndu kynslóð“.

Heit ástarsaga sem gefur jafnframt trúverðuga mynd af tíðarandanum í París.

392 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-076-7 Kilja



### Popol Vúh

*Trúarrit kíttse-indíána af kynstofni Maya*

**Þýð.:** Guðbergur Bergsson

*Popol Vúh (Bók fólksins)* fjallar um eina af fornum sköpunarsögum veraldar og er upphafssaga Maya-þjóðarinnar. Frú Vigdís Finnbogadóttir ritar formálsorð og Guðbergur Bergsson

greinir frá heimildum og skipulagi verksins.

186 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-361-0 Kilja



### Rannsóknir

*Heródotus frá Halikarnassus*

**Þýð.:** Stefán Steinsson

Þetta elsta varðveitta sagnfræðirit heimsins var ritað á grísku á síðari hluta fimmtu aldar fyrir Krist og lýsir vexti og viðgangi Persa og öflugri sókn þeirra inn í Evrópu fyrir 2500 árum. Grikkir gerðu út

um hana eftir sex sögufrægar orrustur við Marabon, Lauga-skörð, Artemisíum, Salamis, Plateu og Mýkölu. Lýst er landsháttum, atvinnuvegum, borgum, byggingum og siðum íbúanna á hverju svæði. Að auki er vænn skammtur af þjóðsögum, goðsögum og slúðri sem hefur skemmt mönnum um aldir.

647 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3409-5



## Drottning spennusögunnar

Barátta dóttur við að hreinsa mannorð foreldra sinna.

Það syrtir í álinn þegar dr. Lyons er myrtur á heimili sínu á grimmdarlegan hátt.


Þá koma ýmis leyndarmál í einkalífi hans í ljós og eiginkona hans, sem glímir við Alzheimer-sjúkdóminn, er dregin inn í morðrannsóknina.

Það kemur í hlut dóttur þeirra hjóna að leysa móður sína undan ákærinni og finna ástæðuna fyrir morðinu á föður sínum.

Mary Higgins Clark hefur ritað rúmlega 30 spennusögur sem hafa selst í metupplögum um allan heim árum saman.

**Nú einnig  
sem kilja**





**Ráðskonan og prófessorinn**

Yoko Ogawa  
Þýð.: Elísa Björg Þorsteinsdóttir  
Neon. Besti bókaklúbbur í heimi. www.bjartur.is  
191 bls.  
Bjartur  
ISBN 9789935454065 Kilja



**Rósablaðaströndin**

Dorothy Koomson  
Þýð.: Halla Sverrisdóttir  
Kvöld eitt bankar lögreglan fyrirvaralaust á dyr hjá Tamy og Scott og sakar heimilisföðurinn um hryllilegan glæp. Veröld Tamy hrynur til grunna. Hve langt er hún tilbúin að ganga fyrir það sem henni er kærast? Hörkupennandi saga um myrkari hliðar mannlífsins eftir höfundur fjölmargra metsölubóka.  
621 bls.  
FORLAGIÐ  
JPV útgáfa  
ISBN 978-9935-11-356-6 Kilja



**Rosie-verkefnið**

Graeme Simsion  
Þýð.: Elísa Björg Þorsteinsdóttir  
Bráðfyndin ástarsaga. „Krúttsprenjga,“ sagði Kolbrún Bergþórsdóttir.  
304 bls.  
Bjartur  
ISBN 978-9935-454-09-6 Kilja



**Rutt úr vegi**

Lee Child  
Þýð.: Hallgrímur H. Helgason  
Hér er naglinn Jack Reacher

á ferð, erkitöfvarinn sjálfur. Hann stekkur úr rútunni rétt fyrir utan Margrave í Georgíufylki, hugdetta sem hann á eftir að iðrast. Lee Child er einn vinsælasti spennusagnahöfundur heims og bregst hér ekki aðdáendum sínum.  
490 bls.  
FORLAGIÐ  
JPV útgáfa  
ISBN 978-9935-11-354-2 Kilja



**Sá sem erfir vindinn**

Gunnar Staalesen  
Þýð.: Þorbjörg Guðmundsdóttir  
Karin Björge, vinkona Varg Veums liggur lífshættulega slösuð á sjúkrahúsi og Veum verður að viðurkenna að sökin er hans.

Allt hófst þetta með tiltölulega sakleysislegu máli þar sem tilkynnt var um mannhvarf. Eiginmaður einnar vinkonu Karin hafði horfið sporlaust nokkrum dögum áður en hann átti að taka þátt í fundi á landssvæði þar sem fyrirhugað var að setja upp vindmyllur. Rannsókn málsins setur leylinöglumanninn frá Bergen í lífshættu.

Kvikmyndir um Varg Veum hafa verið sýndar á RÚV.  
296 bls.


**Draumsýn ehf.**  
ISBN 978-9935-444-45-5  
Leiðb.verð: 2.999 kr. Kilja



**Rödd í dvala**

*La voz dormida*  
Dulce Chacón  
Þýð.: María Rán Guðjónsdóttir  
Ógleymanleg bók sem höfundur byggir á raunverulegum vitnisburði kvenna sem lentu í hörmungum spænska borgarastríðsins 1936–39 og eftirköstum þess. Magnaðar og um leið nærfærnar lýsingar á þjáningum og þolgæði kvennanna. Metsölubók um allan heim. Ógleymanlegt verk og algilt um reynslu fólks af stríði.  
355 bls.  
Sögur útgáfa  
ISBN 978-9935-416-82-7 Kilja





### Sátmtálinn

Jodi Picoult

Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir  
Foreldrar Emily og Chris eru nágrannar og vinir og börnin óaðskiljanleg frá fyrstu tíð. En þegar síminn hringir um miðja nótt breytist allt. Emily er látin, skotin til bana – og fingraför Chris eru á byssunni. Mun kvíðdómurinn trúá honum? Og hvernig eiga foreldrar þeirra að setta sig við að hafa ekki þekkt börnin sín? Spennandi og innihaldsrík saga eftir margfaldan metsöluhöfund. 520 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-372-6 Kilja



### Sem ég lá fyrir dauðanum

William Faulkner

Þýð.: Rúnar Helgi Vignisson

Skáldsaga um örlagaríkt ferðalag fjölskyldu um sveitir Mississippi með lík ættmóðurinnar. Margrödduð frásögn sem er afar óvenjuleg að gerð og er í senn harmræn og spaugileg. Verkið hefur löngum verið talin með merkustu skáldverkum 20. aldarinnar. Höfundurinn hlaut Nóbelsverðlaun árið 1949.

240 bls.

Uppheimar

ISBN 978-9935-462-14-5 Kilja



### Síðasta bréfið til Sviþjóðar

Vilhelm Moberg

Þýð.: Magnús Ásmundsson  
Ritstj.: Hildur Hermóðsdóttir  
Fjórði og síðasti hluti sögu Mobergs um Karl Óskar og Kristínu sem námu land í Ameríku á 19. öld. Eftir erfið en viðburðarík ár færast aldurrinn yfir og þau líta til baka með stolti.

296 bls.

Salka

ISBN 978-9935-17-071-2/115-3

Innbundin/Kilja



### Skólaus á öðrum fæti

Ana María Matute


Þýð.: Kristinn R. Ólafsson

Ahrifamikil en um leið falleg saga um litla stúlku, Gabríelu, sem höfð er útundan og hvernig hún í einmannaleika sínum býr til sinn ævintýraheim. Frábærlega skrifuð og margræð saga sem á erindi til fólks á öllum aldri. Ana María Matute er á meðal þekktustu og áhugaverðustu núlifandi rithöfundar Spánar. Þetta er tvímála útgáfa, þar sem textinn í hverri opnu er bæði á spænsku og íslensku. Erla Erlendsdóttir dósent í spænsku við HÍ skrifar fróðlegan eftirmála.

192 bls.

Almenna bókafélagið

ISBN 9789935426802



### Skrifað í stjörnuarnar

John Green

Þýð.: Arrún Eysteinsdóttir

Sagan um Hazel og Augustus er saga um líf og dauða. Um það hve skemmtilegt, spennandi og sorglegt lífið er. Bókin fær lesandann til að hugsa um hinar stóru spurningar lífsins, hlæja dátt og gráta.

Bókin hefur verið samfleytt á erlendum metsölulistum frá því í janúar 2012.


Kvikmynd sem gerð er eftir bókinni verður frumsýnd í júní 2014.

318 bls.

Dráumsýn ehf.

ISBN 978-9935-444-60-8

Leiðb.verð: 2.999 kr. Kilja



### Skýrsla 64

Jussi Adler-Olsen

Þýð.: Jón St. Kristjánsson

Árið 1987 hurfu nokkrar manneskjur í Kaupmannahöfn. Rúmum tuttugu árum seinna vekja þessi manneskjur athygli Carls Mørk og félaga hans í Deild Q og þau rekja slóðina, annars vegar til þekktis læknis og forystumanns í nýjum stjórnmálaflokki og hins vegar til Sprogeyjar þar sem lengi var illræmt hæli fyrir afvegaleiddar stúlkur. – ★★★★★ ALB/Morgunblaðið 496 bls.

FORLAGIÐ

Vaka-Helgafell

ISBN 978-9979-2-2216-3 Kilja





**Stúdíóið**

Pekka Hiltunen

Þýð.: Sigurður Karlsson

Lia verður vitni að því þegar lík finnst í farangursgeymslu bíls í miðborg London. Vændiskona frá Lettlandi hefur verið myrt. Lia getur ekki gleymt því sem hún sá og þegar hún svo hittir Mari, samlöndu sína frá Finnlandi, er eins og örlögin hafi leitt þær saman í leit að lausn málsins.

*Stúdíóið* hlaut finnsku glæpasagnaverðlaunin 2012 og er tilnefnd til Glerlykilsins, Norrænu glæpasagnaverðlaunanna 2013.

440 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-81-0 Kilja



**Stúlkurnar sem gleymdust**

Sara Blædel

Þýð.: Árni Óskarsson

Bækur Söru Blædel njóta mikilla og vaxandi vinsælda og eru þýddar á fjölda tungumála víða um heim. *Stúlkurnar sem gleymdust* er sjötta bók Söru á íslensku.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-86-5 Kilja



**Stöðvið brúðkaupið**

Stephanie Bond

Þýð.: Jón H. Karlsson

Stórskemmtileg gaman- og ástarsaga um Annabelle og Clay sem reyna að koma í veg fyrir hjónaband foreldra sinna. Þrátt fyrir gagnkvæma andúð og vantraust laðast þau hvort að öðru á óviðráðanlegan hátt.

237 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-091-0 Kilja

fer fólkið í bænum að vekja áhuga: öldruð móðir hennar og vinkonurnar á elliheimilinu, táningsstelpurnar sem hún kennir, unga móðirin í næsta húsi ... Bækur Siri Hustvedt hafa verið þýddar á tugi tungumála en þessi er sú fyrsta sem kemur út á íslensku, eftirminnileg, grátbrosleg og einstaklega heillandi kvennasaga.

231 bls.

**FORLAGIÐ**

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2212-5 Kilja



**Svifflug**

Anne-Gine Goemans

Þýð.: Ragna Sigurðardóttir

Afar grípandi og sérstök saga um heillandi unglingsstrák sem býr hjá föður sínum og frænda. Hann saknar móður sinnar og kemur sér upp meistaralegri áætlun til að ná aftur athygli hennar. Höfundurinn hefur sópað til sín verðlaunum í heimalandi sínu, Hollandi.

436 bls.

**FORLAGIÐ**

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-344-3 Kilja



**Sumar án karlmannna**

Siri Hustvedt

Þýð.: Nanna Þórsdóttir

Þegar Boris fer frá Míu eftir þrjátíu ára hjónaband leitar hún til æskustöðvanna. Í fyrstu er hún upptekin af eigin eynd en smám saman





### Svikalogn

Viveca Sten

Þýð.: Sigurður Þór Salvarsson  
Svikalogn er fyrsta bókin í nýrri röð glæpasagna sem gerast í Sandhamn í sænska skerjagarðinum fyrir utan Stokkhólm. Í aðalhlutverkum eru rannsóknarlögreglumaðurinn Thomas og æskuvinkona hans, lögfræðingurinn Nora, sem dvelur í eygni á sumrin ásamt manni sínum og börnun.

418 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-79-7



### Sækið ljósuna

Jennifer Worth

Þýð.: Ólöf Eldjárn

Ljós móðir í fátækrahverfum Lundúnaborgar á sjötta áratug síðustu aldar segir hér

frá einstæðri reynslu sinni. Við sögu koma ótal eftirminnilegar persónur – skjólstaðingar ljósmæðranna og aðstandendur þeirra, íbúar hverfisins, lögregluþjónar og glæpamenn. Á bókinni byggði BBC geysivinsæla sjónvarpsríu.

513 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3365-4 Kilja



### Söngur Akkílesar

Madeline Miller

Þýð.: Þórunn Hjartardóttir

Hér sameinast sagnfræði, skáldskapur og mögnuð persónusköpun í heillandi bókmenntaverki en fyrir það hlaut höfundur bresku Orange verðlaunin 2012. Saga Akkílesar og Patróklusar úr Illíónskviðu Hómers er örlogarík og fjallar um ódauðlega frægð, vináttu, stolt – og ástina.

374 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-103-0 Kilja




### Tígrið í rauðu veðri

Lisa Klausman

Þýð.: Ingunn Ásdísardóttir  
Neon. Besti bókaklúbbur í heimi. Vertu áskrifandi!  
372 bls.

**Bjartur**

ISBN 978-9935-454-11-9 Kilja



### Týnda dóttirin

Shilpi Somaya Gowda

Þýð.: Uggj Jónsson

Somer er læknir í San Francisco sem getur ekki eignast barn. Kavita er fátæk móðir á Indlandi sem neyðist til að gefa dóttur sína frá sér. Áleitning lesning um það hvernig ákvarðanir okkar og aðstæður hafa djúpstæð áhrif á líf okkar og um ævarandi mátt ástarinnar í sínum margvíslegu myndum. Heillandi og full af visku!

413 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2228-6 Kilja



### Týndu árin

Mary Higgins Clark

Þýð.: Pétur Gissurarson

Barátta dóttur við að hreinsa mannorð foreldra sinna.

Það syrtir í állinn þegar dr. Lyons er myrtur á heimili sínu á grimmdarlegan hátt. Þá koma ýmis leyndarmál í einkalífi hans í ljós og eiginkona hans, sem glímir við Alzheimer-sjúkdóminn, er dregin inn í morðrannsóknina.

Það kemur í hlut dóttur þeirra hjóna að leysa móður sína undan ákærinni og finna ástæðuna fyrir morðinu á föður sínum.

Mary Higgins Clark hefur ritað rúmlega 30 spennusögur sem hafa selst í metuppögum um allan heim árum saman.


312 bls.

**Bókaforglgið Bifröst**

ISBN 978-9935-412-27-0/-28-7

Leiðb.verð: 4.980 kr. Innbundin


2.980 kr. Kilja



**Umskipti**

**Mo Yan**  
 Þýð.: Böðvar Guðmundsson  
 Höfundurinn rifjar upp atvik sem endurspeglar sögu kommúnismans í Kína á 30 ára tímabili. Ekki er allt sem sýnist því mörk raunveruleika og skáldskapar eru skemmtilega óljós. Mo Yan hlaut Nóbelsverðlaun árið 2012  
 126 bls.

**Uppheimar**  
 ISBN 978-9935-432-95-7 Kilja



**Ungfrú Einmana**  
 Nathaniel West  
 Þýð.: Atli Magnússon  
 Ein af áhrifamestu skáldsögum bandarískra bókmennta á 20. öld. Svört kómédia sem gerist í New York á bannár-

unum í upphafi kreppunnar miklu.  
 144 bls.  
**Ugla**  
 ISBN 978-9935-21-027-2 Kilja



**Útlagi**  
 Jakob Ejersbo  
 Þýð.: Páll Baldvin Baldvinsson  
 Útlagi gerist í Tansaníu á níunda áratugnum. Samantha er fimmtán ára og finnst hún hvergi eiga heima. Hún leiðist út í vímuefnaneyslu og verður smám saman sinn versti óvnr. Hér er opnað inn í „heim sem hvergi er að finna í samtímabókmenntum Evrópu“, segir í eftirmála þýðanda.  
 367 bls.  
 FORLAGIÐ  
**JPV útgáfa**  
 ISBN 978-9935-11-333-7 Kilja




**Veidihundarnir**  
 Jørn Lier Horst  
 Þýð.: Örn Þ. Þorvarðarson  
 Glerlykillinn 2013.  
 Besta norska glæpasagan 2012.  
 William Wisting er leystur frá störfum sakaður um að hafa hagrætt sönnunargögnum í morðmáli.  
 Alla sína starfsævi hefur hann rannsakað glæpamál. Nú er hann hinn grunaði og verður að gera allt sem hann getur til að sanna sakleysi sitt.  
 360 bls.  
**Draumsýn ehf.**  
 ISBN 978-9935-444-59-2  
 Leiðb.verð: 2.999 kr. Kilja



**Verndarenglar**  
 Kristina Ohlsson  
 Þýð.: Jón Danielsson  
 Sundurhlutað lík ungrar stúlku finnst í skóglendi í Stokkhólmi. Tvö ár eru síðan hún hvarf. Og skógurinn geymir fleiri leyndarmál. Á elliheimili í grennd dvelur kona sem hefur pagað í þrjátíu ár – yfir hverju? Snjöll og óhugnanleg saga um málsrannsókn sem breytist í martröð.  
 526 bls.  
 FORLAGIÐ  
**JPV útgáfa**  
 ISBN 978-9935-11-341-2 Kilja



**Vitnið**

Nora Roberts

Þýð.: Snjólaug Bragadóttir  
Unglingsstúlka í uppreisn verður vitni að morðum rússnesku mafíunnar. Hún leggur á flóttu og lifir eftir það í tólf ár undir fölsku flaggi og óttast stöðugt að hún finnist og verði drepin. En þá kynnist hún lögreglustjóranum í Bickford sem finnur sig knúinn til að leysa gátuna í lífi hennar. Rómantísk spennusaga eftir margfalðan metsöluhöfund. 460 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2214-9 Kilja



**Það sem við tölum um þegar við tölum um ást**  
Raymond Carver

Þýð.: Óskar Árni Óskarsson

Eitt besta smásagnasafn í heimi, loksins komið út á íslenku.

154 bls.

**Þjartur**

ISBN 978-9935-454-07-2 Kilja

**Þerraðu aldrei tár án hanska**

Ástin

Jonas Gardell

Þýð.: Draumej Aradóttir

Það sem sagt er frá í þessari sögu hefur gerst. Það gerðist í borg sem heitir Stokkhólmur, mitt á meðal fólksins sem þar lifir. Í þessari borg, þar sem flestir héldu áfram að lifa lífi sínu eins og ekkert hefði í skorist, fóru ungir menn að veikjast, veslast upp og deyja.

Þessi saga lýsir atburðum sem áttu sér stað í raun og veru. Hún er sannleikanum samkvæm.

Ég var einn þeirra sem lifði af. Þetta er saga mín og vina minna. 294 bls.

**Draumsýn ehf.**

ISBN 978-9935-444-46-2

Leiðb.verð: 2.999 kr. Kilja

**Þerraðu aldrei tár án hanska**

Sjúkdómurinn

Jonas Gardell

Þýð.: Draumej Aradóttir

Það sem sagt er frá í þessari sögu hefur gerst. Það gerðist í borg sem heitir Stokkhólmur, mitt á meðal fólksins sem þar lifir. Í þessari borg, þar sem flestir héldu áfram að lifa lífi sínu eins og ekkert hefði í skorist, fóru ungir menn að veikjast, veslast upp og deyja.

Þessi saga lýsir atburðum sem áttu sér stað í raun og veru. Hún er sannleikanum samkvæm.

Ég var einn þeirra sem lifði af. Þetta er saga mín og vina minna. 272 bls.

**Draumsýn ehf.**

ISBN 978-9935-444-57-8

Leiðb.verð: 2.999 kr. Kilja

**Þú speglar mig**

Sylvia Day

Þýð.: Þórdís E. Þorvaldsdóttir

„Jóðheit bók sem krefst hraðra síðuflettinga.“

– Glamour

„... Nánast ávanabindandi.“

– Víkan

„... það sem Fimmtíu gráir skuggar hefði getað orðið“


– The Book Pushers

354 bls.

**Lesbók ehf.**

ISBN 9789935220714

Leiðb.verð: 3.290 kr. Kilja

**Ærlegi lærlingurinn**

Vikas Swarup

Þýð.: Ísak Harðarson

Sapna Sinha er ung afgreiðslustúlka á lúsarlaunum sem fær ótrúlegt tilboð frá auðmanni um hálaunastarf – en til þess að fá það þarf hún að leysa sjö þrautir. Hvað gengur manningum til? Þegar hún lætur slag standa hefst æsileg atburðarás. Hvar endar þetta og hvaða leyndarmál eiga eftir að afhjúpast? Vikas Swarup er höfundur met-söluþókarinnar *Viltu vinna milljarð?* og hér er komin önnur þeysireið um litríkt og einstætt samfélag Indlands. 431 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-359-7 Kilja

# Skáldverk

## « HLJÓÐBÆKUR »



### Brynhjarta

Jo Nesbø

Með stuttu millibili finnst lík tveggja kvenna í Oslo. Af dularfullum áverkum í munnri þeirra dregur lögreglan þá ályktun að þær hafi verið myrtar af sama ódæðismanninum.

Hjálmar Hjálmarsson leikari les.

🔊 1100 mín.

Hljóðbók.is

ISBN 9789935220721



### Dalalíf – öll 5 bindin

Guðrún frá Lundi

5 bindi saman í pakka.

Mannleg og á köflum afar myndin lýsing á íslensku bændasamfélagi fyrri tíma.

Þórunn Hjartardóttir les.

🔊 6000 mín.

Hljóðbók.is

ISBN 9789935220813



### Ég læðist fram hjá öxi

Beate Grimsrud

Lydía elst upp við erfiðar aðstæður í barnmargri fjölskyldu í norskum smábæ. Ljúfsár saga full af húmor og mannskilningi, en hún var tilnefnd til Norrænu bókmenntaverðlaunanna.

Hjalti Rögnvaldsson leikari les.

🔊

Hljóðbók.is

ISBN 9789935220769



### Fiskarnir hafa enga fætur

Ættarsaga

Jón Kalman Stefánsson

Jóhann Sigurðarson les.

Stórbróttin ættarsaga fólks sem elskar og þjáist, leitar og flýr, saga um sársauka og söknuð, ofbeldi og kvóta-laust haf.

🔊

Skynjun

Dreifing: Sena

ISBN 978-9935-18-062-9

ERTU BÚINN(A) AÐ  
FINNA ÞÍNA JÓLABÓK?



nettó





### Gagnvegir

Ari Trausti Guðmundsson


Bráðskemmtilegar og fróðlegar ferðamíningar frá fjölmörgum stöðum sem höfundur hefur sótt heim.

Höfundur les.

🔊 900 mín.

Hljóðbók.is

ISBN 9789935220790



### Góði dátinn Svejk

Jaroslav Hašek

Hér er ljóslifandi og sprellifandi ein frægasta skemmtisaga sem skrifuð var á 20. öld, í flutningi Gísla Halldórs-sonar leikara. Öll bókin á 2 Mp3-diskum.

🔊 960 mín.

Hljóðbók.is

ISBN 9789935220738



### Gísli á Uppsölum

Ingibjörg Reynisdóttir

Höfundur segir sögu einbúans í Arnarfirði á hlýjan og aðgengilegan hátt, svo bæði ungr og gamlir geta notið. Sérlega falleg hljóðbók.

Kristján Franklín Magnúss leikari les.

🔊 195 mín.

Hljóðbók.is

ISBN 9789935220707



### Grimm

Skáldsaga byggð á sömum atburðum

Stefán Máni

Baldur Trausti Hreinsson les.

Lögreglumaðurinn Hörður Grímsson rannsakar líkamsárás í undirheimunum þegar siðblindur faðir rænr mánaðargömlu barni sínu og hyggst koma því úr landi. Hjálp berst úr óvæntri átt – en er bjargvætturinn fól eða frelsari? Flugbeitt saga úr

hulduheimi – sem stendur okkur þó óþægilega nærri.

🔊

Skynjun

Dreifing: Sena

ISBN 978-9935-18-058-2



### Lygi

Yrsa Sigurðardóttir

Katla Margrét Þorgeirsdóttir les.

Gamlar syndir, nýjar lygar, óhugnanlegar tilviljanir. Yrsa bregst ekki lesendum sínum í nýrri og spennandi glæpa-sögu.

🔊

Skynjun

Dreifing: Sena

ISBN 978-9935-18-065-0



### Maður sem heitir Ove

Fredrik Backman

Ove er 59 ára og ekur um á Saab. Í augum nágrannanna

er hann beiskjan og smámunasemin uppmáluð. En þegar nýir nágrannar banka upp á hjá Ove tekur líf hans óvænta stefnu.

Hjartnæm, sár og spreng-hlægileg saga um hallarbyltingu í hverfissamtökum, grimma æsku, djúpa ást og myrka sorg. Og Saab. Þessi bók fer nú sannkallaða sigurför um heiminn.

Hjálmar Hjálmarsson leikari les.

🔊

Hljóðbók.is

ISBN 9789935220806



### Mánasteinn

Drengurinn sem aldrei var til Sjón

Jóhann Sigurðarson les.

Árið er 1918 og frá Reykjavík má sjá eldgos í Kötlu mála himininn nótt sem dag. Drengurinn Máni Steinn lifir í kvikmyndunum. Sofandi dreymir hann myndirnar í tilbrigðum þar sem vefur atburðanna er slunginn þráðum úr hans eigin lífi. En þá tekur spænka veikin land og leggur þúsundir bæjarbúa á sóttarsæng. Það súgar milli heima í veröld þar sem líf og dauði, veruleiki og ímyndun, leyndarmál og afhjúpanir vegast á.

🔊

Skynjun

Dreifing: Sena



ISBN 978-9935-18-063-6

nettó

HVAÐA  
BÓK



VILT  
ÞÚ  
GEFA  
?



**Síðasta bréfið til Svíþjóðar**

Vilhelm Moberg

Vesturfarnir, síðasta bindi.


Karl Óskar flyst búferlum frá Svíþjóð til Ameríku, eins og margir aðrir um miðja 19. öld.

Einstakur bókaflokkur í frábærum upplestri Hjalta Rögnvaldssonar, leikara.

🔊 900 mín.

**Hljóðbók.is**

ISBN 9789935220776



**Skuggasund**

Arnaldur Indriðason

Stefán Hallur Stefánsson les.

Einstæðingur finnst látinn í íbúð sinni í Reykjavík og blaðaúrklippur í fórum hans vekja forvitni lögreglu, en þar er sagt frá óhugnanlegu morði við Þjóðleikhúsið árið 1944. Hér fetar Arnaldur


ótroðnar slóðir í fylgd nýrra sögupersóna.



**Skynjun**

Dreifing: Sena

ISBN 978-9935-18-061-2



**Tímakistan**

Andri Snær Magnason

Andri Snær Magnason les.


Eitthvað furðulegt hefur gerst. Mannkynið húkir inni í draugalegum kössum og bíður betri tíma, en á meðan hefur náttúran yfirtekið borgirnar. Hvað kom fyrir? Enginn getur svarað því nema gömul kona sem vakir í einu húsanna. Áratugum saman hefur hún safnað sögum um prinsessuna af Pangeu og föður hennar, Dímon konung, sem í árdaga sigraði heiminn og reyndi að því loknu að sigrá tímann. Margslungið ævintýri fyrir lesendur á öllum aldri eftir margfaldan verðlaunahöfund.



**Skynjun**

Dreifing: Sena

ISBN 978-9935-18-060-5



**Tunglið braust inn í húsið**

Þýð.: Gyrðir Eliasson

Ljóðabók sem fékk tilnefningu til íslensku þýðingarverðlaunanna.

Hjalta Rögnvaldsson leikari les.



**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-41-774-9



**Útkall - Lífróður**

Óttar Sveinsson

Bókin segir á áhrifamikinn hátt frá björgunarafreki á Langjökli og þegar Stígandi frá Ólafsfirði fórst norður í Íshafi. Áhöfninni bjargað eftir nokkra daga vist um borð í björgunarbáti.

Höfundur les.



**Hljóðbók.is**

ISBN 9789935220783

# Freistingar Thelmu

er bók fyrir alla sem hafa gaman af því að bera fram gómsætar og fallegar freistingar. Í bókinni eru uppskriftir að kökum, sætum bitum eftirrétum og ís sem henta við öll tækifæri. Einnig er kafli tileinkaður barnaafmælum.



## FLUGVEIÐIRÁÐ

er hagnýt heilræðabók með fjölda skýringamynda fyrir fluguveiðimenn. Stefán Jón Hafstein hefur skrifað um fluguveiðar í nær tvo áratugi og miðlar hér af reynslu sinni við að segja byrjendum og lengra komnum til.



## Hrímfaxi

Hinn fjórtánda apríl 1963 fórst Hrímfaxi, flugvél Flugfélags Íslands, í aðflugi að Fornebu-flugvelli í Osló. Tólf manns voru um borð og létust allir. Í þessari bók er ljósi brugðið á hvað gerðist þennan örlagaríka dag í Osló.

# Ljóð og leikrit



**48**  
Halla Margrét Jónhannesdóttir  
Í ljóðabókinni 48 eftir Höllu Margréti Jónhannesdóttur má lesa og upplifa næma tilfinningu fyrir andartakinu sem eitt sinn var. Horft er til baka ýmist með glettni og gáska eða þrá og visku. Í ljóðunum skiptast á ólík tímasteið og sjónarhorn þar sem húmorinn er aldrei langt undan.

48 er fyrsta ljóðabók Höllu Margrétar sem um árabíl hefur starfað sem leikari og leikstjóri.

**Nikka forlag**  
ISBN 978 9979 72 379 0  
Leiðb.verð: 2.699 kr.




**Að hjara heims**  
Manfred Peter Hein  
Ný ljóðabók eftir þýska skáldið Manfred Peter Hein, en áður hefur birst eftir hann en áður hefur birst eftir hann á íslensku, ensku, dönsku og þýsku ljóðabókin Milli vetrar og vetrar. Einnig hafa birst ljóð eftir Hein í blöðum og tímaritum hér á landi. Ljóð hans eru myndræn og knöpp og er leitun að eins mikilli tjáningu í svo fáum orðum. Einstök upplifun fyrir ljóðaunnendur. Inngang ritar Gauti Kristmannsson og ritstjóri verksins er Ástráður Eysteinsson.

**Þýðingasetur Háskóla Íslands**  
Dreifing: Háskólaútgáfan  
ISBN 978-9935-9174-1-6  
Leiðb.verð: 2.500 kr. Kilja



**Af kynjum og víddum ... og loftbólum andans**  
Pétur Örn Björnsson  
Pétur Örn Björnsson er fæddur á Sauðárkróki árið 1955. Hann lauk BA prófi í bókmenntafræði árið 1980, hóf síðan nám í arkitektúr og útskrifaðist sem arkitekt árið 1986. Allt frá unglingsárum hefur Pétur Örn fengist við ljóðaskrif og hafa nokkur þeirra birst í blöðum og tímaritum. Þetta ljóðsafn er fyrsta þversnið höfundar í myndarlegan ljóðahaug sem hann hefur safnað í gegnum árin.

**Bókabeitan ehf.**  
ISBN 978-9935-453-99-0



**Árleysi alda**  
Bjarki Karlsson  
Árleysi alda eftir Bjarka Karlsson verður að teljast fagnaðarefni fyrir ljóðaunnendur en bókin hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2013. Ort er undir hefðbundnum bragarháttum og komið víða við í bragsögunni. Efnistökin eru engu að síður nútímaleg og einstaklega fjörleg. Höfundurinn hefur ákveðnar skoðanir og er óhræddur við að flíka þeim.

**Uppheimar**  
ISBN 978-9935-462-19-0 Kilja





### Bjarg

Sigurín Bjarney Gísladóttir

Yfirlétt þykja blokkir ekki kjörlendi ljóða en þessi bók afsannar það. Fangað er eitt afdrifaríkt andartak í lífi blokkarinnar, lítið við í öllum hugskotum og ferðast upp eftir stigagöngunum uns komið er á efstu hæð. „Flott bók, skemmtilegur þverskurður af þjóðfélaginu og margir minnisstæðir karakterar.“ – ÞH/Kiljan


112 bls.

FORLAGIÐ

### Mál og menning

ISBN 978-9979-3-3363-0

Óbundin



### Bók bókanna, bækur ljóðanna. Alljóðaverk

Stefán Snævarr

Þessi bók samanstendur af samtengdum undirbókum

rétt eins og Biblían. Þess vegna kallast hún „Bók bókanna“. Jafnframt spannar hún öll svið ljóðsins, þar af leiðandi er hún „Bók ljóðanna“ og „Alljóðaverk“, samanber „allistaverk“ (þý. Gesamtkunstwerk). Allistaverk skapar eina heild úr fleiri gerðum lista, alljóðaverk eina heild úr fleiri kvæðasviðum.

Stefán Snævarr fæddist í Reykjavík árið 1953. Hann er prófessor í heimspeki við Lillehammerháskóla í Noregi. Þetta er fimmtánda bók hans. Níu þeirra eru skáldverk, sex fræðirit.

203 bls.

Stefán Snævarr

ISBN 978-9979-72-259-5

Leiðb.verð: 5.000 kr.



### Bæjarleið

Ari Trausti Guðmundsson

„Langt er liðið frá fyrstu heimsókn minni til bæjarins. Þá var farartækið lítið stálskip. Ég valdi fremur sjóferð en bílferð af því að strandsiglingar voru enn við lýði og aðkoma af sjó fljótleg og forvitnileg.“

Ari Trausti yrkir hér bálk um sjómann og einstæðing af næmi og innsæi – um hlutskipti manns sem þrátt fyrir einangrun lifir í sátt við umhverfi sitt og samfélag.

72 bls.

Uppheimar

ISBN 978-9935-462-18-3 Kilja



### Ekkert nema strokleður

Mazen Maarouf

Úrval ljóða eftir palestínska skáldið sem um skeið hefur búið og starfað í Reykjavík. Þessi tvímála útgáfa á arabísku og íslensku hefur hlotið afbragðs viðtökur. Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Kári Tulinius og Sjón íslenskuðu.

71 bls.

Dimma ehf.

ISBN 9789935401229

Leiðb.verð: 2.699 kr.



### Ekki einhöm

Berglind Gunnarsdóttir

Efni ljóðanna í þessari bók er margbreytilegt; þau spanna viðnám tímans, feðurð andartaksins og harm dauðans, ástina og skáldskapinn.

50 bls.

Ormstunga

ISBN 978-9979-63-122-4 Kilja





### Elst milli hendinga

Þóra Jónsdóttir

Þóra frá Laxamýri er ein athyglisverðasta samtíma-skáldkona okkar. Hún bregður upp ljóslifandi myndum úr fortíð og nútíð í ljóðum sem hafa sterkan heildarsvip og skapa djúp hughrif.

64 bls.

Salka

ISBN 978-9935-17-114-6



### Glæður og blossar

Sævar Sigbjarnarson

Bókin er sú þrettánda í flokknum Austfirsk ljóð-skáld. Hún skiptist í fimm kafla, Æskuljóð, Órar og ef til vill skáldskapur, Úr önnum daganna, Léttúðug trúarljóð, Ávörp og afmælskveðjur og er fyrsta ljóðabók Sævars. Höfundur er mikið niðri fyrir, hvort sem hann á samræðu við lesendur, almættið, systkini sín eða sveitunga.

87 bls.

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi

ISBN 978-9935-410-14-6

Leiðb.verð: 4.480 kr.



### Ég fór hvernig – Sjálfhverf ljóð

Jóna Guðbjörg Torfadóttir

Þetta er fyrsta ljóðabók höfundar en stöku ljóð hafa áður birst á prenti. Bókin geymir sjálfhverf ljóð sem hverfast um uppgjör við fortíðina og gera atrennu að sátt við lífandi stund.

72 bls.

Jóna Guðbjörg Torfadóttir

ISBN 978-9979-72-192-5

Leiðb.verð: 2.499 kr. Kilja



### Heimsendir fylgir þér alla ævi

Eva Rún Snorradóttir

Hér kveður sér hljóðs nýtt Reykjavíkurskáld. Kviss, búmm, bang!

42 bls.

Bjartur

ISBN 978-9935-454-22-5 Kilja



### Hnefi eða vitstola orð

Eiríkur Örn Norðdahl

Ágeng og nokkuð harðneskjuleg ljóð, ort meðan Ísland brann. ★★★★★ „Eiríkur Örn ... rífur upp gengi ljóðsins um leið og hann fylgist með krónunni verða að engu. Bráðskemmtileg ljóðabók.“ – JBG/Fréttablaðið

144 bls.

FORLAGIÐ

Mál og menning

ISBN 978-9979-3-3397-5

Óbundin



### Hvert sem ég lít

Bjarni Valtýr Guðjónsson

Hvert sem ég lít er fjórða ljóðabók Bjarna Valtýs Guðjónssonar, en áður útkomnar eru: *Ég leita þín vor* (2009), *Á sólnæturtilið* (2010) og *Döggin skær* (2011).

Eins og fyrri daginn hefur höfundur leitast við að

endursegja í ljóði allnokkurn forða fornsagnabrota samhliða atburðalýsingum af vettvangi síðari tíma.

Stórbrötin náttúra er höfundur einnig ofarlega í huga og landlýsingar nokkrar. Gróðurfar í sinni endalausum fjölbreytni verður þá eigi með öllu útundan og fuglalífið fær þar einnig sinn skerf.


68 bls.

Sigurjón Þorbergsson

Dreifing: Margmiðlun

Jóhannesar og Sigurjóns

ISBN 978-9935-9066-3-2 Kilja



### Innsævi

Ferdinand Jónsson

„Beinlínis fögur [ljóðabók] hvar sem á hana er litið.“


Védís Skarphéðinsdóttir

47 bls.

Veröld

ISBN 978-9935-440-23-5 Kilja





**Í norðanvindi og vestanblæ**

Rúnar Kristjánsson  
Skagaströnd

Rúnar Kristjánsson á Skagaströnd er einn af kunnari hagrýðingum þessa lands. Hann yrkir á hefðbundinn hátt.

112 bls.

**Vestfirska forlagið**

ISBN 978-9935-430-49-6

Leiðb.verð: 2.400 kr.

*Áfram liður, aldrei biður,  
örhratt skríður tímans fley.  
Gefur engi griðin lengi  
né gegnir mengi, sei sei nei.*

66 bls.

**EPE**

ISBN 978-9979-72-433-9

Leiðb.verð: 2.000 kr. Kilja



**Laufin á regntrénu**

Sveinn Snorri Sveinsson

*Laufin á regntrénu* er niunda ljóðabók Sveins Snorra. Í henni má finna myndrík ljóð sem segja sögu af ást og hamingju um leið og þau eru frásögn um missi og sorg.

130 bls.

**Sveinn Snorri Sveinsson**

ISBN 9789979723943

Leiðb.verð: 3.800 kr. Kilja



**Sjálfgött fugl – III**

**Kvæð hver?**

*Kveður og kvæði*

Eyvindur P. Eiríksson

Frá Eyvindi hafa komið yfir 30 skáldverk og hér birtist kveðskapur af ýmsum toga allt frá lausavísu upp í drápur dróttkvæðar. Þriðja bók hans í Fuglasafnið. Njótist og nýttist!



# LJÓÐIÐ LIFIR



VIÐ ERUM STOLT AF METNAÐARFULLRI  
ÚTGÁFU GÓÐRA LJÓÐABÓKA

ALLT FRÁ NÓBELSSKÁLDUM  
TIL FERSKRA NÝGRÆÐINGA





### Ljóð 1954–2004

Tomas Tranströmer

Þýð.: Njörður P. Njarðvík

Útgáfa þessi sætir tíðindum þar sem hér er um heildarsafn útgefna ljóða hins dáða Nóbelskálds að ræða. Tomas Tranströmer er einn sárafárra sænskra rithöfunda sem hafa haft áhrif á bókmenntir heimsins. Mikilsháttar skáld um víða veröld hafa orðið fyrir djúpum áhrifum af list hans.

362 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-462-13-8 Kilja



### Ljóð í leiðinni

Skáld um Reykjavík

Inng.: Ármann Jakobsson

Kvæðasafnið inniheldur 27 ljóð um borgina eftir jafnmörg Reykjavíkurskáld. Flest ljóðin eru ný og samin í til-

efni útgáfunnar en höfundar bókarinnar eru þekkt skáld í blandi við ungskáld. Bókin er gefin út í samstarfi við Reykjavík bókmenntaborg UNESCO í tilefni Lestrarhátiðar í Reykjavík 2013.

36 bls.

**Meðgönguljóð**

ISBN 9789935916105

Leiðb.verð: 1.999 kr. Kilja



### Ljóðaúrval

Jónas Hallgrímsson

Umsj.: Böðvar Guðmundsson

Allt frá fyrstu tíð hafa kvæði Jónasar verið tungutóm löndum hans, ungum sem öldnum. Nú hefur Böðvar Guðmundsson valið úr þeim, skrifað formála um skáldið, líf þess og list, og auk þess aðfaraorð og skýringar við hvert kvæði. Þetta er Jónas fyrir nýja kynslóð á nýrri öld.

**Mál og menning**

FORLAGIÐ

ISBN 978-9979-3-3390-6

### Ljóðdómur

ævisaga í ljóðum

Ingimar Erlendur Sigurðsson

Þessi ljóðabók Ingimars Erlendar Sigurðssonar er óvenjuleg að því leyti að hún er í tveim bindum og er eins konar ævisaga höfundarins í ljóðum. Auk þess eru bæði bindin ríkulega myndskreytt af höfundu, bæði litmyndir og teikningar.



### Sigurjón Þorbergsson

Dreifing: Margmiðlun

Jóhannesar og Sigurjóns

ISBN 978-9935-9066-1-8 Kilja



### Ljóðnæði

Róbert Jack

á meðan þú lest / þetta hér /

og hér / áttu næði / í nokkur


andartök

Þetta er fyrsta ljóðabók höfundarins sem er heim-spekingur að mennt. 74 bls.

**Róbert Jack**

ISBN 978-9979-72-415-5

Leiðb.verð: 2.000 kr. Kilja



### Ljóðtímasafn

Sigurður Pálsson

Í *Ljóðtímasafni* eru þrjár ljóðabækur Sigurðar Pálssonar, *Ljóðtímaskyn*, *Ljóðtímaleit* og *Ljóðtímavagn*. Áður hafa komið út safnbækurnar *Ljóðvegasafn*, *Ljóðnámusafn* og *Ljóðlínusafn* sem hver geymir þrjár bækur skáldsins. „Það má greina ákveðna stígandi í bókum hans og þróun í átt til yfirvegunar og einföldunar. En sem betur fer heldur hann sköpunarkrafti sínum og dirfsku [...] þegar allt kemur til alls er það fjölbreytt sjónarhorn og víðsýni sem er aðall Sigurðar Pálssonar sem ljóðskálds.“ – GS/TMM 2000

223 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-375-7

Óbundin



### Ljúflingsljóð – leikgerð

Lárus Jón Guðmundsson

Leikgerð byggð á frumortu barnabókinni *Ljúflingsljóðum*. Kjörin fyrir metnaðarfulla leik- og grunnskóla sem vilja



uppfærslu sem fléttar saman íslensku, myndlist, leiklist, tónmennt, sauma, smíðar og framsögn. Sjá [www.hugall.is](http://www.hugall.is) 32 bls.

**Hugall ehf.**

ISBN 978-9979-9746-3-5

Leiðb.verð: 14.890 kr.



**meðgönguljóð**

*Unglingar*

Arngunnur Árnadóttir

„meðgönguljóð“ er ljóðabókasería. Nafn seríunnar vísar í tilgang hennar, sem er að veita óþekktum sem þekktum ljóðskáldum rými til að prófa sig áfram á nýjum slóðum. Bækurnar í seríunni eru prentaðar í takmörkuðu upplagi og er hver bók einstök, sérmerkt og handsaumuð.

16 bls.

**stella útgáfa**

ISBN 978-9935-447-02-9

Leiðb.verð: 499 kr. Kilja



**Meðgönguljóð**

*Stofunyrkur*

Berggrún Anna Hallsteinsdóttir

„Meðgönguljóð“ er ljóðabókasería. Nafn seríunnar vísar í tilgang hennar, sem er að veita óþekktum sem þekktum ljóðskáldum rými til að prófa sig áfram á nýjum slóðum. Bækurnar í seríunni eru prentaðar í takmörkuðu

upplagi og er hver bók einstök, sérmerkt og handsaumuð.

16 bls.

**Meðgönguljóð**

ISBN 9789935916112

Leiðb.verð: 699 kr. Kilja



**Nei**

Ari Jósefsson

Ný aukin útgáfa þessarar heillandi ljóðabókar sem heldur nafni höfundar á lofti þótt hann hafi legið í sinni votu gröf í bráðum hálföld. Smásögur Ara og áður óbirt ljóð fylgja. „Undragóð ljóð ... einfaldlega bók sem sannir ljóðauennendur verða að eiga í bókaskápnunum ætli þeir að standa undir nafni.“ – KB/Morgunblaðið 88 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3356-2

Óbundin



**Nætur (b)rölt**

Sigrún Guðmundsdóttir

*Nætur(b)rölt* samanstendur af örsögum og hugrenningum sem saman mynda eina sögu. Við fylgjum sögupersónunni á flakki um borgina og á milli hugarheima ólíkra persóna sem á ákveðinn hátt tengjast. Sagan á sér stað yfir eina nótt en tíminn er þó afstæður. *Nætur(b)rölt* er fyrsta bók Sigrúnar Guðmundsdóttur. 46 bls.

**Bókafélagið (BF-útgáfa)**

ISBN 978-9935-426-79-6 Kilja



**Ósamstæður**

Stefán Sigurkarlsson

Frumort ljóð og þýðingar á ljóðum eftir chileska nóbelsverðlaunaskáldið Pablo Neruda. Þar ber hæst nýja þýðingu á „Tuttugu ljóðum um ást“ sem sætir nokkrum tíðindum þar sem þau hafa áður komið út í íslenskum búningi, en efnistökin hér eru mjög frábrugðin fyrri þýðingu. Enn fremur þýdd ljóð eftir Octavio Paz, T.S. Eliot og James Joyce.

63 bls.

**Ormstunga**

ISBN 978-9979-63-116-3 Kilja





### Skessukatlar

Þorsteinn frá Hamri

Heillandi, persónuleg ljóðabók, í senn hlý og beitt. Endurtekið stef er margslungin tengsl nútíma og fortiðar. ★★★★★ „Heilsteypt og fjölbreytt ljóðabók eftir eitt af okkar allra bestu skáldum.“ – JYJ/Fréttablaðið

54 bls.

FORLAGIÐ

Mál og menning

ISBN 978-9979-3-3385-2



### Skuldunautar


Steinunn G. Helgadóttir

Önnur bók Steinunnar, sem 2011 sendi frá sér *Kafbátakórinn*, sama ár og hún hlaut Ljóðastaf Jóns úr Vör. Stíll Steinunnar er knappur, engu er ofaukið, en um leið tekst henni að galdra fram kröftugan seið sem er fullur af merkingu.

64 bls.

Uppheimar

ISBN 978-9935-462-00-8 Kilja



### Skyldi það vera

Stefanía G. Gísladóttir

Ættjarðarást endurspeglar sterkt í ljóðum höfundar sem fjalla um íslenska náttúru, fólk og æskuminningar. Hér er næm tilfinning fyrir íslensku máli og leikið með orð og andstæður.

80 bls.

Salka

ISBN 978-9935-17-108-5 Kilja



### Sonnettugeigur

Valdimar Tómasson

Þessi fallega og yfirlætislausu bók hefur að geyma sonnettur Valdimars Tómassonar um ástina og dauðann en íslensk skáld hafa löngum gripið til þessa suðræna bragarháttar

til að tjá með hátíðlegum hætti djúpar tilfinningar. Skáldið sýnir hér listatök á þessu krefjandi formi.

38 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-413-6

Óbundin



### sonur

Ásta Björk Sveinbjörnsdóttir

Myndir: Gréta V.

Guðmundsdóttir

Bókin *sonur* er fyrsta ljóðabók Ástu Bjarkar en þar yrkir hún til minningar um látinn son sinn, Svein Bjarka Sigurðsson.

Gréta V. Guðmundsdóttir hannaði bókina.

87 bls.

Blómatorgið

ISBN 978-9979-72-442-1

### Stolin krækiber

Skopmyndaskreytt úrval vísnaþátta úr *Skessuhorni*

Dagbjartur Dagbjartsson

Myndskr.: Bjarni Þór

Bjarnason

Úrval vísnaþátta sem birst hafa síðustu fimmtán ár í *Skessuhorni*. 1.760 tækifæris- og lausavísur höfunda víðsvegar af landinu. Dagbjartur Dagbjartsson safnaði, skráði og tengdi saman í lifandi frásögn. Myndskreytt með 128



skopteikningum Bjarna Þórs Bjarnasonar.

252 bls.

Skessuhorn ehf.

ISBN 978-9979-9828-1-4 Kilja



### Tími kaldra mána

Magnús Sigurðsson

Þriðja ljóðabók Magnúsar, sem einnig hefur sent frá sér ljóðþýðingar, smásagnasafn og greinasöfn. Magnús Sigurðsson er handhafi Ljóðstafs Jóns úr Vör 2013 og hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar fyrir fyrstu ljóðabók sína, *Fiðrildi, mynta og spörfuglar Lesbíu*.

Sterk og einlæg ljóð sem sýna að skáldið slær hvergi af kröfum til yrkisefna og tungumáls.

80 bls.

Uppheimar

ISBN 978-9935-432-97-1 Kilja




**Undir ósýnilegu tré**  
Sigríður Jónsdóttir  
Þriðja ljóðabók Sigríðar Jónsdóttur í Arnarholti. Fyrri bækur Sigríðar hafa fengið frábærar viðtökur og viðurkenningar.  
90 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**  
ISBN 978-9935-9099-8-5  
Leiðb.verð: 1.990 kr.




**Undir vernd stjarna**  
Þýð.: Jón Kalman Stefánsson  
Átján skáld frá ýmsum löndum, fædd 1891 til 1953. Jón Kalman valdi, þýddi og ritaði eftirmála.  
152 bls.

**Bjartur**  
ISBN 978-9935-454-14-0



**Þegar gullið er hreint**  
*Ljóðmæli Magnúsar Jónssonar frá Sólvangi.*  
Umsj.: Vésteinn Ólason  
Magnús Jónsson (1875–1946) var formaður og ritstjóri í Vestmannaeyjum. Hann var skáldmæltur, orti m.a. mörg erfiljóð. Í bókinni eru ljóð Magnúsar, samantekt um ævi hans og niðjatal.  
159 bls.

**Hallfreður**  
ISBN 978-9979-72-428-5  
Leiðb.verð: 3.500 kr.



**Púfnatal**  
Guðbrandur Siglaugsson  
Þetta er 12. ljóðabók Guðbrands, sem síðast sendi frá sér bókina *Höfuð drekans á vatninu* (2011). Skáldið býr að afar persónulegu og heillandi ljóðmáli sem nýtur sín til fulls í þessari bók.  
66 bls.

**Uppheimar**  
ISBN 978-9935-432-96-4 Kilja

KYNNTU ÞÉR ÚRVAL  
NÝRRRA LJÓÐABÓKA



**BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG**

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGINA 23.-24. NÓV. 2013

Dagskrá hátíðarinnar má finna á [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)

# Endurútgáfur

## « ÍSLENSKAR »




Náttúran við bæjarvegginn  
**25 gönguleiðir á höfuðborgarsvæðinu**  
 Reynir Ingibjartsson  
 Hér eru 25 spennandi hringleiðir á höfuðborgarsvæðinu. Kort og leiðbeiningar fylgja sérhverjum gönguhring, ásamt umfjöllun um það sem fyrir augu ber.  
 161 bls.  
**Salka**  
 ISBN 978-9935-418-22-7 Kilja



### Að hætti Sígga Hall – Jólaréttirnir

Síggi Hall  
 Myndir: Lárus Karl Ingason  
 Hér fer sækera og listakokkurinn Síggi Hall á kostum í þessari bók þar sem jólaréttirnir eru aðal þemað. Uppskriftir og ýmis trix varðandi jólamatinn sem og glæsilegar myndir teknar af Lárusi Karli. Bók sem ætti að vera til á hverju heimili.  
 148 bls.  
**Litróf ehf.**  
 ISBN 978-9935-9016-4-4



### Af bestu lyst 1-3

Ymsir höfundar  
 Fáar íslenskar matreiðslubækur hafa notið viðlíka vinsælda og *Af bestu lyst* en fyrsta bókin í þessum flokki, sem unnin var af Hjartavernd, Krabbameinsfélaginu og Manneldisráði, kom út fyrir 20 árum. Tvær aðrar bækur fylgdu í kjölfarið og nutu einnig vinsælda. Bækurnar hafa allar verið uppseldar um skeið en ekkert lát er á eftirspurninni. Hér eru þær allar

saman komnar í einni bók, endurprentaðar í upphaflegri mynd og því hver með sínu sniði, en hollusta, fjölbreytni og bragðgæði eru ávallt í fyrirrúmi.  
 288 bls.  
**FORLAGIÐ**  
**Vaka-Helgafell**  
 ISBN 978-9979-2-2252-1



### Anna frá Stóruborg

Jón Trausti  
 Saga um ástir í meinum, samfélagsfjötra og skínhelgi – um konu sem berst fyrir sjálfstæði. Þessi margrómaða skáldsaga á jafn mikið erindi við lesendur nú og þegar hún kom út fyrir 99 árum.  
 278 bls.  
**Salka**  
 ISBN 978-9935-17-094-1 Kilja





### Arnaldur – endurútgáfur

Bettý  
Kleifarvatn

#### Arnaldur Indriðason

Unnendur glæpasagna fá aldrei nóg af bókum Arnaldar Indriðasonar og þær eldri eru endurútgefnar eftir þörfum. Í ár koma út Bettý og Kleifarvatn sem hafa verið uppseldar um skeið.

215 / 349 bls.

FORLAGIÐ

#### Vaka-Helgafell

ISBN 978-9979-2-2224-8/  
9979-2-2223-1 Kiljur



### Basil fursti 7. hefti

Niels Gustav Meyn (Óþekktur höfundur)

Út eru komin 7 hefti af hinum gamalkunnu og spennandi ævintýrum Basil fursta og hans trúfasta þjóns Sam Fox-trot. Einnig í rafbókum.

Hafið þér lesið Basil fursta?

80 bls.

#### Vestfirsk forlagið

ISBN 978-9935-430-40-3

Leiðb.verð: 950 kr.



### Blóðhófnir

Gerður Kristný

Hér flytur Gerður Kristný efni hinna fornu Skírnismála listilega í nútímalegt sögu-ljóð, fullt af átökum, harmi og trega, og talar sterkt til samtímans. Gerður hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir *Blóðhófnir* 2010.

122 bls.

FORLAGIÐ

#### Mál og menning

ISBN 978-9979-3-3402-6 Kilja



### Galdraskræða

Skuggi (Jochum M.

Eggertsson)

### Formáli: Þórarinn Eldjárn

Myndskr.: Arnar Fells

#### Gunnarsson

Galdraskræða Skugga (1896–1966) er eitt stærsta heildar-safn galdra á Norðurlöndum. Í henni er að finna á annað hundrað galdrastafi og útskýringar á þeim, þrettán tegundir málrúna, kenningar þeirra og margskonar galdra-letur. Bókin var ófánleg um langt skeið en hefur nú loks verið endurútgefin með nýju sniði.

192 bls.

#### Lesstofan

ISBN 978-9935-9089-7-1



### Gunnlaðar saga


Svava Jakobsdóttir

Í Þjóðminjasafni Dana heyrir brothljóð. Ung íslensk stúlka er handtekin með forsögu-legt gullker í höndunum, ómetanlegan þjóðardýrgrip. Móðir hennar fer til Kaupmannahafnar til að leggja henni lið en ferðalagið verður lengra en ætlað var og breytist í leiðangur um goðsagnir og veruleika, sannleika og lygi, ást og vald. *Gunnlaðar saga* var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs og þýdd á nokkur tungumál og vinsæl leiksýning var gerð eftir skáldsög-

unni. Eftirmáli eftir Sigrúnu Margræti Guðmundsdóttur. Íslensk klassík Forlagsins. 231 bls.

#### Forlagið

ISBN 978-9979-53-592-8 Kilja



### Gönguleiðir

Páll Ásgeir Ásgeirsson

Ferðir um óbyggðir Íslands njóta sívaxandi vinsælda. Hér er vísað til vegar um nokkrar af vinsælustu gönguleiðum landsins; Kjalveg, Öskjuveg, Lönsöræfi, „Laugavegin“ og Fimmvörðuháls. Göngufólki er fylgt dag frá degi, bent á helstu náttúruundur á leiðinni, vísað á náttstaði og leiðbeint um útbúnað og kost. Hverri gönguleið fylgja góð kort auk fjölda ljós-mynda. Bókin er jafnt ætluð þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í útvist og hinum sem öðlast hafa meiri reynslu.

128 bls.

FORLAGIÐ


#### Mál og menning

ISBN 978-9979-3-3348-7

Óbundin

nettó

ÍSLANDS  
FRÉTTA  
BLAÐIÐ



### Hvítfeld

*Fjölskyldusaga*

Kristín Eiríksdóttir

Þessi fyrsta skáldsaga Kristínar Eiríksdóttur sló í gegn og gagnrýnendur voru á einu máli um ágæti hennar. Meðal þeirra var Jón Yngvi Jóhannsson sem sagði m.a. í Fréttablaðinu: „Í sinni fyrstu skáldsögu sýnir Kristín fádæma tök á forminu, það má mikið vera ef þetta er ekki upphafið að ferli stórbrotins skáldsagnahöfundar ... Frábær skáldsaga um íslenska fjölskyldu, sannleika og lygi.“

295 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-338-2 Kilja



### Illska

Eiríkur Örn Norðdahl

Víðfeðm pólitísk ástarsaga

sem hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2012 og einnig verðlaun starfsfólks bókaverslana sem besta skáldsaga ársins. ★★★★★ „Fróðleg, skemmtileg, sorgleg og myndin.“ – PHS/Fréttablaðið

540 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3346-3 Kilja



### Íslenskir fiskar

Gunnar Jónsson og Jónbjörn Pálsson

**Myndir:** Jón Baldur Hlíðberg  
Alfræðirit um fiska Íslands, skrifað af virtum vísindamönnum á sviði fiskifræði, sem inniheldur greinargóðar upplýsingar um ríflega 350 fisktegundir. Hverri tegund fylgir útbreiðslukort og einstakar vatnslitamyndir eftir myndlistarmanninn Jón Baldur Hlíðberg sýna fiskana ljóslifandi. Bók sem opnar lesendum heim hafsins umhverfis Ísland.

485 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3369-2

Óbundin



### Kantata

Kristín Marja Baldursdóttir


Í stórfjölskyldunni er yfirborðið kyrrt, en þegar hæglati útlendingurinn birtist á sviðinu breyttist allt. Stórbrotin og margradda fjölskyldusaga þar sem ótal örlogapræðir fléttast og rakna. „... öguð og vel skrifuð með sterkum lokaköflum.“ – KB/Morgunblaðið

312 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-337-5 Kilja



### Kuldi

Yrsa Sigurðardóttir

Ein mest selda bók ársins 2012 í kilju.

**Veröld**

ISBN 978-9935-440-42-6



### Lost in Iceland – minna brot

Sigurgeir Sigurjónsson


Formáli: Guðmundur Andri Thorsson

Þýð.: Bernard Scudder, Victoria Cribb, Catherine Eyjólfsson og Helmut Lugmayr

Sígild og sívinsæl ljósmyndabók. Myndir Sigurgeirs veita nýja sýn á þekktu staði og opna augu fólks fyrir sjaldséðari perlum. Kemur nú út í smærra broti en áður, á ensku, þýsku og frönsku.

#### Forlagið

ISBN 978-9979-53-582-9/  
-583-6/-584-3



### Lýðmenntun

Guðmundur Finnboğason

Ritstj.: Loftur Guttormsson

Þessi bók kom fyrst út 1903 en er nú gefin út að nýju sem fyrsta rit í nýrri ritröð, Heimildarrit í íslenskrari uppeldis- og skólasögu. Að ritröðinni standa Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Félagsvísindastofnun og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands. Útgáfa *Lýðmenntunar* markaði tímamót í íslenskrari alþýðufræðslu. Hér lagði höfundur, þá nýbakaður magister frá Kaupmannahafnarháskóla, hugmyndafræðilegan grunn að hinni fyrstu almennu löggjöf um barnafræðslu á Íslandi sem samþykkt var 1907.

218 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 9789979847045

Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja



### Ósjálfrátt

Auður Jónsdóttir

Fyndin og áleitn þroskasaga Eyju og sagan af leið hennar til skáldskapar hlaut Fjöruverðlaunin sem skáldsaga ársins 2012. „Það er einhver dauðsjarmerandi tónn sem Auður nær að fanga ...“ – HH/DV

281 bls.

FORLAGIÐ

#### Mál og menning

ISBN 978-9979-3-3364-7 Kilja



### Prjónað úr íslenskrari ull – mjúk spjöld

Knitting with Icelandic Wool

Prjónað úr íslenskrari ull

Ístex

Myndir: Gísli Egill Hrafnsson

Þýð.: Vigdís Þormóðsdóttir og Anna Cynthia Leplar

Glæsileg bók sem geymir úrval vinsælustu prjónauppskrifta okkar Íslendinga en jafnframt áhugavert og fræðandi yfirlit yfir sögu handverks og ullar. Í bókinni má finna 65 uppskriftir sem valdar voru í samstarfi við Ístex, bæði sígildar uppskriftir og áður með nýtskulegu ívafi. Áherslan er á lopapeysur en einnig eru í bókinni uppskriftir að smærri viðfangsefnum eins og húfum, sokkum, vettlingum og treflum. Bókin er einnig fánleg á ensku.


264 bls.

FORLAGIÐ

#### Vaka-Helgafell

ISBN 978-9979-2-2245-3/  
2244-6 Óbundnar



**Reykjavíkurnætur**

Arnaldur Indriðason

Erlendur er nýlega genginn til liðs við lögregluna og starfið er erilsamt. Útigangsmáður finnst druknaður og öllum virðist standa á sama en örlög hans ásækja Erlend. ★★★★★ „Arnaldur í sínu allra besta formi.“ – BIH/pressan.is

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2222-4 Kilja

**Sjóræninginn**

Jón Gnarr

*Sjóræninginn* er skálduð ævisaga Jóns Gnarr eins og *Indjáninn* og sjálfstætt framhald þeirrar bókar. Rauðhærði drengurinn Jón stendur að loknum grunnskóla á vegamótum og upplifir sig algjörliga utangarðs í samfélaginu. Þótt frásögn Jóns sé einatt fyndin er hún bæði einlæg og tregafull, enda má segja að öll vegferð höfundar um þjóðfélag og menntakerfi sé vörðuð harkalegum árekstr-

um, bæði hugmyndailegum og raunverulegum. 267 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3347-0 Kilja

**Skáld**

Einar Kárason

Lokin á Sturlungasögu Einar Kárasonar sem hófst með *Óvinafagnaði* og hélt áfram með verðlaunabókinni *Ofsa*. Í sögumiðu er skáldið Sturla

sem lifði þessa róstusömu tíma og gerir hér upp við þá. „Rosalega skemmtileg lesning“ – EH/Kiljan

235 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3345-6 Kilja

**Sælkeruferð um Frakkland**

*135 uppskriftir að hamingjummi á franska vísu*  
Myndir: Silja Sallé og Michel Sallé

## KYNNTU ÞÉR ÚRVAL NÝRRÁ ÍSLENSKRA SKÁLDVERKA

# BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGINA 23.-24. NÓV. 2013

Dagskrá hátíðarinnar má finna á [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)



Girnilegar uppskriftir með fallegum ljósmyndum og áhugaverðum frásögnum um héruð Frakklands. Bók fyrir öll skilningarvitin!

210 bls.

**Salka**

ISBN 978-9979-768-94-4



### Tröllakirkja

Ólafur Gunnarsson

Sigurbjörn arkitekt hefur stórbrotin áform á þrjónunum sem eiga að breyta ásýnd Reykjavíkur; en örlögin grípa inn í atburðarásina og glæst áform snúast í harmleik. Efnismikil og dramatisk skáldsaga þar sem spurt er um sekt og fyrirgefningu, manninn og Guð. Eftirmáli eftir Guðmund Andra Thorsson. Íslensk klassík Forlagsins. 365 bls.

**Forlagið**

ISBN 978-9979-53-586-7 Kilja



### Undantekningin

*de arte poetica*


Auður Ava Ólafsdóttir

Fjórða skáldsaga Auðar Övu Ólafsdóttur, sem er stjarna í evrópskum bókmenntaheimi.

285 bls.

**Bjartur**

ISBN 9789935 454003 Kilja



### Undir bárujárnsboga

*Braggalíf í Reykjavík 1940–1970*

Eggert Þór Bernharðsson

Í kjölfar seinna stríðs neyddust margir nýbúar höfuðborgarinnar til að setjast að í herskálunum sem reistir höfðu verið í styrjöldinni. Hér er braggabyggðinni gerð skil allt fram undir 1970 þegar meginþorri Reykvíkinga var kominn í gott húsnæði. Vegleg og fróðleg bók sem segir sögu afar sérstæðra tíma á Íslandi í máli en mest

í myndum, og hafa fæstar myndanna áður komið fyrir almenningssjónir. Ný útgáfa, með ríkulegum myndaviðauka.

307 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-369-6



### Yfirsýn

*Iceland – Down to Earth*

*Island – Zur Erde hin*

Sigurgeir Sigurjónsson

Formáli: Guðmundur Andri

Thorsson

Þýð.: Anna Yates and Betty

Wahl

Ný og töfrandi sýn á óbyggðir Íslands í ævintýralegrri bók með ljósmyndum teknum úr þyrlu. Hér birtast óvænt mynstur og ótrúlegir litir, eins og í málverki eftir ókunnan snilling. Bókin er á ensku og þýsku.

**Forlagið**

ISBN 978-9979-53-591-1/590-4



### Þóra – heklbók

Þinna Þórudóttir Þorvaldar

Myndskr.: Ingibjörg

Birgisdóttir

Myndir: Lilja Birgisdóttir

Í þessari vinsælu bók eru 32 nútímalegar og spennandi uppskriftir með listrænum myndum og leiðbeiningum. Kennar eru mismunandi aðferðir við hekl; allt frá því hvernig haldið er á nálinni til flókinna mynstra.

120 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-020-0 Kilja



# Endurútgáfur

## « ÞÝDDAR »



### Demantstorgið

Mercé Rodoreda

Þýð.: Guðbergur Bergsson

Eitt helsta snilldarverk katalónskra bókmennta á tuttugustu öld. Saga spænsku þjóðarinnar á hörmungartímum borgarastyrjaldarinnar er hér sögð á meistaralegan hátt frá sjónarhóli alþýðukonu sem þarf að berjast fyrir lífi sínu og barna sinna. Eftirmáli eftir þýðanda. Erlend klassík Forlagsins.

223 bls.

**Forlagið**

ISBN 978-9979-53-585-0 Kilja



### Draumahöllin

Bodil Forsberg

Þýð.: Skúli Jenson

Hér fléttast margir örlagaþræðir og fátt er eins og það sýnist. Endurútgáfa einnar af sögum ástar- og spennusagnahöfundar sem átti miklum vinsældum að fagna hér á árum áður.

223 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-090-3 Kilja



### Einar Áskell

*Flyttu þér; Einar Áskell*

*Höldum veislu, Einar Áskell*

Gunilla Bergström

Þýð.: Sigrún Árnadóttir

Tvær af sigildum bókum Gunillu Bergström um Einar Áskel loksins fáanlegar að nýju.

32 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3349-4/  
-3350-0

hans skrifaði í bláar stílabækur. Hér eru þær allar saman komnar í einni bók.

420 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3403-3



### Furðulegt háttalag hunds um nótt

Mark Haddon

Þýð.: Kristín Thorlacius

Kristófer Boone er fimmtán ára strákur með einhverfuröskun. Þegar hann finnur hund nággrannans rekinn í gegn með garðkvísl ákveður hann að komast að því hver drap hann. Verkefnið vindur upp á sig og á endanum leysir Kristófer allt aðra og miklu stærri gátu en hann ætlaði sér. Einstök skáldsaga sem hlotið hefur fjölmörg bókmenntaverðlaun.

270 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3395-1 Kilja

**nettó**

JÓLA-BÆKURNAR ERU Í NETTÓ




### Emil í Kattholti

*Allar sögurnar*

Astrid Lindgren

Þýð.: Vilborg Dagbjartsdóttir

Emil gerði fleiri skammarströk en dagarnir eru í árinu og af því spruttu margar skemmtilegar sögur sem mamma



### Hodja og töfrateppið

Ole Lund Kirkegaard

Þýð.: Þorvaldur Kristinsson

Hodja er forvitinn strákur sem langar að sjá allan heiminn. Þess vegna verður hann himinlifandi þegar honum áskotnast fljúgandi teppi og leggur strax af stað í ótrúlega ævintýraferð! Stórskemmtileg saga fyrir hressa krakka. 113 bls.

FÖRLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-374-0



### Hringurinn

Mats Strandberg og Sara B.

Elfgren

Þýð.: Þórdís Gísladóttir


Fyrsti hluti Englafoss-þrí-

leiksins. Bóksalaverðlaunin 2012.

511 bls.

**Bjartur**

ISBN 9789935 454034 Kilja



### Hver er ég – og ef svo er, hve margir?

Richard David Precht

Þýð.: Arthúr Björgvin Bollason  
Stórskemmtileg og upplýsandi inngangsbók um heimspæki. Höfundur veltir fyrir sér stóru spurningunum: Hvað get ég vitað? Hvað ber mér að gera? Hvað leyfist mér að vona? Ein mesta metsölibók allra tíma í Þýskalandi og þýdd á 34 tungumál.

★★★★

„Lífleg og mannbætandi bók.“

Kristjana Guðbrandsdóttir, DV

400 bls.

**Ormstunga**

ISBN 978-9979-63-117-0 Kilja



## Áttaðu þig á tilgangi lífs þíns



Í þessu verki leiðbeinir höfundur fólki til að skríða úr skel sinni og gera þennan heim að betri og andlega þróaðri stað til að búa í. Hann bregður upp björtu ljósi er leiðir til hamingju og heilbrigði, sem hver lesandi getur notað til að vísa sjálfum sér veg til framtíðar.

„Megintilgangur þessarar bókar er ekki að bæta nýrri vitneskju eða skoðunum í huga þinn eða reyna að sannfæra þig um eitt eða neitt, heldur stuðla að vitundarbreytingu, það er að segja vakningu. Þessi bók fjallar um þig ...“



bokaforlagidbifrost@simnet.is

Sími 511 2400





**Inferno**

August Strindberg  
Þýð.: Þórarinn Eldjárn  
Sjálfsævisögulegt verk Strindbergs um rithöfund sem yfirgefur fjölskyldu sína og vill komast til botns í leyndardómum gullgerðarlistar. Bókin kom upphaflega út á sænsku 1897. Eftirmáli eftir þýðanda. Erlend klassík Forlagsins.

**Forlagið**

ISBN 978-9979-53-581-2 Kilja



**Krónprinsessan**

Hanne-Vibeke Holst  
Þýð.: Halldóra Jónsdóttir  
Charlotte Damgaard er tveggja barna móðir á fertugsaldri sem býr sig undir að fylgja manni sínum til starfa í Afríku þegar síminn hringir að kvöldlagi skömmu fyrir jól. Á línunni er forsætisráðherra Dana sem býður henni að setjast í stól umhverfisráðherra. *Krónprinsessan* hlaut frábæra dóma í heimalandinu enda er þetta sterk og áleitinn saga um konu á framabraut.

484 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2241-5 Kilja



**Leyfðu mér að segja þér sögu**

Jorge Bucay


Þýð.: María Rán Guðjónsdóttir  
Vegna hversdagslegra vandræða með vinina, ástina og lífið leitar Demián til sálfræðings sem beitir óvenjulegum aðferðum: Hann segir unga manninum sögur sem gera hið flókna einfalt og lífið skiljanlegt. Það sama gerir þessi litla bók sem farið hefur sigurför um heiminn – rétt eins og Demián getur lesandinn tileinkað sér boðskapinn í sögunum til að bæta eigið líf og skilja sjálfan sig betur.

318 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2184-5



**Lífsreglurnar fjórar**

Don Miguel Ruiz

Þýð.: Birgitta Jónsdóttir  
Lífsspeki Tolteka-indjana er aldagömul en höfðar enn til fólks því hún byggir á sigildum sannleika. Holl lesning fyrir þá sem vilja bæta sig og lífsgæði sín.


115 bls.

Salka

ISBN 978-9979-768-83-8



JÓLA-  
BÆKURNAR  
ERU Í NETTÓ



### Meistarinn

Hjorth Rosenfeldt


Þýð.: Halla Kjartansdóttir

Fimm stjörnu sænskur eðal-krimmi um réttarsálfraeðinginn Sebastian Bergman. Eftir höfund Brúarinnar.

599 bls.

**Bjartur**

ISBN 9789935 454010 Kilja



### Ný jörð

Áttadu þig á tilgangi lífs þins

Eckhart Tolle

Þýð.: Björn Jónsson

Í þessu verki leiðbeinir höfundur fólki til að skrifa úr skel sinni og gera þennan heim að betri og andlega þróaðri stað til að búa í. Hann bregður upp björtu ljósi er leiðir til hamingju og heilbrigði, sem hver lesandi getur notað til að vísa sér veg til framtíðar.

„Megintilgangur þessarar bókar er ekki að bæta nýrri vitneskju eða skoðunum í huga þinn eða reyna að sannfæra þig um eitt eða neitt, heldur stuðla að vitundarbreytingu, það er að segja vakningu. Þessi bók fjallar um þig ...“

208 bls.

**Bókaforlagið Bifröst**

ISBN 978-9935-412-29-4

Leiðb.verð: 3.490 kr. Kilja



### Purpuraliturinn

Alice Walker

Þýð.: Ólöf Eldjárn

Saga um gleði, sársauka og ást; saga sem höfðar til dýpstu tilfinninga lesandans, saga um fátæka og ómenntaða blökkustúlku sem er misnotuð frá barnæsku, þvinguð í ástlaust hjónaband, varla læs eða skrifandi, en sest þó niður og skrifar Guði bréf – og lærir smám saman að berjast fyrir lífi sínu og öðlast kjark til að hlæja, ærslast og loks að elska. *Purpuraliturinn* hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga, auk þess sem Steven Spielberg gerði kvikmynd eftir sögunni. Eftirmáli eftir Guðrúnu Elsu Bragadóttur. Erlend klassík Forlagsins.

299 bls.

**Forlagið**

ISBN 978-9979-53-594-2 Kilja



### Goðheimar 4

#### Sagan um Kark

Peter Madsen

Þýð.: Bjarni Fr. Karlsson

Bókaflokkurinn um Goðheima eftir Peter Madsen hóf göngu sína fyrir rúmum þrjátíu árum og nýtur enn gríðarlegra vinsælda um allan heim. Hér kemur til sögu jötnabarnið Karkur sem Loki tekur að sér að temja en það reynist vandaverk.

48 bls.

FORLAGIÐ

**Iðunn**

ISBN 978-9979-1-0526-8



### Sólskinsstúlkan

Bodil Forsberg

Þýð.: Skúli Jensson

Viðburðarík saga um ást, vináttu, glæp, brostnar vonir og breyskleika. Endurútgáfa á einni vinsælustu sögu

metsöluhöfundar sem átti miklum vinsældum að fagna hér á árum áður.

196 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-089-7 Kilja



### Ævintýri Tinna

Blái lótusinn

Vindlar faraós

Hergé

Þýð.: Loftur Guðmundsson

Í áttatíu ár hafa Tinni og félagar hans heillað lesendur um allan heim. Ævintýri Tinna eru nú endurútfengin í gömlu, góðu þýðingunni en nýju og handhægu broti. Safnaðu þeim öllum!

64 bls.

FORLAGIÐ

**Iðunn**

ISBN 978-9979-1-0524-4/

-0523-7

# Listir og ljósmyndir



## Black Sky


Nökkvi Elíasson og Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Viðfangsefni þessarar bókar eru eyðibýli víðs vegar um Ísland. Ljósmyndirnar búa yfir miskunnarlausri fegurð hnignunar með einstökum hætti. Tregablandin ljóðin kallast á við þessar áhrifamiklu myndir sem vakið hafa verðskuldaða athygli víða um heim, líkt og ljóðin sem þýdd hafa verið á fjölda tungumála. Texti bókarinnar er á ensku.

96 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-462-01-5



## Busy Birds

Friðþjófur Helgason

Bráðfalleg ljósmyndabók með úrvali af frábærum myndum Friðþjófs Helgasonar af íslenskum fuglum, sem aldrei unna sér hvíldar,

ekki frekar en ljósmyndarinn sjálfur.

Texti er á ensku.

96 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-90-2



## Fjallaland Behind the Mountains

Ragnar Axelsson

Höf. texta: Pétur Blöndal

Í rúman aldarfjórðung hefur Ragnar Axelsson myndað leitir í Landmannaafretti við allar hugsanlegar aðstæður og skapað stórbrotið heimildaverk sem á sér fáar hliðstæður.

Bókin er fánleg á ensku og íslensku.

184 bls.

**Crymogeia**

ISBN 978-9935-420-28-2/29-9



## Græni hatturinn

Daniel Starrason, Skapti Hallgrímsson og Þórhallur Jónsson

Stemningin á Græna hatt-

inum á Akureyri er oft ólýsanleg. Tónleikar eru orðnir rúmlega 1000 á 10 árum og í þessari glæsilegu bók gefst einstakt tækifæri til að rifja upp undursamleg augnablik eða láta sig dreyma um þau sem framundan eru. Nær því verður heldur ekki komist að upplifa tónleikana sem þú misstir af! Daniel, Skapti og Þórhallur leika af fingrum fram á ljósmyndavélar og linsur en um undirspil sjá snjöllustu tónlistarmenn lýðveldisins auk erlendra gesta. 347 ljósmyndir eru í bókinni. 224 bls.

**Bitra ehf.**

ISBN 978-9979-72-476-6

Leiðb.verð: 6.990 kr.



## Hestar Íslands

Gígja D. Einarsdóttir

Íslenski hesturinn er ein af þjóðargersemum Íslands. Þetta einstaka hestakyn hefur varðveist í landinu frá upphafi byggðar. Öldum saman var hesturinn notaður til bústarfa og ferðalaga, oft kallaður þarfasti þjónninn, en nú er hann reiðhestur og góður vinur eigenda sinna og með sína einstöku hæfileika er hann eftirsóttur víða um heim.

*Hestar Íslands* er afar glæsileg ljósmyndabók eftir Gígju D. Einarsdóttur. Bókin hefur að geyma fjölda ljósmynda af íslensku hestinum sem

sýna hann í náttúru landsins vetur, sumar, vor og haust. Bókin er fánleg á íslensku, ensku, dönsku og þýsku.

Höfundur bókarinnar, Gígja D. Einarsdóttir, hefur frá barnæsku notið samvasta við íslenska hestinn og náttúruna í byggð og óbyggð og sjaldan hefur myndavélin verið langt undan. Gígja er fyrir löngu orðin þekkt fyrir hestamyndir sínar enda hefur hún einstakt lag á að fanga augnablikið.

144 bls.

**Steinegg ehf.**

ISBN 978-9935-421-27-2

Leiðb.verð: 4.990 kr.



## I was here

Kristján Ingi Einarsson

Handhæg og gullfalleg ljósmyndabók með myndum víðs vegar að af landinu í óvenjulegu broti. Kristján Ingi hefur áður sent frá sér ljósmyndabækur sem vakið hafa athygli. Með þessari bók festir hann sig í sessi sem einn áhugaverðasti landslagsljósmyndari landsins.

Texti er á ensku.

128 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-78-0





### Karólína Lárusdóttir

Aðalsteinn Ingólfsson

Karólína Lárusdóttir er meðal þeirra fjölmörgu íslensku myndlistarmanna sem hafa öðlast meiri frama meðal erlendra þjóða en hér heima. Hún er mótuð af meginstraumum breskrar myndlistarhefðar og þar hefur orðstír hennar vaxið ár frá ári en myndheimur hennar er íslenskur. Í þessari einstæðu listaverkabók eru litmyndir af verkum Karólínu auk fjölda ljósmynda úr fjölskyldualbúnum hennar og ítarleg grein um listakonuna, ævi hennar og listþróun eftir Aðalsteini Ingólfssoni. Allur texti bókarinnar er bæði á ensku og íslensku.

328 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-403-7



### L'Islande – Éclat et magnificence

Unnur Jökulsdóttir

Myndir: Erland Haarberg og

Orsoyla Haarberg

Þýð.: Gérard Lemarquis

Á ferðum sínum um Ísland hrifust ljósmyndararnir Erland og Orsoyla Haarberg mjög af andstæðunum sem blöstu við þeim hvarvetna. Þau komu hingað jafnt um sumar sem vetur og lögðu sig í framkröka við að ferðast utan alfaraleiða til að fanga hið sérstæða samspil andstæðnanna. Texti Unnar Jökulsdóttur er í senn fræðandi og aðgengilegur og staðsetur og útskýrir ljósmyndirnar. Bókin, sem nú kemur út á frönsku, lýsir svo sannarlega Íslandi – í allri sinni dýrð.

160 bls.

Forlagið

ISBN 978-9979-53-588-1



### Last Days of the Arctic

Ragnar Axelsson

Ljósmyndir Ragnars Axelsonar eru einstök heimild um daglega önn í afskekktustu byggðum heims. Ný og endurbætt útgáfa þessarar bókar sem lýst hefur verið sem nútímaklassík.

288 bls.

Crymgea

ISBN 978-9935-420-30-5



### Magma on the Move

Ragnar Th. Sigurðsson

og Ari Trausti Guðmundsson

Bókin greinir frá íslenskum eldstöðvum og fjallar um öll eldgos á Íslandi frá Kötlugos-

inu 1918 til gossins í Vatnajökli 2011. Áhrifamiklar ljósmyndir eru af flestum þessara gosa og aðgengilegur texti sem gerir bókina einkar fræðandi og áhugaverða.

Bókin er með enskum texta.

96 bls.

Uppheimar

ISBN 978-9935-432-99-5



### Málverk

Paintings

Eggert Pétursson


Ritstj.: Þorlákur Einarsson

Helstu og þekktustu blómamálverk Eggerts Péturssonar í glæsilegri útgáfu. Nú fáanleg innbundin.

156 bls.

Crymgea

ISBN 978-9935-420-31-2



nettó

JÓLA-  
BÆKVARNAR  
ERU Í NETTÓ



### Myndir ársins 2012

*Press Photographs of the Year*

Myndir: ýmsir

Hér er komið árlegt úrval úr smíðju frétt- og blaðaljósmyndara fjölmiðlanna. Ógrynni flottra mynda sem menn gleyma ekki svo glatt og eru um leið merkilegur annáll um atburði og mannlíf á því herrans ári 2012. Myndatextar eru bæði á íslensku og ensku og bókinn hentar því vel erlendum gestum.

158 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-448-18-7 Kilja



### Reykjavík í hnotskurn

*Reykjavik details*

Annetta Scheving

Oft leynast undurfögur smáatriði í nærumhverfi okkar sem fanga þó ekki alltaf augað þegar við þjótum hjá í amstri hversdagsins. Ljósmyndabókin *Reykjavík í hnotskurn* er umfangsmikil samtímaheimild um grafík og hönnun í miðbæ Reykjavíkur.

201 bls.

**Annetta Scheving**

ISBN 978-9979-72-423-0

Leiðb.verð: 7.799 kr.



### Reykjavík Moments

Friðþjófur Helgason


Heillandi ljósmyndabók með skemmtilegum augnabliksmyndum úr Reykjavík samtímans. Friðþjófur hefur einstakt lag á að smella af á réttu augnabliki.

Texti er á ensku.

96 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-91-9



### Sigfús Eymundsson myndasmiður

*Frumkvöðull íslenskrar ljósmyndunar*

Inga Lára Baldvinsdóttir

Sigfús Eymundsson var frumkvöðull í íslenskrar ljósmyndun. Hann hóf ljósmyndun árið 1866, stundaði hana í aldarfjórðung og rak ljósmyndastofu í Reykjavík til ársins 1909. Með starfi sínu stuðlaði hann öðrum fremur að útbreiðslu og dreifingu ljósmynda meðal þjóðarinnar. Inga Lára Baldvinsdóttir fagstjóri Ljósmyndasafns Ís-

KYNNTU ÞÉR ÚRVAL  
LJÓSMYND- OG LISTAVERKABÓKA

BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGINA 23.-24. NÓV. 2013

Dagskrá hátíðarinnar má finna á [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)



lands í Þjóðminjasafni rekur feril Sigfúsar og gerir grein fyrir stöðu hans sem helsta ljósmyndara landsins á 19. öld. Bókin hefur að geyma nýtt úrval mynda Sigfúsar en um ljósmyndavinnslu sá Ívar Brynjólfsson. Ritstjóri Steinar Örn Atlason.

196 bls.

**Þjóðminjasafn Íslands**

ISBN 978-9979-790-38-9

Leiðb.verð: 8.990 kr.



### Ups and Downs

Kees Visser

Inng.: Halldór Björn

Runólfsson

Formáli: Ólafur Gíslason

Glæsilegt yfirlitsrit um verk hollenska myndlistarmannsins Kees Visser sem hann vann þegar hann bjó á Íslandi.

152 bls.

**Crymogea**

ISBN 978-9935-420-27-5



### Undirdjúp Íslands – Sub-Iceland

Gísli Arnar Guðmundsson

Í hafinu við Ísland og í ám og vötnum landsins er að finna fjölskrúðugt lífríki sem á sér vart sinn líka en er flestum hulið. Hér heldur kafarinn Gísli Arnar Guðmundsson niður í djúpin með myndavél að vopni og útkoman er líkust því sem svifið sé í lausu lofti um töfraheima þar sem einstæðir litir og form ráða ríkjum. Vegleg gjöf til vina og viðskiptamanna. Á íslensku og ensku.

96 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-347-4



### Vanished Summer

Katrín Elvarsdóttir

Inng.: Harpa Árnadóttir

Í ljósmyndaröðinni Vanished Summer kannar Katrín Elvarsdóttir tengsl mannsins við umhverfi sitt og náttúruna.

80 bls.

**Crymogea**

ISBN 978-9935-420-36-7 Kilja



### Wise birds of Iceland

Myndir: Helgi Skúlason

Helgi Skúlason hefur vakið athygli á undanförunum árum fyrir frábærar fuglamyndir sínar. Fáir íslenskir ljósmyndarar hafa myndað hina fiðruðu vini okkar af álíka næmi og húmor. Bókina prýða nokkur erindi úr Háva-málum á ensku til að leggja áherslu á vísu fuglanna. Bók fyrir Íslendinga og erlenda gesti.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-448-24-8



### Works on Paper

Ritstj.: Börkur Arnarson

Í Works on Paper er áhersla lögð á pappirinn sjálfan þar sem ýmist er tekist á við miðilinn sem efnivið eða á huglægan hátt. Bókin er afrakstur sýningar í Galleríi í8 haustið 2013.

115 bls.

**Crymogea**

ISBN 978-9935-420-36-7 Kilja

nettó

HVAÐA  
BÓK



VILT  
ÞÚ  
GEFA  
?



# Héraðslýsingar, saga og ættfræði




## 100 ára saga Kaupfélags Héraðsbúa

Jón Kristjánsson

Kaupfélag Héraðsbúa, sem stofnað var árið 1909, á sér merka sögu. Það var á löngu tímabili burðarás í austfirsku atvinnulífi með mikla starfsemi bæði á Héraði og Fjörðum en með breyttum viðskiptaháttum og samfélagsþróun í lok 20. aldar tók að fjara undan því. Hér er rakin aldarsaga þessa merkilega samvinnufélags og ýmsir krókar teknir til að gera frásögnina jafnt skemmtilega sem fræðandi.

**Bókaútgáfan Hólar**

ISBN 978-9935-435-31-6



## Árbók Akurnesinga 2013

Ritstj.: Sigurður Sverrisson

Í Árbók Akurnesinga 2013 er að vanda fjölbreytt og áhugavert efni, bæði fastir liðir og ný viðtöl og greinar. 228 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-462-12-1



## Brot úr byggðarsögu

Mamlif í Grýtubakkahreppi í 150 ár

Björn Ingólfsson

Bókin skiptist í átta hluta: Um hreppinn og stjórn hans, einkum á þeim tíma þegar framfærslumálin vögu þyngst. Búnaðarbáلكurinn er fyrirferðarmestur, bændur tóku hlutverk sitt alvarlega og stofnuðu Framfarafélag 1867 og Nautgriparæktarfélag 1904. Í kafla um samgöngur segir frá fyrstu gerð vega og brúa, upphafi bílaaldar í hreppnum, pósti og síma en í þessum hreppi var einmitt lagður fyrsti sveitastími á Íslandi árið 1897. Í kafla um rafmagn segir frá fyrstu heimarafstöðvum og hvernig fólk lýsti upp hús sín með vindrellum og bensínmótorum og fleiru fram að komu Laxárrafmagns 1956. Læknum og ljósmæðrum er

tileinkaður sérstakur kafli en Höfðahverfislæknishérað var stofnað 1894. Verslunarkafliinn er litríkur og skólasagan ekki síður. Síðasti kafliinn fjallar um félagasamtök margs konar.

Bókina prýðir hátt á fimmta hundráð mynda.

**Bókaútgáfan Hólar**

ISBN 978-9935-435-35-4



## Ferðafélag Íslands árbók 2013

Norðausturland

Hjörleifur Guttormsson

Hér skrifar höfundur um Vopnafjörð, Langaneströnd, Langanes, Þistilfjörð, Melrakkaslétta, Núpasveit, Öxarfjörð og Hólsfjöll, svæði sem að flatarmáli er um 7% af Íslandi. Fallegar ljósmyndir sem höfundur tekur skreyta bókina auk þess sem nákvæm kort eru af svæðunum sem fjallað er um.

Bókin fjallar um fjölbreytt og áhugaverð svæði hvað varðar náttúruferðir, sögu og möguleika til útivistar.

Bókarhöfundur tekst á sinn einstaka hátt að leiða lesandann um landið og flétta sam-

an sögunni ásamt lýsingu á náttúruferðum.

Bókin er ríkulega myndskreytt og hefur bókarhöfundur tekið flestar myndirnar sérstaklega vegna bókarinnar. Þá er fjöldi vandaðra staðfræðikorta og skýringarmynda í bókinni. Útkoman er glæsileg bók sem er í sinn fræðandi og hvatning til lesandans að kynna sér svæðið af eigin raun.

392 bls.

**Ferðafélag Íslands**

ISBN 978-9935-414-11-3

Leiðb.verð: 7.600 kr.



## Frá Bjargtöngum að Djúpi. Nýr flokkur.

6. bindi

Mamlif og saga fyrir vestan Ritstj.: Hallgrímur Sveinsson Vestfirðir og Vestfirðingar.

Annað er það ekki!

160 bls.

**Vestfirska forlagið**

ISBN 978-9935-430-47-2

Leiðb.verð: 5.900 kr.





### Frá hestum til hestafla

Sögur um hestanothun við jarðrækt og heyskap

Bjarni Guðmundsson

Í þessari bók segir Bjarni sögur af vinnuhestum og hestanothun við bústörf, fyrstu dráttarvélinni sem til Íslands kom – Akranesstraktornum, Lanz-púfnabananum og loks af landbúnaðarjeppunum, Willys og Land Rover. Þá rífa átta einstaklingar upp minningar sínar frá þessum breytingatímum.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-94-0



### Háski í hafi

Illugi Jökulsson

Í byrjun 20. aldar var talið óhjákvæmilegt að á hverju ári færust tugir manna í sjóslýsum við landið. Illugi Jökulsson segir hér ótrúlegar slysa sögur, sem sumar munu gera lesandann agndofa. Hér segir í senn frá bjargarleysi fólks andspænis náttúruöflum, en líka ótrúlegar

prautseigju þegar öll sund virtust lokuð.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-448-43-9



### Hér heilsast skipin

Saga Faxaflóahafna Guðjón Friðriksson

Öld er liðin síðan framkvæmdir hófust við gerð Reykjavíkurhafnar og af því tilefni var ráðist í að rita sögu Faxaflóahafna. Ritverkið *Hér heilsast skipin* eftir Guðjón Friðriksson sagnfræðing rekur jöfnum höndum merka sögu hafnanna við Faxaflóa, allt frá því landið var numið. Hafnirnar mótuðu samfélag bæjanna við flóann og í þessu verki gerir höfundurinn þessari merku sögu skil með þeim hætti sem hann hefur getið sér frægðar fyrir í fyrri verkum.

656 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-98-8



### Hornstrandir og Jökullirðir 2. bóka

Ýmsar frásagnir af horfnu mammlífi

Samant.: Hallgrímur Sveinsson

Hornstrandir heilla. Það er ekki margbrotnara en það. 128 bls.

**Vestfirska forlagið**

ISBN 978-9935-430-41-0

Leiðb.verð: 2.800 kr.



### Hrímfaxi

Bergsteinn Sigurðsson


Hinn fjórtánda apríl 1963 fórst Hrímfaxi, flugvél Flugfélags Íslands, í aðflugi að Fornebu-flugvelli í Osló. Tólf manns voru um borð og létust allir. Í þessari bók er ljósi brugðið á hvað gerðist þennan örlagaríka dag í Osló. Hefði mátt afstýra slysinu? Og hverjar voru afleiðingarnar fyrir þá sem eftir lifðu? Rætt er við aðstandendur fórnarlamba slyssins, vitni, flugmenn og fagaðila sem tengdust málinu. Þá er stiklað á stóru í sögu Vickers Viscount-flugvélna, fyrstu skrufubotanna hér á landi sem mörkuðu tímamót í íslenskrí flugsögu.

116 bls.

**Ljósmynd – útgáfa**

ISBN 978-9935-9015-5-2





**Kampar í Kópavogi. Herbúðir bandamanna í landi Kópavogsbæjar og næsta nágrenni í síðari heimsstyrjöld.**

*Smárit Sögufélags Kópavogs og Héraðsskjalasafns Kópavogs II*

**Friðþór Eydal**  
Umsj.: Gunnar Marel Hinriksson

Bournemouth, Skeleton Hill, Hilton, Catherine og Wade eru örnefni sem fæstir tengja við Kópavog en á stríðsárnum voru herskálahverfi með þessum nöfnum í landi Kópavogs – og fleiri til. Hlutverk bragganna, hverjir byggðu þá og hvaðan þeir komu er viðfangsefni Friðþórs Eydals í þessu riti. Ritið fæst hjá útgefanda. 56 bls.

**Héraðsskjalasafn Kópavogs**  
ISBN 978-9935-9127-1-8  
Leiðb.verð: 1.500 kr.




**Landbúnaðarsaga Íslands**

Árni Daniel Júlíusson og Jónas Jónsson

Landbúnaður á Íslandi frá upphafi byggðar til okkar daga. Fjögurra binda verk þar sem annars vegar er rakin saga landbúnaðarins en hins vegar fjallað ítarlega um hverja búgrein fyrir sig. Í bókinni er aragrúi ljósmynda, teikninga og korta. 1357 bls.

**Skrúdda**  
ISBN 978-9935-458-00-1  
Leiðb.verð: 29.990 kr.



**Loksins klukknahljómur**


*Saga Fríkirkjunnar í Hafnarfirði í 100 ár*

**Björn Pétursson, Jóhann Guðni Reynisson og Sigríður Valdimarsdóttir**

Saga Fríkirkjusafnaðarins í Hafnarfirði er baráttusaga sem hófst árið 1913. Í bókinni

er sagan rakin í léttleikandi texta og hún er ríkulega myndskreytt. Í henni eru m.a. ljósmyndir sem ekki er vitað til að hafi áður birst á prenti. Sagan er skemmtileg og viðburðarík heimild um afrek frumkvöðlanna sem reistu 350 manna kirkju á um þremur mánuðum fyrir hundrað árum og ögrandi viðfangsefni þeirra sem á eftir komu. Bókinni fylgir geisladiskur með söng Fríkirkjukórsins við undirleik Fríkirkjubandsins en tónlistin í kirkjunni hefur notið mikilla vinsælda. 260 bls.

**Fríkirkjan í Hafnarfirði**  
ISBN 9789979724704  
Leiðb.verð: 4.900 kr.



**Mannlíf og saga fyrir vestan. Nýr flokkur 2. hefti**

**Ritstj.: Hallgrímur Sveinsson**  
Fyrir allt áhugafólk um Vestfirði.

Aðal efni er um Hemma Gunn fyrir vestan. 96 bls.

**Vestfirska forlagið**  
ISBN 978-9935-430-42-7  
Leiðb.verð: 2.800 kr.



**Minningar af Kársnesi**

*Smárit Sögufélags Kópavogs og Héraðsskjalasafns Kópavogs I*

**Eypór Sigmundsson og Helga Sigurjónsdóttir**  
Umsj.: Gunnar Marel Hinriksson

Foreldrar Eypórs Sigmundssonar, Sigmundur Eyvindsson og Aðalheiður Olga Guðgeirsdóttir, hófu landnám við Borgarholtsbraut árið 1944. Hér eru birtar endurminningar Eypórs frá fyrstu árunum í Kópavogi sem teknar voru saman vegna fyrirhugaðs rits Helgu Sigurjónsdóttur (1936–2011) um Vesturbæ Kópavogs. Með þessari útgáfu vilja Sögufélag Kópavogs og Héraðsskjalasafn Kópavogs halda minningu Helgu á lofti og um leið því mikla starfi sem hún vann fyrir sögu bæjarins. Ritið fæst hjá útgefanda. 22 bls.

**Héraðsskjalasafn Kópavogs**  
ISBN 978-9935-9127-0-1  
Leiðb.verð: 1.000 kr.





# Átakanlegar sögur af harmleikjum og hetjudáðum

**Manntjón vegna sjóslýsa á Íslandi í  
upphafi 20. aldar var gríðarlegt.**

Menn sóttu sjóinn af harðfylgni en ekki alltaf forsjálni. Hér er rakin mögnuð og á köflum ótrúleg saga sjóslýsa í upphafi 20. aldar í læsilegri og spennandi útgáfu.

Hvergi er dregin dul á þau hörmulegu örlög og þær ægilegu aðstæður, sem biðu ósýndra sjómanna á smábátum, andspænis ógnarveðrum Íslandsmiða.

Illugi Jökulsson rekur hér átakanlega sögu á ljóslifandi og grípandi hátt.

nettó

HVAÐA  
BÓK



VILT  
ÞÚ  
GEFA  
?



**Nípukotsætt**

**Guðrún Hafsteinsdóttir**  
Niðjatal Húnvetninganna Jóns Þórðarsonar 1775–1826 og Guðrúnar Jónsdóttur 1779–1862. Upplýsingar í síma 6969886 eða snaebj@hi.is.

419 bls.  
**Bjarkarholt**  
ISBN 978-9979-70-980-0  
Leiðb.verð: 7.500 kr.



**Skagfirskar æviskrár 1910–1950 VIII bindi.**

Ritstj.: Hjalte Pálsson  
Áttunda bindi Skagfirska æviskráa frá tímabilinu 1910–1950 er komið út. Í bókinni eru 82 æviskrárþættir búenda og húsráðenda úr Skagafirði frá f.hl. 20. aldar. Gefin er lýsing á viðkomandi og æviferill rakinn.

Ættir eru raktar, fæðingar- og dánardagur kemur fram og getið barna og maka. Í bókinni eru tæplega 200 ljósmyndir ásamt itarlegri nafna- og heimildaskrá.

320 bls.  
**Sögufélag Skagfirðinga**  
ISBN 978-9979-861-20-1  
Leiðb.verð: 6.900 kr.



**Skríðdæla**

*Byggðasaga, ábúendatal og ýmis fróðleikur*  
**Hrólfur Kristbjörnsson og Jón Hrólfsson**

Í þessari glæsilegu og fróðlegu bók kennir margra grasa um Skríðdal og ábúendur þar í gegnum tíðina. Má þar nefna sveitarlýsingu, örnefni, ábúendatal, veðurfarsyfirlit og sögur af mönnum og mál-efnum svo eitthvað sé nefnt.

244 bls.  
**Bókaútgáfan Hólar**  
ISBN 978-9935-435-25-5




**Sveitin vestur lengst í sjá**

*Mannlífsþættir frá Rauðasandi*  
**Ari Ivarsson**  
Úrval greina um Rauðasand

úr bókaflóknum *Frá Bjargtöngum að Djúpi*. Beinlínis náma fyrir þá sem hafa áhuga á mannlífi og sögu á Rauðasandi.

160 bls.  
**Vestfirska forlagið**  
ISBN 978-9935-430-43-4  
Leiðb.verð: 3.900 kr.



**Svipmyndir úr sildarbæ II**

**Örylgur Kristinnsson**  
Örylgur Kristinnsson tekur hér upp þráðinn frá fyrri bók með sama nafni og bregður upp sterkum og áhrifamiklum mannlífsmyndum frá Siglufirði á liðinni öld. Umfjöllunin er eins og áður gaman og alvara í lífi almúgafólks.

276 bls.  
**Uppheimar**  
ISBN 978-9935-462-20-6





### Undir hraun

*Gosið í Heimaey 1973 í máli og myndum*

Sigurður Guðmundsson

Vestmannaeyjar voru kyrrlát eyja þar sem allt gekk sinn vanagang. Á einni nóttu, nánar tiltekið 23. janúar 1973, breyttist allt. Bókin segir frá gosnóttinni, flóttanum til meginlandsins og því risavaxna björgunarstarfi sem átti sér stað. Lesandinn fær einstaka innsýn í lífið í Eyjum, hvernig fólk sýndi ótrúleg viðbrögð, stillingu og æðruleysi við afar sérstæðar

aðstæður á miklum umbrotum og óvissutímum.

**Bókaútgáfan Hólar**

ISBN 978-9935-435-24-8



### Vatnsendi. Úr heiðarbýli í þétta byggð

*Smárit Sögufélags Kópavogs og Héraðsskjalasafns Kópavogs III*

Þorkell Jóhannesson

Umsj.: Gunnar Marel

Hinriksson

Vatnsendi var ein af fyrstu jörðunum hér á landi sem varð fyrir skerðingu vegna virkjanaframkvæmda til

raforkuframleiðslu og ein af þeim fyrstu með viðamikilli sumarbústaðabyggð. Á síðustu árum hefur byggð í landi Vatnsenda þanist út og sveit orðið að borg á miklum hraða. Sögu jarðarinnar Vatnsenda rekur dr. Þorkell Jóhannesson á fróðlegan hátt frá sjónarhóli þess sem þekkir landið bæði sem sveit og borg. Ritid fæst hjá útgefanda.

**Héraðsskjalasafn Kópavogs**

ISBN 978-9935-9127-2-5

Leiðb.verð: 1.500 kr.



### Vinnur meira vit en strit

*Ritsafn Bjarna Guðmundssonar um vélvæðingu íslenskr landbúnaðar*

**Bjarni Guðmundsson**

Þrjár bækur Bjarna Guðmundssonar um umbyltingu búskaparháttá á 20. öldinni saman í öskju, tölusettar og áritaðar af höfundi, alls 100 talsins. Bækurnar eru ...*og svo kom Ferguson, Alltaf er Farmall fremstur og Frá hestum til hestafla*. Í þessum þríleik rekur höfundur sögu íslensks samfélags út frá framvindu í landbúnaði á fróðlegan og skemmtilegan hátt. Bækurnar hafa enn fremur að geyma frábært myndefni.

636 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-462-11-4

## KYNNTU ÞÉR ÚRVAL NÝRRRA BARNA- OG UNGLINGABÓKA

**BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG**

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGUNA 23.-24. NÓV. 2013

Dagskrá hátíðarinnar má finna á [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)

# Ævisögur og endurminningar



## Að vera kona

Caitlin Moran

Þýð.: Anna Margrét Björnsdóttir

Caitlin Moran sló í gegn með þessari bók í heimalandi sínu, Englandi. Bráðfjörug og húmorísk frásögn af því hvað felst í því að vera kona og ganga í gegnum kynþroska-skeið, sambúð, barneignir og hjónaband. Caitlin er feministi fram í fingurgóma og setur fram róttækar skoðanir og gagnrýnir hlutskipti kvenna í nútímasamfélagi sem allt of margar konur virðast vera tilbúnar að gangast undir. Brasilískt vax er þar ekki undanskilið.

246 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-85-8 Kilja



## Alla mína stelpuspilatíð

Sigríður Kristín Þorgrímsdóttir Sigríður er frá Garði í Mývatnssveit, dóttir Jakobínu Sigurðardóttur rithöfundar og Þorgríms Starra Björgvinnssonar bónda og hagarðings. Hún segir hér frá sjálfri sér, uppvexti sínum og slitrótttri skólagöngu. Um leið fræðumst við um ættmenni hennar, einkum konurnar og þá fyrst og fremst móður og þá fyrst og fremst móður hennar, og hún veltir fyrir sér hlutskipti kynjanna um aldir. Persónuleg og ögrandi bók – „öðruvísi“ ævisaga.

314 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3396-8



## Allt upp á borðið

Vilhjálmur Hjálmarsson

Sagnameistari Vilhjálmur Hjálmarsson á Brekku rifjar hér upp bernsku sína og gerir upp þingmanns- og ráðherraferil sinn í stuttu máli. Þá fjallar hann um Seyðisfjörð og Seyðfirðinga og ekki síst það góða og göfuga starf sem unnið er á heilbrigðisstofnuninni þar í þágu þeirra sem glíma við minnistap.

**Bókaútgáfan Hólar**

ISBN 978-9935-435-34-7



## Ár drekans

Dagbók utanríkisráðherra á umbrotatímum

Össur Skarphéðinsson


„Sturlunga hin nýja“ er dómur eins af æðstu mönnum lýðveldisins um þessa hispurslausu dagbók Össurar Skarphéðinssonar frá árinu 2012. Össur var í hringiðunni og skrifar um innanflokksátök í Samfylkingunni, uppgjör við hrúnið, glímuna við forseta Íslands, samskiptin við Jóhönnu Sigurðardóttur, ESB og margt fleira. Einstök heimild, allt að því nistandi opinská á köflum en full þeirrar ritgleði og húmors sem Össur er þekktur fyrir.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-448-44-6







### Bara börn

Patti Smith

Þýð.: Gísli Magnússon

Hér segir frá sambandi söngkonunnar og listamannsins Roberts Mapplethorpe á sjöunda áratugnum í New York. Sönn og einlæg frásögn sem snertir lesandann á sama ljóðræna hátt og textar og tónsmíðar höfundar.

220 bls.

Salka

ISBN 978-9935-17-068-2

síðari. Einstaklega nærfærin þroskasaga drengs og lýsing á lífsháttum fátæks alþýðufólks fyrr á tíð.

280 bls.

Ugla

ISBN 978-9935-21-037-1



### Dóttirin

Hannah Shah

Þýð.: Edda Ólafsdóttir

Grípandi og sönn saga stúlku sem tókst að flýja ofbeldi og misnotkun á heimili sínu í Englandi. Í stað nauðungarhjórnabands fann hún frelsið og ástina.

Salt ehf. útgáfufélag

ISBN 978-9935-9115-2-0



### Efst á baugi


Ævinminningar Björgvins Guðmundssonar

Björgvin Guðmundsson

Björgvin Guðmundsson er kunnastur fyrir að hafa verið einn oddvita vinstristjórnarinnar í Reykjavík 1978–82. Í þessari skemmtilegu og upplýsandi ævisögu segir hann frá viðburðaríkri ævi í pólitík, viðskiptaráðuneyti og utanríkisþjónustu, atvinnulífi og útvarpi, en hann sá lengi um vinsælan þátt með nafninu *Efst á baugi*. Bók fyrir alla áhugamenn um stjórnmal og 20. aldar sögu.

Sögur útgáfa

ISBN 978-9935-448-33-0



### Forystumaður úr Fljóttum

Ævinminningar Ólafs Jóhannessonar

Jóhannessonar prófessors og forsætisráðherra

Ólafur Jóhannesson

Hér birtast endurminningar Ólafs Jóhannessonar prófessors og forsætisráðherra (1913–1984). Bókin fjallar um uppvaxtarár Ólafs í Fljóttum í Skagafirði, skólaár í MA og lagadeild Hl. Sagt er frá starfi í þjónustu SÍS og kennslu í lagadeildinni. Kaflar eru um upphaf stjórn málaafskipta og þingmennsku. Í eftirmála er í stórum dráttum gerð grein fyrir fjölskylduhögum og stjórn málaferli Ólafs til æviloka.

232 bls.

Sögufélag Skagfirðinga

ISBN 978-9979-861-19-5

Leiðb.verð: 5.999 kr.



### Bernskudagar

Æskunminningar Óskars í Sunnubúðinni

Óskar Jóhannesson

Óskar Jóhannesson, fyrrv. kaupmaður í Sunnubúðinni, segir hér frá bernsku sinni og uppveiti á Vestfjörðum á kreppearunum og í Reykjavík á heimsstyrjaldarárunum





**Frú Kennedy og ég**

Clint Hill

Þýð.: Björn Baldursson  
Hrífandi og náin lýsing á heillandi forsetafrú, sögð af manni sem þekkti hana betur en flestir aðrir.

Í fjögur ár var Clint Hill lífvörður Jackie Kennedy og stöðugt við hlið hennar – á fyrstu dögum forsetatíðar Johns F. Kennedy; við fæðingu sonanna Johns og Patricks, og skyndilegt andlát Patricks; á frídögum fjölskyldunnar; við forvitnileg kynni hennar af Aristotle Onassis; morðið á forsetanum og þeim dimmu dögum sem fylgdu í kjölfarið á því.

Þetta er einstök saga manns sem var í einhverju mest spennandi starfi sem um gat, með konu sem allur heimurinn elskaði, í ævintýri,

sem áleitinn harmleikur batt endi á allt of fljótt.  
297 bls.

**Heima er best útgáfa ehf.**  
ISBN 978-9935-9166-0-0 Kilja




**Fyrirmyndir**

Stutt sjálfssævisaga Bjarna E. Guðleifssonar

**Bjarni E. Guðleifsson**

Þetta er vafalítið óvenjulegasta ævisagan sem um getur. Höfundurinn Bjarni E. Guðleifsson, náttúrufræðingur, setur sjálfan sig ekki í öndvegi heldur fjallar hann um þá einstaklinga sem hann hefur mætt á lífsleiðinni og hafa gert hann að þeim manni sem hann er. 80 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**  
ISBN 978-9935-435-38-5  
Leiðb.verð: 1.500 kr. Kilja




**Gengið með fiskum**

Pálmi Gunnarsson

Pálmi Gunnarsson hefur verið veiðimaður allt frá bernskuárum á Vopnafirði. Frá því hann hóf veiðar hafa þær átt hug hans allan, þótt ekki megi gleyma að tónlistin hefur leikið stórt hlutverk í lífi hans.

Gengið með fiskum er ekki venjuleg bók um veiðar því hún geymir öðru fremur eftirminnilega þroskasögu veiðimanns. 210 bls.

**Uppheimar**  
ISBN 978-9935-462-15-2



**Gróa**

Frásagnir úr heimasveit

Jói í Skáleyjum

Eyjabóndinn Jóhannes Geir Gíslason segir hér frá sjálfum sér og sínu fólki í Breiðafjarðareyjum og uppi á landi. Einn-

ig samtímamönnum og þeim sem gengnir eru fyrr, kjörum þeirra og hugsunarhætti. 160 bls.

**Vestfirska forlagið**  
ISBN 978-9935-430-46-5  
Leiðb.verð: 3.900 kr.



**Gullin ský**

Ævisaga Helenu Eyjólfsdóttur Óskar Þór Halldórsson

Söngkonan Helena Eyjólfsdóttir segir hér frá lífi sínu í gleði og sorg; lífinu í Reykjavík á uppvaxtarárunum, föðurmíssi, dvöl á Silungapollu, fjölskyldulífinu og glímu eiginmanns hennar, Finns Eydal, við lyfjafíkn og síðar krabbamein og ýrnabilun. En rauði þráðurinn er dægurlagasöngurinn þar sem Helena var hvað þekktust fyrir söng í Hljómsveit Ingimars Eydal. Sautján ára gamalli var henni boðið að syngja í Bandaríkjunum, Skandinavíu og á meginlandi Evrópu. En hún kaus að hafna frægð og fram í útlöndum og skemmta Íslendingum. Það hefur hún nú gert í um sextíu ár.

**Bókaútgáfan Hólar**  
ISBN 978-9935-435-37-8

**nettó**

JÓLA-BÆKURNAR ERU Í NETTÓ



# HJARTNÆM OG AFHJÚPANDI

Samband Jóhönnu Sigurðardóttur og Jónínu Leósdóttur fór lengi leynt en endaði í heimspressunni. *Við Jóhanna* er áhrifamikil ástarsaga þeirra – dramatísk sigursaga um aflið sem býr í ástinni.



MÁL OG MENNING  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

nettó

HEMMI GUNN SONUR ÞJÓÐAR



**Hemmi Gunn – Sonur Þjóðar**

Skrás.: Orri Páll Ormarsson  
Hann hló. Hærra og meira en við flest. Hafði einstakt lag á því að sjá það spaugilega í tilverunni. Samt var líf Hermanns Gunnarssonar enginn dans á rósum. Ófugt við flesta drykkjumenn þurfti hann ekki aðeins að heyja þá baráttu fyrir framan fjölskyldu sína og vini heldur heila þjóð. Óskasonurinn sem öllum Íslendingum fannst þeir þekkja en þekktu ef til vill ekki neitt. 396 bls.


**Sena**  
ISBN 978-9935-9104-6-2



**Hemmi Gunn**  
Sonur Þjóðar  
Skrás.: Orri Páll Ormarsson  
HLJÓÐBÓK

*Hjálmar Hjálmarsson les.*  
Hann hló. Hærra og meira en við flest. Hafði einstakt lag á því að sjá það spaugilega í tilverunni. Samt var líf Hermanns Gunnarssonar enginn dans á rósum. Ófugt við flesta drykkjumenn þurfti hann ekki aðeins að heyja þá baráttu fyrir framan fjölskyldu sína og vini heldur heila þjóð. Óskasonurinn sem öllum Íslendingum fannst þeir þekkja en þekktu ef til vill ekki neitt.

**Skynjun**  
Dreifing: Sena  
ISBN 978-9935-18-064-3



**Jón Páll**  
Sólvi Tryggvason  
Það er á engan hallað þegar fullyrft er að Jón Páll Sigmars-son hafi verið þekktasti sonur Íslands þegar hann lést 16. janúar 1993. Ekki aðeins verður hann um aldur og ævi þjóðhetja á Íslandi, heldur á hann enn í dag dygga aðdáendur víða um heim. Í þessari ævisögu er varpað ljósi á hvaða mann Jón Páll hafði að geyma, auk þess sem helstu afrekum hans og tilþrifum er gerð góð skil.

Sólvi Tryggvason kynnti sér æviferil Jóns Páls, sem fjórum sinnum varð sterkasti maður heims. Sólvi ræddi við fjölmarga sem þekktu Jón Pál, allt frá æskuárum hans í

Árbænum og í Stykkishólmi. Hér er á ferðinni bók um einstaka þjóðhetju sem dó í blóma lífsins. 250 bls.  
**Bókaútgáfan Tindur**  
ISBN 9789979653486



**Kallar hann mig, kallar hann þig**  
Sigrún Elíasdóttir  
Að gera venjulegan mann merkilegan er viðfangsefni þessa verks en þar segir Sigrún Elíasdóttir sögu afa síns. Hann var hvorki frægur né ríkur, enda er það ekki það sem gerir fólk merkilegt, eins og höfundurinn árettur. Óvenjuleg ævisaga um mann sem er holdgervingur Íslandssögu 20. aldar. 276 bls.  
**Uppheimar**  
ISBN 978-9935-462-21-3





### Kamban

*Líf hans og starf*  
Sveinn Einarsson

Rithöfundurinn og leikskáldið Guðmundur Kamban fór ungur út í heim að afla sér frægðar og tókst það. Hann sló í gegn í Danmörku og starfaði víða um lönd. Leikrit hans vöktu hrifningu og skáldsagan *Skálholt* hlaut frábæra dóma austan hafs og vestan. En tengsl hans við Þýskaland nasismans leiddu til þess að danskir andspyrnumenn drápu hann í stríðslok. Hér fjallar Sveinn Einarsson um lífshlaup og dauða Kambans af næmi og skilningi og dregur fram margvísleg gögn sem varpa nýju ljósi á málið. 451 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3410-1



### Manga með svartan vanga – sagan öll

*Sagan um Möngu með svartan vanga, Ásdási skáld-konu frá Rugludal, systurnar í Baslhaga og aðrar hvunn-dagshetjur fyrri alda*  
Ómar Ragnarsson


Þegar Ómar Ragnarsson var drengur í sveit í Langadal í Húnavatnssýslu upp úr miðri síðustu öld kynntist hann nokkrum sérkennilegum konum sem höfðu djúp áhrif á hann. Þar á meðal var Manga með svartan vanga, ófrýnileg förukona sem gekk einatt eftir þjóðveginum miðjum með stóð af hundum og köttum í kringum sig og flautandi bílaröð á eftir. Árið 1993 sendi Ómar frá sér bók um Möngu en hér er sagan sögð á ný í aukinni og endurbættri útgáfu. 274 bls.

FORLAGIÐ

**Iðunn**


ISBN 978-9979-1-0527-5

# TVÆR GÓÐAR



## ETFIR SÖGUMANNINN FRÁ SIGLUFIRÐI

Í þessu verki tekur Örlýgur Kristinnsson upp þráðinn frá fyrri bók með sama nafni og bregður upp sterkum og áhrifamiklum mannlífsmyndum frá Siglufirði á liðinni öld. Umfjöllunin er eins og áður gaman og alvara í lífi almúgafólks. Þrátt fyrir sildarævintýri lifði fólk við kröpp kjör og lífsháskinn var aldrei langt undan.



## FINNBOGI Í FEIKNASTUÐI

Líkt og í fyrri bókum sínum, *Í húsi afa míns* og *Í fótspor afa míns*, opnar Finnboogi Hermannsson lesendum sínum heillandi sýn inn í einhverja mestu umbrotatíma í sögu íslenskrar þjóðar. Hér er lýst veröld sem var, af því hispursleysi sem lesendur Finnbooga þekkjja og fádæma fróðleik um hornfa tíma.





**Mennirnir með bleika þríhyrninginn**

Heinz Heger  
Þýð.: Guðjón Ragnar Jónasson  
Eftirmáli.: Þorvaldur Kristinsson

Sárafáir vitnisburðir hafa varðveist um líf samkynhneigðra í fangabúðum nasista. Saga mannanna með bleika þríhyrninginn er frægust þeirra ævisagna sem lýsa hlutskipti homma í Þriðja ríki Hitlers og hefur haft ómæld áhrif víða um lönd. Þetta er áhrifamikil frásögn af mannlegri grimmd og niðurlægingu, en líka mögnuð saga um mannlegt þrek og þolgæði, skráð af brennandi þörf til að miðla reynslu sem heimurinn hefur lengstum ekkert viljað af vita. Þorvaldur Kristinsson ritar ítarlegan eftirmála.

160 bls.  
**Bókaútgáfan Sæmundur**  
ISBN 978-9935-9099-0-9  
Leiðb.verð: 2.490 kr.



**Nafnlaus stúlkan**

Marina Chapman  
Þýð.: Guðjón Baldvinsson  
Afar áhrifarík, sönn saga stúlku, sem vinnur sigur á ótrúlegum aðstæðum á æskuárum sínum.

Árið 1954 var henni rænt í smáporpi í Suður-Ameríku, þá fjögurra ára gamalli og hún síðan skilin eftir, ein og yfirgefin, lengst inni í regnskógi Kólumbíu. Að hún skyldi lifa það af er hreint kraftaverk en það sem varð henni til lífs var að hún rakst á hóp hettuapa, sem hún síðan ólst upp hjá í 5 ár. Seinna náði hún samt að komast aftur

til manna og eðlilegs lífs í dag, eftir nokkurt harðræði í fyrstu við endurnýjuð kynni af mannfólkinu.

Ótrúleg en hrifandi bók um ævintýralega ævi. 217 bls.

**Heima er best útgáfa ehf.**  
ISBN 978-9935-9166-1-7 Kilja



**Paradísarstræti**

Lena Grigoleit, austur-prússnesk bóndakona segir sögu sína

Ulla Lachauer  
Þýð.: Pétur M. Sigurðsson og Sigurður H. Pétursson  
Lena Grigoleit, fædd 1910, bóndakona í Memelhéraði, austast í Austur-Prússlandi, sem þá var, lýsir ótrúlegri ævi af mikilli einlægni. Hún lifir tvær heimsstyrjaldir, hrun Prússland og útleð í Síberíu. Í bókarklof er yfirlit yfir sögu

Memelhéraðs og sagt frá tilurð bókarinnar. 145 bls.

**Bókaútgáfan Merkjalækur**  
ISBN 978-9979-72-450-6  
Leiðb.verð: 2.499 kr. Kilja



**Sagan mín**

Sigrún Sigurðardóttir frá Möðruvöllum

Frásögn Sigrúnar er hispurslaus, hlý og án öfga. Vestfirska forlagið hefur gefið út bækur eftir marga höfunda sem aldrei hafa áður birt staf eftir sig. Eru þó ekki loppnir með pennann! Sigrún er ein af þeim.

160 bls.  
**Vestfirska forlagið**  
ISBN 978-9935-430-50-2  
Leiðb.verð: 3.900 kr.



JÓLA-  
BÆKURNAR  
ERU Í NETTÓ

# ÞAÐ SKELFUR

## ENDURMINNINGAR RAGNARS STEFÁNSSONAR

Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur hefur lengi verið áberandi í íslensku þjóðlífi. Hér rekur hann fjölskyldusögu sína sem spannar meira en heila öld. Þetta er opinská saga um ást, harm og trygglyndi en um leið saga um baráttu fyrir réttlæti og jöfnuði.


Í bókinni lýsir Ragnar uppvexti sínum í Reykjavík, fólki og umhverfi sem urðu áhrifavaldar á lífi hans. Hann segir örlagasögur úr lífi foreldra sinna og forfedra á Suðurlandi og Snæfellsnesi og frá háskólaárum sínum í Svíþjóð.

Ragnar varð snemma tákngevingur fyrir pólitískt andóf gegn hersetu Bandaríkjanna á Íslandi, Víetnamstríðinu, og fyrir baráttu íslenskrar alþýðu fyrir bættum kjörum.

Í bókinni er fjallað um ýmsa þætti þessarar baráttu, einkum frá tímabilinu frá 1966 og fram á áttunda áratuginn.

Þá segir hann einnig frá starfi sínu sem einn helsti jarðskjálftafræðingur landsins og frá rannsóknum sínum og annarra sem miða að því að spá fyrir um jarðskjálfta.

*Það skelfur* er baráttusaga, bæði pólitískt og á sviði vísinda þar sem þetta tvennt fer stundum saman.



nettó

HVADDA  
BÓK



VILT  
ÞÚ  
GEFA  
?



### Sigrún og Friðgeir

*Ferðasaga*

Sigrún Pálsdóttir

Haustið 1940 lögðu tveir ungir íslenskir læknar, hjónin Friðgeir Ólason og Sigrún Briem, af stað áleiðis til Bandaríkjanna í sérnám. Eftir fjögurra ára vist þar og í Kanada snúa þau aftur til Íslands; hann með doktorspróf frá Harvard, hún rétt búin að ljúka kandidatsári sínu með vinnu á barnaspítölum. Sigrún og Friðgeir eru sannarlega tákni um bjartar vonir íslenskra læknávisinda þegar þau stiga um borð í Goðafoss haustið 1944 en þau eru líka foreldrar, sannfærð um hvert sé mikilvægasta hlutverk þeirra.

229 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-395-5



### Skáldaspejill

*Tímar lystreningjans*

Ólafur Ormsson

*Skáldaspejill* er þriðja bindi endurminninga Ólafs Ormssonar. Hér er viðfangsefnið einkum tími Lystreningjans á árunum 1974–1983 þótt ýmsir þræðir séu teygðir fram undir okkar tíma. Rakin er ævintýraleg saga þessa merka menningartímarits og fjallað um fjölda íslenskra skálda og rithöfunda sem tengdust útgáfunni. En jafnframt lýsir höfundur tíðaranda þessara ára á kostulegan hátt og bregður upp ógleymanlegum myndum af atburðum og einstaklingum.

Fyrri endurminningabækur Ólafs, *Ævintýraþorpið* og *Byltingarmenn og bóhemar* komu árin 2007 og 2009.

233 bls.

**Skrudda**

ISBN 978-9935-458-11-7

Leiðb.verð: 5.990 kr.



### Snorri á Fossum

*hjálpari og hestamaður, listamaður og lífskúnstur*


Bragi Þórðarson

Hinn góðkunnni sagnamaður Bragi Þórðarson rekur hér viðburðaríkt lífshlaup Snorra Hjálmarssonar á Syðstu-Fossum í Andakíl. Snorri hefur einstaka hæfileika, jákvæða lífssýn og er ávallt reiðubúinn að rétta náunganum hjálparhönd.

206 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-109-2



### Steingrímur J

*Frá Hruni og heim*

Björn Þór Sigbjörnsson

Dramatísk átök, þungbærar deilur við samherja og andstæðinga og hitamál eftirhrunsáranna. Hér hlífir Steingrímur J. hvorki sjálfum sér né öðrum. Hvað gerðist á bak við tjöldin?



288 bls.

**Veröld**

ISBN 978-9935-440-51-8

**Úr húsi afa míns****Finnbogi Hermannsson**

Í þriðja bindi sögu höfundar af uppvaxtarárum í sveit og borg fylgjum við honum í gegnum unglingsár uns hann lýkur prófi frá menntaskóla. Finnbogi Hermannsson hefur fengið lof fyrir frásagnagáfu og stílfimi, ekki síst fyrir endurminningabækur sínar.

204 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-67-4

**Valsað milli vídda****Þórunn Kristín Emilsdóttir**

Hvers vegna segir kona skilið við sitt fyrra líf og byrjar að

hjálp fólki í vanda með því að tengja sig við aðrar víddir og miðla ráðum að handan? Svárið liggur ekki í augum uppi, og menn hafa ólíkar skýringar á takteinum. En einlæg frásögn Þórunnar Kristínar hlýtur að hreyfa við lesandanum. Oddný Eir Ævarsdóttir og Messíana Tómasdóttir skrifa aðfaraorð.

130 bls.

**Ormstunga**

ISBN 978-9979-63-118-7 Kilja

**Við Jóhanna****Jónína Leósdóttir**

Jóhanna Sigurðardóttir og Jónína Leósdóttir voru báðar giftar þegar þær hittust fyrst, árið 1983, og hvorug hafði átt í ástarsambandi við konu. Ór-lagarík fundarferð vorið 1985 markaði upphaf stormasamsambands þeirra sem lengi fór leynt, enda ríktu töluverðir fordómar gagnvart samkyhnheigðum á þessum árum. Þær hafa alla tíð lagt kapp á að halda einkalífi sínu út af fyrir sig – en nú finnst þeim kominn tími til að opinbera þessa óvenjulegu og áhrifamiklu ástarsögu.

279 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3407-1

# TVÆR GÓÐAR



## PÁLMI GUNNARSSON OG VEIÐARNAR


„Yndislega ljúf bók [...] fann mikla samkennd.“

*Sigurður G. Tómasson, Kiljan*

„...hefur gríðarlegt vald á því sem hann er að gera.“

*Þorgeir Tryggvason, Kiljan*

„[Pálmi er] sjarmerandi maður og vel skrifandi.“

*Egill Helgason, Kiljan*

## ÆVI ÍSLENSKS ALPÝÐUMANS

Í þessari bók fjallar sagnfræðingurinn Sigrún Elíasdóttir um líf og störf afa síns, alpýðumannsins/torfhleðslumannsins Jóhannesar Arasonar frá Seljalandi í Gufudalssveit. Söguhetja bókunnar fæddist í torfbæ árið 1913 og lést á reykvískri sjúkrastofnun 96 árum síðar, árið 2009. Æviskeið Jóhannesar spannar því einhverja mestu umbrótátíma Íslandssögunnar.


**UPPHEIMAR**



**Við skjóttum þig á morgun, Mister Magnússon!**

**Haukur Már Haraldsson**  
 Árið er 1964. Bruce Mitchell, rúmlega títugur Skoti, lendir á Vestmannaeyjaflugvelli. Hann ætlar að vinna í Fiskiðj- unni í þrjá mánuði. Síðan er liðin hálf öld og hann heitir nú Mikael Magnússon. Mik kvæntist í Eyjum, fór á sjóinn, setti upp leiksyningar, flutti fréttir á ensku í útvarpinu, var fréttaritari BBC, starfaði fyrir Menningarstofnun Bandaríkjanna og á Keflavíkurflugvelli. Leiðin lá til Afríku og þaðan til stríðshrjáðrar fyrrum Júgóslavíu. Á ævintýrlegri vegferð sinni lenti Mik í mörgum sviptivindinum í starfi og einkalífi. Tæpitungulaus lífandi frásögn af sögulegri ævi. 375 bls.

**Ormstunga**  
 ISBN 978-9979-63-109-5



**Von**  
*Ævisaga Amal Tamimi*  
**Kristjana Guðbrandsdóttir**

Amal Tamimi er fædd og uppalin í Jerúsalem í Palestínu. Hún var 7 ára þegar stríðið skall á, 13 ára var hún fangelsuð af Ísraelsmönnum vegna grjótkasts, 16 ára var hún gift. Árið 1995 flúði hún heimilisofbeldi eiginmanns síns og fór með börnin sín fimm til Íslands. Flóttinn var ævintýrlegur og Amal hræddist um líf sitt. Nafn Amal merkir von. Von Amal hefur ávallt verið að komið sé fram við hana og allar aðra eins og manneskjur. Af virðingu og væntumþykju.

**Bókaútgáfan Hólar**  
 ISBN 978-9935435-22-4



**Það góða sem við viljum**

*Den goda viljan*  
**Ingmar Bergman**  
 Þýð.: Magnús Ásmundsson  
*Það góða sem við viljum* er sagan af foreldrum höfundarins skrifuð sem kvikmyndahandrit. Bókin er framhald af *Fanny og Alexander*. 240 bls.

**Vestfirska forlagið**  
 ISBN 978-9935-430-44-1  
 Leiðb.verð: 3.900 kr.



**Það skelfur**  
*Endurminningar*  
**Ragnar Stefánsson**

Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur hefur lengi verið áberandi í íslensku þjóðlífi. Í þessari bók rekur hann fjölskyldusögu sína sem spannar meira en heila öld. Þetta er opinská saga um ást, harm og trygglyndi en um leið saga um baráttu fyrir réttlæti og jöfnuði.

Í bókinni lýsir Ragnar uppvexti sínum í Reykjavík, fólki og umhverfi sem urðu áhrifa- valdar á lífi hans.

Ragnar varð snemma tákn- gervingur fyrir pólitískt andóf gegn hersetu Bandaríkjanna á Íslandi, Víetnamstríðinu, og fyrir baráttu íslenskrar alþýðu fyrir bættum kjörum og betra þjóðfélagi.

Í bókinni er fjallað um ýmsa þætti þessarar baráttu,

ERTU BÚINN(A) AÐ FINNA ÞÍNA JÓLABÓK?

einkum frá tímabilinu frá 1966 og fram á áttunda áratuginn.

Þá segir hann einnig reynslusögur úr starfi sínu sem einn helsti jarðskjálftafræðingur landsins og frá rannsóknum sínum og annarra sem miða að því að spá fyrir um jarðskjálfta.

332 bls.

**Skrúdda**

ISBN 978-9935-458-14-8

Leiðb.verð: 5.990 kr.



### Þú skrinlagða heimska

Þorsteinn Antonsson og

Sævar Marínó Ciesielski

Margir minnst bókar Þorsteins Antonssonar um *Guðmundar-* og *Geirfinnsmál* frá árinu 1991 sem margra álit er að hafi átt drjúgan þátt í því hve lífseig krafan um endurskoðun þeirra mála hefur verið með þjóðinni. Sami höfundur fylgir þeirri bók nú eftir með óbirtu efni frá sama tíma sem sýnir málin í pers-

ónulegra ljósi en gert hefur verið til þessa. Sumpart er hér byggt á glötuðum heimildum frá samverkamanni hans við bókargerðina; öðrum þræði er sótt í samtöl við meðhöfundinn. Bókin telst heimildasaga eins og sú fyrri, enda er hún hluti af henni þótt beggja álit hafi verið að betur hæfði að biði síns tíma. 187 bls.

**Skrúdda**

ISBN 978-9979-655-97-8

Leiðb.verð: 2.990 kr. Kilja



### Ævisögur ypparlegra merkismana

Jón Ólafsson úr Grunnavík

Ritstj.: Guðrún Ása Grímsdóttir

Jón Ólafsson úr Grunnavík (1705–1779) starfaði lengstum að fornfræðum við Árnasafn í Kaupmannahöfn. Hann var alinn upp hjá Páli Vídalín lögmanni í Víðidalstungu, var síðasti skrifari Árna Magnússonar prófessors og vinur Skúla Magnússonar

fógeta. Jón samdi ævisögu Páls og ævisögu Árna í tveimur gerðum og upphaf ævisögu Skúla, henni fylgir órsaga sem er harðorð ádeila á danska Íslandskaupmenn. Ennfremur samdi Jón ævisögu Odds Sigurðssonar lögmanns, ævisöguágríp Jóns Magnússonar, bróður Árna og loks sjálfævisögu og ritaskrá. Þessi bók er heildarútgáfa á ævisögum eftir Jón Ólafsson með nútímastafsetningu ásamt innangi er skýrir tilurð þeirra og varðveislu. Mannlýsingarnar byggjast á persónulegum kynnum, eru nákvæmar, sannorðar og sjónrænar. 378 bls.

**Góðvinir Grunnavíkur-Jóns**

ISBN 978-9979-9245-3-1 Kilja



KYNNTU ÞÉR ÚRVAL  
NÝRRAR ÆVISAGNA

BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGUNA 23.-24. NÓV. 2013

Dagskrá hátíðarinnar má finna á [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)

# Matur og drykkur



## 6 kíló á 6 vikum

Ulrika Davidsson og Ola Lauritzson

Þýð.: Sigrún Ástriður Eiríksdóttir  
Uppskriftir að ómótstæðilegum en um leið heilsusamlegum réttum og ábendingar af ýmsu tagi svo að aukakílóin hverfa hratt og örugglega!  
144 bls.

### Veröld

ISBN 978-9935-440-31-0



## Brauð & eftirréttir Kristu

Sykur-, ger- og glútenlaust

María Krista Hreiðarsdóttir

Krista ástríðukokkur heldur úti vinsælu bloggi um lágkolvetnamataræði. Hér eru gírnilegar uppskriftir að uppáhalds brauð- og eftirréttum hennar sem eru algjörlega sykur-, hveiti-, ger- og glútenlausir.  
140 bls.

### Salka

ISBN 978-9935-17-113-9

Sælkeræferð um Skagafjörð þar sem fögur náttúra og ljúffengir réttir eru í öndvegi. Stórglæsilegar myndir af skagfirskri náttúru og matargerð, heimsóknir á skagfirsk sveitabýli, hrossablót og sælkeraveislur af ýmsu tagi. Bókin er bæði á íslensku og ensku.  
168 bls.

### Nýprent ehf.

Dreifing: Nýprent

ISBN 9789979722519

Leiðb.verð: 4.990 kr.



## Fjölbreytt, ferskt og fullt af bragði

Funky, Fresh and Full of Flavour

Einar Geirsson

Ég hafði gengið með þá hugmynd í kollinum í talsverðan tíma að gera matreiðslubók um réttina á matseðli RUB23. Eins og oft er með góðar hugmyndir var þessi lengi í kollinum á mér og minna varð úr verki. En svo fór allt af stað og þá gerðust hlutirnir mjög hratt. Ég talaði við þá sem ég þurfti í verkefnið og takmarkið var að gera bókina á 24 klst., að elda alla réttina og taka allar myndir og vinna allar uppskriftir á íslensku og ensku. Það náðist og var einfaldara en ég hélt. Í bókinni



## Fagur fiskur

Sveinn Kjartansson og Áslaug Snorradóttir

Sveinn Kjartansson matreiðslumaður og Áslaug Snorradóttir ljósmyndari unnu þessa spennandi og óvenjulegu matreiðslubók upp úr sjónvarpsþáttunum *Fagur fiskur*, sem þau stóðu að ásamt fleirum. Hér eru alþekktir fiskar jafnt sem fáséðir, skelfiskur og sjávargróður, og öllu er breytt í fjölbreytta og gómsæta rétti sem allir ættu að geta töfrað fram heima hjá sér. Mikill fjöldi skemmtilegra ljósmynda og teikninga er í bókinni.  
224 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-380-1




## Afmælisveislubókin

Ritstj.: Kristín Eik Gústafsdóttir  
Í þessari áventýrlegu og litskrúðugu bók er að finna heilan hafsjó af uppskriftum, skreytingum og sniðugum hugmyndum fyrir afmælisveisluna.  
192 bls.

### Edda útgáfa

ISBN 9789935131263

Leiðb.verð: 4.490 kr.



## Eldað undir bláhimni

Ritstj.: Heiðdís Lilja

Sigurjónsdóttir

*Eldað undir bláhimni* er til-einkuð skagfirskri matarmenningu, sem byggir á þeirri hugmyndafærði að nýta það spennandi hráefni sem finna má í skagfirsku matarkistunni. Í bókinni er boðið upp á sannkallað bragðlaukaæventýri:



er að finna forrétti, smarétti, fiskrétti, kjötrétti, sushi og eftirrétti. Flestallir þessara réttu hafa verið á matselli RUB23. Allar uppskriftirnar eru nokkuð einfaldar og því ættu allir að geta notið þess að elda úr bókinni.

Sushi Pizzan margumtalaða, sem er klárlega frægasti réttur RUB23, er í bókinni ef þú ert að velta því fyrir þér. 168 bls.

**K6 ehf / RUB23**

ISBN 978-9979-72-474-2

Leiðb.verð: 4.700 kr.



### Freistingar Thelmu

Thelma Þorbergsdóttir


Myndir: Lárus Karl Ingason

*Freistingar Thelmu* er bók fyrir alla sem hafa gaman af því að bera fram gómsætar og fallegar freistingar. Í bókinni eru uppskriftir að kökum, sætum bitum, eftirréttum og ís sem henta við öll tækifæri. Einnig er kafli tileinkaður barnaafmælum og þar deilir Thelma með lesendum alls kyns hugmyndum, uppskriftum og leikjum sem gera barnaafmæli eftirminnileg og skemmtileg. Þetta er bók sem nýtist á hverju heimili og fallegar myndir eftir Lárus Karl gera bókina enn glæsilegri.

160 bls.

**Ljósmynd – útgáfa**

ISBN 978-9935-9015-4-5



### Góðgæti fyrir gæludýrin

Bjarkey Björnsdóttir

Skemmtileg og fræðandi bók þar sem fjallað er um mataræði gæludýranna okkar. Hugmyndir og uppskriftir af ýmsu bragðgóðu og hollu nammi og þjálfunarnammi fyrir ýmis gæludýr. Einnig er bókinn full af fallegum ljósmyndum.

75 bls.

**Bjarkey Björnsdóttir**

ISBN 978-9979-72-252-6

Leiðb.verð: 2.599 kr.



### Heilsubakstur

Auður Ingibjörg Konráðsdóttir  
Inniheldur fjölda girnilegra uppskrifta að brauðum, kökum og meðlæti. Hér má finna orkubita, glúteínlaus brauð, idýfur, pestó og margt fleira. Fjölmarginir kannast við bækur Auðar heilsukokks en þær hafa notið mikilla vinsælda.

112 bls.

**Bókafélagið (BF-útgáfa)**

ISBN 978-9935-426-76-5

# Fjórar bækur í einni



Bókin geymir á annað hundrað girnilegar uppskriftir að brauði og kökum, eftirréttum, millibitum og veislumáltíðum. Hverri uppskrift fylgja þrjú afbrigði sem eiga við helstu ofnæmisvaldana, egg, mjólkurvörur, hnetur og glúten.

*Kræsingar - án ofnæmisvalda* er samt ekki bók um sérþæði, heldur alhliða matreiðslubók, hlaðin fjölbreyttum uppskriftum að hollum mat sem allir geta notið.

Bókin er gefin út að tilstuðlan Astma- og ofnæmisfélagsins.

Þar sem þekkingin á sér samastað

OPNA




**Heilsudrykkir Hildar**  
Hildur Halldórsdóttir  
50 uppskriftir af gómsætum og heilsusamlegum drykkjum. Láttu eftir þér að súpa af náttúrunnar gæðum, heilsunnar vegna!  
111 bls.  
**Óðinsauga Útgáfa**  
ISBN 978-9935-451-28-6  
Leiðb.verð: 3.720 kr.



**Í tilefni dagsins**  
Yesmine Olsson

Í tilefni dagsins er afkrastur af ævilangri ástríðu Yesmine fyrir mat og forvitni hennar um þær fjölbreyttu leiðir sem hægt er að fara með því að nota kitlandi krydd og frábært hráefni.  
250 bls.  
**Edda útgáfa**  
ISBN 9789935131492  
Leiðb.verð: 5.990 kr.



**Kjúklingaréttir Nönnu**  
Nanna Rögnvaldardóttir  
Kjúklingur er vinsælasta kjötmetið á borðum Íslendinga og hann má nýta á ótrúlega margvíslegan hátt, jafnt í ódýra hversdagsrétti sem finasta veislumat. Hér gefur Nanna uppskriftir að fimmtíu frábærum kjúklingaréttum þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi og sýnir fjölbreyttar en einfaldar matreiðsluaðferðir þar sem kjúklingur verður að gómsætum kræsingum af öllu tagi. Falleg

og aðgengileg matreiðslubók í handhægu broti.  
136 bls.  
FORLAGIÐ  
**Iðunn**  
ISBN 978-9979-1-0525-1



**Kræsingar – án ofnæmisvalda**  
*Engin egg, mjólkurvörur, glúten, lmetur*  
Alice Sherwood  
**Þýð.: Fríða Rún Þórðardóttir**  
Hér má finna á annað hundrad uppskriftir; bragðgóð brauð og kökur og eftirrétti sem bráðna á tungu, holla millibita, stórkostlega veislu-rétti og allt þar á milli.  
Þetta er í raun fjórar bækur í einni því hverri uppskriftir fylgja þrjú afbrigði sem eiga við helstu ofnæmisvaldana, egg, mjólkurvörur, hnetur og glúten.

Fríða Rún Þórðardóttir næringarráðgjafi á Landspítalanum þýddi bókina að tilstuðlan Astma- og ofnæmisfélagsins.  
224 bls.  
**Bókaútgáfan Opna**  
ISBN 978-9935-10-023-8



**Lág kolvetna lífsstíllinn**  
Gunnar Már Sigfússon  
LKL-matarræðið hefur slegið í gegn á Norðurlöndum og hér kynnir Gunnar Már Sigfússon líkamsræktarþjálfari það fyrir Íslendingum.  
128 bls.  
**Bókafélagið (BF-útgáfa)**  
ISBN 978-9935-426-50-5



JÓLA-  
BÆKURNAR  
ERU Í NETTÓ



### Lág kolvetna ljúfmeti

Ulrika Davidsson

Þýð.: Ásdís Guðnadóttir

100 auðveldar uppskriftir að ljúffengum lág kolvetna réttum eftir einn vinsælasta matreiðslubókahöfund Svía. Hér eru uppskriftir við allra hæfi.

144 bls.

**Bókafélagið (BF-útgáfa)**

ISBN 978-9935-426-78-9


eftirrétum úr náttúrulegum og hreinum hráefnum, ásamt ráðleggingum um mataræði og lífsstíl.

152 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2251-4



### Læknirinn í eldhúsinu

Tími til að njóta

Ragnar Freyr Ingvarsson

Hér er komin matreiðslubók sem bragð er að! Allir matgæðingar þekkjá matarblogg Ragnars Freys og hér hefur hann búið til stóra, þykka og óhemju glæsilega bók með nýjum og freistandi uppskriftum. Þetta er bók fyrir þá sem vilja gera vel við sig. Eins og Ragnar segir: „Nú er tími til að njóta.“ Gerið svo vel!

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-448-37-8




### LKL2

Lágkolvetnalífsstíllinn

Gunnar Már Sigfússon

Myndir: Örvar Halldórsson  
Þúsundir manna hafa tileinkað sér lágkolvetnalífsstíllinn og uppskorið minna mittismál og bættu heilsu. Gunnar Már er þekktur heilsuráðgjafi og líkamsræktarþjálfari og fyrri LKL-bók hans naut mikilla vinsælda. Hér er komin önnur spennandi bók með fjölda nýrra uppskrifta að bragðgóðum og mettandi morgunmat, aðalréttum og



### Makrónur

Béngégre Abraham

Þýð.: Snjólaug Lúðvíksdóttir

Lærið allt um makrónugerð og reiðið fram gómsætar makrónur. Uppskriftabók í öskju ásamt sprautupoka með sex mismunandi stutum til þess að gera fallegar makrónur.

64 bls.

**Bókafélagið (BF-útgáfa)**

ISBN 978-9935-426-54-3



### Nigella á ítölskum nótum

Nigella Lawson

Þýð.: Anna María

Hilmarsdóttir

Nigella Lawson sýnir listir sínar í ítalskri matargerð. Sannkílluð veisla!

207 bls.

**Veröld**

ISBN 978-9935-440-53-2



### Matargleði Evu

Eva Laufey Kjaran

Hermannsdóttir

Hér tófrar sjónvarpskokkurinn og blogggarinn góðkunnir fram 80 gómsætar uppskriftir; forrétti, súpur, aðalrétti, brauð, kökur og eftirrétti. Gullfalleg bók sem lífgar upp á tilveruna og matarboðið.

176 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-110-8



### Nýir heilsuréttir fjölskyldunnar

Berglind Sigmarsdóttir

Sjálfstætt framhald metsölu-bókarinnar *Heilsuréttir fjölskyldunnar*. Hér er að finna fjölda uppskrifta að ljúffengum og hollum réttum sem öllum í fjölskyldunni líkar. Í bókinni eru gefin ráð um hvernig hægt er að draga úr sykurneyslu unga fólksins og temja sér heilsusamlegra mataræði og lífsstíl.

224 bls.

**Bókafélagið (BF-útgáfa)**

ISBN 978-9935-426-77-2





**Partíréttir**

Rósa Guðbjartsdóttir

Hér gefur matgæðingurinn Rósa Guðbjartsdóttir frábærar uppskriftir að ljúffengum og girnilegum réttum og öðru góðgæti sem einfalt og ánægjulegt er að reiša fram við hin ýmsu tækifæri, í barnaafmælið, saumaklúbbinn, útskriftina eða þegar við viljum gera okkur glaðan dag í góðra vina hópi.

**Bókafélagið (BF-útgáfa)**  
ISBN 978-9935-426-65-9

Frönsk þýðing matreiðslubókarinnar *Cool Dishes*, sem fyrst kom út 2004 og hefur verið endurprentuð fjórum sinnum. Hér öðlast hefðbundnir íslenskir réttir nýtt líf. Uppskriftirnar eru blanda af gamalli matreiðslu og nýrri og hér má sjá íslenska heimilismatargerð í sinni bestu mynd. Tilvalin gjöf handa frönskumælandi vinum og kunningjum.

74 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2215-6

skemmtilegum frásögnum um sveitir Provence en hvergi í Frakklandi er matreiðsla eins nátengd hamingjunni. Bók sem gleður matgæðinga!

**Salka**

ISBN 978-9935-17-088-0



**Vín**

– frá þrúgu í glas

Steingrímur Sigurgeirsson

Áhugi fólks og þekking á léttvíninum fer sívaxandi og nú er komin út bók sem bætir miklu við. Þetta er aðgengilegt og gullfallegt rit þar sem farið er í spennandi ferðalag um vínheiminn, vínækt og víngerð er lýst og gefin góð ráð um vínsökkun og val og geymslu á vínnum. Sagt er frá mismunandi tegundum af þrúgum og vínunum sem úr þeim eru gerð og lesandinn leiddur í fræg vínhús og á fund kunnra víngerðarmanna. Steingrímur Sigurgeirsson hefur skrifað um vín um langt skeið og dreypt á mörgu af því besta sem vínheimurinn hefur að bjóða.

312 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2225-5



**Uppskriftir**

Guðleif Friður Sigurjónsdóttir

Bókin er til á íslensku, ensku, þýsku, frönsku og dönsku.

Hún hefur að geyma mataruppskriftir en einnig eru auðar síður til að skrifa sínar eigin.

Bókin er til í 4 litum og er með teygju. Hún er 160 bls., innbundin í vírgorm og pökkuð í sellófanpoka.

**Bókagerðin Harpa slf**

ISBN 978-9979-7223-3-5



**Sælkerafلاك um Provence**

88 uppskriftir að hettu hamingjunni að hetti Provencebúa

Sigríður Gunnarsdóttir

Myndir: Silja Sallé og Michel

Sallé

80 girnilegar uppskriftir með glæsilegum ljósmyndum og



**Plats faciles**

Nanna Rögnvaldardóttir

Myndir: Gísli Egill Hrafnsson

Þýð.: Kristín Jónsdóttir



**BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG**  
 Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGINA 23.-24. NÓV. 2013  
 Dagskrá hátíðarinnar má finna á [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)





# Nú er tími til að njóta

**Nautn og rjómi. Kjöt og safi. Sósur og unaður. Krydd og kitlandi sæla. Ostar, lundir, hvítlaukur, hunang. Grænmeti og brakandi beikon. Bragð og lúxus. Smjör og súkkulaði. Vatn í munninn, já... eða vín.**

Læknirinn eldar af slíkri ástríðu að hver einasta uppskrift felur í sér heila veislu.

Ragnar Freyr Ingvarsson hefur um árabíl haldið úti vinsælu matarbloggi, *Læknirinn í eldhúsinu* sem vakið hefur athygli fyrir spennandi uppskriftir og skemmtilegar frásagnir.

Í þessari bók sleppir hann fram af sér beislinu og eldar af þvílíkri nautn að lesendur hljóta að hrifast með.

# Fræði og bækur almenns efnis



## 102 sögur úr sögunni

Jón R. Hjálmarsson

Hér er sagt á stuttan og aðgengilegan hátt frá atburðum, fyrirbærum, uppfinningum og einstaklingum sem hafa markað spor í þróuninni, allt frá því maðurinn lærði að nota eldinn og þar til hann komst til tunglsins.

520 bls.

**Suðurlandsútgáfan**

ISBN 9789979916444

Leiðb.verð: 3.690 kr. Kilja



## 365 dagar með kettinum mínum kæra

Samant.: Helen Exley

Myndir: Yoneo Morita

Yndislegar, óvenjulegar og skemmtilegar kattamyndir, ein fyrir hvern dag ársins, ásamt viðeigandi tilvitnunum. Falleg gjöf handa öllum þeim sem kunna að meta ketti.

368 bls.

**Steinegg ehf.**

ISBN 978-9935-421-31-9

Leiðb.verð: 3.490 kr.



## 66 Handrit

úr fórum Árna Magnússonar  
Ritstj.: Svanhildur Óskarsdóttir  
Í ár eru 350 ár liðin frá fæðingu Árna Magnússonar handritasafnara og hefur afmælisins verið minnst á margvíslegan hátt.


Þessi glæsilega og ríkulega myndskreyta bók geymir lýsingu eftir um 30 fræðimenn á 66 handritum úr safninu – einu fyrir hvert ár sem Árni lifði. Auk þess er lýst nokkrum fornbréfum. Svanhildur Óskarsdóttir ritaði ítarlegan kafla um safnarann Árna og ástríðu hans, og þær Laufey Guðnadóttir og Soffía Guðný Guðmundsdóttir lýsa aðferðum við bókargerð á miðöldum á glöggan hátt.

Bókin mun koma út á þremur tungumálum og er unnin í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Det Arnamagnæanske Institut í Kaupmannahöfn.

240 bls.

**Bókaútgáfan Opna**

ISBN 978-9935-10-058-0



## Að breyta rétt

Uppspretta aukinnar lífshamingju

Samant.: Helen Exley

Myndskr.: Angela Kerr

„Við skulum ekki vanmeta áhrif einstaks góðverks,“ segir Brian d'Arcy, í þessu safni hvetjandi tilvitnana um góða breytni. Þetta er afar mikilvægt því rétt breytni skapar traustan grunn fyrir lífshamingju þína.

80 bls.

**Steinegg ehf.**

ISBN 978-9935-421-23-4

Leiðb.verð: 1.490 kr.



# Glæsilegt tímamótaverk

- Náttúruvá á Íslandi er fræðirit fyrir almenning þar sem helstu sérfræðingar landsins fjalla um eldgos og jarðskjálfta.
- Sagt er frá nýjustu rannsóknum í jarðvísindum og jarðskjálftafræði sem tengjast Íslandi.
- Bókin er tæpar 800 bls. í stóru broti og í henni eru nærri 1000 ljósmyndir, teikningar og skýringamyndir.
- Náttúruvá á Íslandi er án efa eitt ítarlegasta og efnismesta rit um eldvirkni og jarðskjálfta á Íslandi sem gefið hefur verið út.





### Að finna hamingjuna

10 leiðir að hamingjuríku lífi

Barbara Berger

Þýð.: Vilborg Davíðsdóttir

Hér er velt upp áleitnum spurningum um hamingjuleitina og bent á 10 leiðir að betra lífi. Í hverju felst hamingjan sem við erum öll að leita að og hvernig er hægt að höndla hana?

244 bls.

Salka

ISBN 978-9935-418-21-0 Kilja



### Að velja gleði

Kay Pollak

Þýð.: Draumej Aradóttir

Vilt þú gleðiríkara líf? Í bókinni *Að velja gleði* kennir Kay Pollak þér að velja gleðina.


Bókin er sérlega auðlesin og áhrifarík fyrir þá sem finna að þeir vilja komast lengra

með sjálfa sig – og líf sitt og tilveru. Vegna uppbyggingar bókarinnar hentar hún bæði þeim sem eru að leggja af stað í átt að sínum innra þroskastíg og líka þeim sem eru komnir spölkorn áleiðis. 215 bls.

**Draumsýn ehf.**

ISBN 978-9935-444-36-3

Leiðb.verð: 2.699 kr. Kilja



### Að öðlast styrk

Þrautseigja og hugrekki

Samant.: Helen Exley

Myndskr.: Angela Kerr

Styrkur manns felst ekki í líkamsburðum, heldur óbugandi vilja, sagði Gandhi. Þetta safn uppörvandi tilvitnana hvetur okkur til þrautseigju og til að muna, þegar á móti blæs, að ör er sterkara en óskaddað hörund, og gera okkur grein fyrir styrk okkar og halda ótraud áfram. 80 bls.

**Steinegg ehf.**

ISBN 978-9935-421-24-1

Leiðb.verð: 1.490 kr.



### Af jörðu


Íslensk torflús

Hjörleifur Stefánsson

Fyrsta heildaryfirlit um sögu íslenskra torfhúsa, byggingartækni þeirra og samsvaranir við torfbyggingar í öðrum löndum. Torfhúsin eru eitt helsta framlag Íslendinga til heimsmenningarinnar og varðveisla þeirra er verkefni okkar allra. Bókin er ríkulega myndskreytt með ljósmyndum og teikningum. 320 bls.

**Crymgea**

ISBN 978-9935-420-23-7



### Almanak HÍ 2014

Ritstj.: Þorsteinn Sæmundsson og Gunnlaugur Björnsson


Auk dagatalsins flytur almanakið margvíslegar upplýsingar, svo sem um sjávarföll og gang himintungla. Lýst er helstu fyrirbærum á himni, sem frá Íslandi sjást. Í almanakinu eru stjörnukort, kort

sem sýnir áttavitastefnur á Íslandi og kort sem sýnir tíma-belti heimsins. Þar er að finna yfirlit um hnetti himingeimsins, mælieiningar, veðurfar, stærð og mannfjölda allra sjálfstæðra ríkja og tímanna í höfuðborgum þeirra. Loks eru í almanakinu upplýsingar um helstu merkisdaga fjögur ár fram í tímann. 96 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISSN 1022-8527

Leiðb.verð: 2.490 kr. Kilja



### Almanak Þjóðvinafélagsins 2014

Ritstj.: Þorsteinn

Sæmundsson, Gunnlaugur

Björnsson og Jón Árni

Fríðriksson

Almanak Þjóðvinafélagsins er aðgengileg handbók um íslensk málefni. Í almanakinu sjálfu er m.a. að finna dagatal með upplýsingum um gang himintungla, messur kirkjuársins, sjávarföll, hnattstöðu Íslands o.fl. Í Árbók Íslands er fróðleikur um árferði, atvinnuvegi, stjórnámál, úrslit Íslandsmóta, náttúruhamfarir, slys, mannlát, verklegar framkvæmdir, vísitölur, verðlag og margt fleira. 204 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISSN 1670-2247

Leiðb.verð: 2.490 kr. Kilja



### Alþjóðastjórnmal

Samvinna – Átök –  
Umhverfisógn


Stefán Karlsson

Hvað er alþjóðavæðing? Hverjar voru orsakir vígbún- aðarkapphlaupsins á tímum kalda stríðsins? Þýr Evrópa við meira öryggi að kalda stríðinu loknu en meðan á því stóð? Eru komnir upp aðrir átakþættir í kjölfar kalda stríðsins sem stafa af árekstrum ólíkra menningar- heima? Hverjar eru orsakir hryðjuverkastarfsemi? Er Evrópusambandið orðið yfir- þjóðleg stofnun?

Þetta eru aðeins nokkrar þeirra spurninga sem reynt er að varpa ljósi á í bókinni. Í henni er reynt að veita svör við ýmsum spurningum sem hafa verið mörgum hugleiknar í alþjóðastjórnmalum allt frá síðari heimsstyrjöldinni. 328 bls.

**ÞNÚ bókaútgáfa**

ISBN 978-9979-67-311-8 Kilja



### Andvari 2013

Nýr flokkur LV 138.ár

Ritstj.: Gunnar Stefánsson

Aðalgrein Andvara að þessu sinni er æviágrip Vilhjálms Þór eftir Jón Sigurðsson rekstrarhagfræðing. Vil- hjálmur var einn helstu áhrifa- og athafnamanna í íslenskum þjóðmálum á síð- ustu öld og lét einkum til sín taka í efnahagsmálum. Hann var utanríkisráðherra í utan- þingsstjórninni við stofnun lýðveldis og síðar bankastjóri Landsbankans og seðla- bankastjóri. Einnig var hann meðal helstu forustumanna samvinnuhreyfingarinnar, ungur kaupfélagsstjóri á Ak- ureyri og síðar forstjóri SIS. – Aðrar greinar í Andvara fjalla m.a. um Eirík Magnússon bókavörð í Cambridge, Bjarna Thorarensen og sagnaskáldið Þorgils gjallanda. Einnig eru greinar um höfundna nýrra tíma, Árna Ibsen og Bjarna Bjarnason. 180 bls.

**HÍÐ íslenska þjóðvinafélag**

Dreifing: Háskólaútgáfan

ISSN 0258-3771

Leiðb.verð: 2.500 kr. Kilja

## BJARNI GUÐMUNDSSON Á HVANNEYRI

### Frá hestum til hestafla



*Frá hestum til hestafla* er þriðja bók Bjarna Guðmundssonar á Hvanneyri um verkætti til sveita á tækniöld. Þær fyrri, . . . **og svo kom Ferguson** og **Alltaf er Farmall fremstur**, hafa notið mikillar hylli, enda rekur höfundur sögu íslensks samfélags út frá framvindu í landbúnaði á fróðlegan og bráðskemmtilegan hátt, að ógleymdu frábæru myndefni.

Í þessari bók segir Bjarni sögur af vinnuhestum og hestanotkun við bústörf, fyrstu dráttarvélinni sem til Íslands kom, Akranesstraktornum svonefnda, Lanz-þúfnabananum og loks af landbúnaðarjeppunum Willys og Land Rover. Þá rifja átta einstaklingar upp minningar sínar frá þessum breytingatímum.



Í tilefni þess að Bjarni Guðmundsson hefur nú lokið þessu mikla verki var gefin út vegleg askja með öllum bókunum þremur undir sam- heitinu **Vinnur meira vit en strit**. Askjan er aðeins gefin út í 100 tölusetnum og árituðum eintökum og er því fágætur gripur.



### Á jaðrinum

Afmælisrit Þorsteins Antonssonar samíð af honum sjálfum

Þorsteinn Antonsson

Bók þessi er gefin út í tilefni af 50 ára höfundarafmæli Þorsteins. Með því fjallar hann um nokkra höfunda og bækur sem hann hefur búið til kynningar og enn eru óprentaðar. Samkvæmt ritinu liggur jaðarinn milli sveitar og borgar, milli þjóðlífs og útleigðar, milli byggðar og öræfa, milli trúgreinar og fuglsins uns hann hefur sönginn, milli höfundar og tölvu sem hann leikur á af fingrum fram.

93 bls.

**Skrudda**

ISBN 978-9935-458-13-1

Leiðb.verð: 2.990 kr. Kilja



### Á sömu leið

Ritstj.: Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir

Það eru mikilvæg skref í lífi barna þegar þau hætta í leikskóla og hefja grunnskólagöngu. Á þeim tímamótum hafa börn þegar aflað sér reynslu sem skiptir máli í áframhaldandi námi þeirra. Því er mikilvægt að sú þekking og færni sem þau hafa tileinkað sér í leikskólanum nýtist þeim í grunnskólanum.

Hvernig er hægt að auka tengslin milli þessara skólastiga og skapa samfellu í námi barna? Þessi spurning er meginumfjöllunarefni bókarinnar *Á sömu leið*.


Greint er frá niðurstöðum samstarfsrannsóknar kennara í leik- og grunnskólum og rannsakenda og stúdenta við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknin fór fram í þremur leikskólum og þremur grunnskólum í Reykjavík á árunum 2009–2011. Bókin er ritrynd.

151 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9935-23-022-5

Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja



### Ástarsaga Íslendinga að fornu

Gunnar Karlsson

Hér er fjallað á aðgengilegan hátt um ástir Íslendinga á tímabilinu 870–1300: um rétt landsmanna til að elska, hömlur á þeim rétti, frjálsar ástir, makaval, festar og brúðkaup, hjónaskilnaði, frillulíf, stöðu óskilgetinna barna og ást á eigin kyni, svo nokkuð sé nefnt. Leitað er í forn kvæði, lögbækur, Íslendingasögur, Sturlungu, biskupasögur og fleiri rit og kemur í ljós að ástin réð furðumiklu lífi Íslendinga að fornu.

381 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3392-0

Óbundin



### Barnið þitt er á lífi

Elin Hirst

Þegar Ranka fæðir langþráð barn í Júgóslavíu er henni sagt að það sé dáíð. Hún og maður hennar búa við hörmuleg kjör sem flóttamenn í Belgrad þegar Kastljós Sjónvarpsins kemur til sögunnar. Þegar Ranka lýsir neyð sinni grátandi í viðtali bregst Ingibjörg Vagnsdóttir í Bolungarvík við og segir: „Ég ætla að bjarga Rönku.“ Nokkrum mánuðum síðar stendur Ranka skjálfandi á beinunum á flugvælinum á Ísafirði þar sem Inga tekur á móti henni og umvefur hana ást sinni og vináttu. Ranka öðlast sálarfrið en sá friður er fögull þegar óvænt samtali berst frá fyrrum Júgóslavíu og vekur upp brennandi spurningar.

*Barnið þitt er á lífi* er magnþrungin örlagasaga.

188 bls.

**Útkall ehf.**

ISBN 978-9935-9141-0-1

Leiðb.verð: 5.990 kr.





Lærdómsrit  
Bókmenntafélagsins  
**Bjólfskviða**  
J.R.R. Tolkien

Einn þekktasti rithöfundur heims beitir beittu stílvopni sínu og fræðilegri skarp-skyggni á hið forna kvæði Bjólfskviðu. Arndís Þórarinsdóttir þýddi. Ármann

Jakobsson ritar inngang og skýringar.  
120 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**  
ISBN 978-9979-66-309-6  
Leiðb.verð: 3.490 kr.



**Blue Eyed Pop**  
*The History of Popular Music in Iceland*

Dr. Gunnur gaf út stórverkið *Stuð vors lands* í fyrra, einstaka heimild um íslenska tónlistarsögu. Hér er komin stytt og samandregin ensk

útgáfa þeirrar skemmtilegu bókar. Hún er kjörin handa vinum erlendis sem furða sig á því hvað íslenskt tónlistarlíf er ótrúlega blómlegt.

**Sögur útgáfa**  
ISBN 978-9935-448-45-3



**Burt með draslið**

Rita Emmet  
Þýð.: Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir

Bráðsnjöll ráð um það hvernig má losa sig við drasl og koma í veg fyrir að það hrannist upp aftur. Lausnarorðin eru: Henda, gefa, geyma. Einföldum lífið! Allt á sinn stað!

184 bls.

**Salka**  
ISBN 978-9935-17-077-4 Kilja

## Smiler getur breytt öllu

Í þessari bók lærir þú um mátt þess að brosa og hve megnug við erum að skapa. Sannar sögur höfundar krydda á skemmtilegan hátt mátt þessarar speki.

„Hér er dásamleg staðfesting á því að hægt er að finna – og svo sannarlega skapa – kærleika og gleði í lífinu öllu, með verkfæri sem þig mun undra hversu auðvelt er að nota.

Þetta er bók sem getur breytt lífi allra, alls staðar.“

Neale Donald Walsch, höfundur metsölubókanna Samræður við Guð.


Bókin er bæði á íslensku og ensku.





**Búsáhaldaþytingin**  
*Sjálfspróttin eða skipulögð*  
Stefán Gunnar Sveinsson  
Búsáhaldaþytingin 2008–2009 er einn ótrúlegasti kaflinn í nútímasögu Íslendinga. Magnaða lýsingar á því sem gerðist. Einstök bók um einstakan viðburð. Margt nýtt kemur fram í bókinni. 240 bls.

**Almenna bókafélagið**  
ISBN 9789935426567 Kilja



**Byltingin að ofan**  
Vilborg Isleifsdóttir  
Á tímabilinu 1537–1565 verða mikil stjórnskipuleg átök í Evrópu sem berast hingað. Bókin greinir frá þeim og veitir nýja og breytta, vandaða og skilmerkilega, sýn á 16. öldina. 347 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**  
ISBN 978-9979-66-287-7  
Leiðb.verð: 5.990 kr.



### Chomsky – Mál, sál og samfélag

Ritstj.: Höskuldur Þráinsson og Matthew James Whelpton  
Bandaríski málvísindamaðurinn og samfélagsrýnirinn Noam Chomsky hefur oft verið talinn sá vísindamaður sem mest er vitnað til í fræðaheiminum. Í bókinni *Chomsky – Mál, sál og samfélag* er annars vegar fjallað á aðgengilegan hátt um helstu þætti kenninga hans um mannlegt mál og eðli þess og hins vegar um valin atriði í samfélagsrýni hans. Chomsky var heiðursfyrirlesari Hugvísindasviðs Háskóla Íslands á hundrað ára afmæli skólans árið 2011 og kaflarnir í bókinni eiga rót sína að rekja til málstofu sem haldin var af því tilefni. Hér eru einnig þeir tveir fyrirlestrar sem Chomsky flutti í Háskólabíói haustið 2011. Bókin er ritrýnd. 355 bls.

**Háskólaútgáfan**  
ISBN 978-9935-23-016-4  
Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja



### D-vítamín, fjörefni sólarljóssins

Zoltan P. Rona  
Þýð.: Jón H. Karlsson  
Fróðleikur um D-vítamín, fjörefnið sem ver okkur fyrir mörgum alvarlegum sjúkdómum. Með nægu D-vítamíni byggjum við upp varnarkerfi líkamans og leggjum grunn að góðri heilsu. 152 bls.

**Salka**  
ISBN 978-9935-17-100-9 Kilja



### D-vítamínþytingin

*Hvernig máttur þessa undraverða vítamíns getur breytt lífi þínu*  
Soram Khalsa

Þýð.: Bergsteinn Sigurðsson  
Nýlegar rannsóknir hafa sýnt fram á samband D-vítamínskorts við sautján afbrigði af krabbameini, þar á meðal í brjóstum, ristli og blöðruhálskirtli. Aðrir kvillar á borð við flensu, sykursýki, MS og

hjartasjúkdóma hafa einnig verið tengdir við D-vítamínskort. Ítarleg heimildaskrá fylgir.

192 bls.  
FORLAGIÐ  
**Vaka-Helgafell**  
ISBN 978-9979-2-2242-2  
Óbundin



### Dagbók 2014


*Árið með heimspekingum*  
Sigríður Þorgeirsdóttir  
Hér er nýnæmi á ferðinni. Þetta er í senn dagbók/dagatal fyrir árið 2014 og saga kvenna sem hafa lagt stund á heimspeki allt frá fornöld til samtímans. Bókin er fallega hönnuð og hugsuð sem dagbók á skrifborði eða ferðaafélagi í tösku. Tilvalin gjöf. Bók til að njóta og nota sem dagbók. Hverri viku fylgir stutt umfjöllun um marga helstu kvenheimspekinga fyrri tíma og samtímans. Sigríður Þorgeirsdóttir, heimspékiþáttfarandi, rekur hér í stuttum pistlum sögu heimspékinganna í ljósi hugmynda þessara kvenna. Dregnar eru upp leiftrandi myndir af þessum huldu hetjum heimspékinganna sem hafa löngum verið „gleymdar“ og ekki metnar að verðleikum. Þeirra viska – sem oft er á skjön við ráðandi visku karlheimspekinganna – er veganesti fyrir hverja viku ársins. 110 bls.

**Háskólaútgáfan**  
ISBN 978-9935-23-023-2  
Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja



LEIÐSÖGN Í MÁLI OG MYNDUM

# GERSEMAR JARÐAR



Undraverð fjölbreytni  
náttúrunnar:  
dýr, plöntur, frumverur,  
berg og steindir.

*Einstæð fróðleiksnáma handa öllum  
– ungum jafnt sem öldnum –  
sem gefa umhverfi sínu gaum.*



**JPV**

JPV ÚTGÁFA  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

648 bls.  
í stóru  
broti



**BÆTTU  
ÞESSARI  
Í SAFNIÐ!**





### Eftir skilnað

Um foreldrasamstarf og kynslódatengsl

Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir

Hér er fjallað um þau áhrif sem skilnaðir hafa á lífsgæði barna. Greint er frá stöðu skilnaðarforeldra og þeim ólíku myndum sem samskipti þeirra og forsjárfyrirkomulag taka á sig, sem og þeim breytingum sem skilnaður veldur á réttarstöðu og uppeldishögum barna. Bókin er byggð á viðamikilli rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við foreldra og ömmur og afa skilnaðarbarna til þess að komast að því hvernig þau meta aðstæður og líðan barnanna og reynsla þeirra könnuð af skilnaði barna sinna og forsjármálum. Í bókinni er einnig ítarlegt yfirlit yfir skilnaðarrannsóknir og

rakin þróun löggjafar á því sviði. *Eftir skilnað* er undirstöðurit fyrir allar skilnaðarfjölskyldur og aðstandendur þeirra, fagfólk og nemendur í félagsráðgjöf og skyldum greinum. Bókin er ritrýnd. 245 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-996-3

Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja



### Eigi víkja

Jón Sigurðsson

Hverjar eru forsendur íslenskrar þjóðvitundar og þjóðerniskenndar? Hvenær og afa skilnaðarbarna til þess að komast að því hvernig þau meta aðstæður og líðan barnanna og reynsla þeirra könnuð af skilnaði barna sinna og forsjármálum. Í bókinni er einnig ítarlegt yfirlit yfir skilnaðarrannsóknir og

sögu Íslands og Íslendinga lætur þessa bók framhjá sér. 304 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

ISBN 978-9935-435-26-2 Kilja



Gata, Austurey, Færeyjar

### Eivör

og færeysk tónlist

Jens Guðmundsson


Íslendingar hafa tekið ástfóstri við færeysku tónlistarkonuna Eivöru. Það er ofur eðlilegt. Hún er stórkostleg! Henni þykir líka mjög vænt um Ísland. Í bókinni er sagt frá mörgu því sem þig hefur langað til að vita – en ekki hefur verið sagt frá áður. Hvernig barn og unglingur var hún? Af hverju á hún fjölmennan frændgarð á Íslandi? Hvernig lýsa æskuvinir persónunni Eivöru? Af hverju hætti hún við að verða at-

vinnukona í knattspyrnu? – Í bókinni er fjöldi mynda. Einnig eru fróðleiksmolar um Færeyjar og færeyska tónlistarmenn. Bráðskemmtileg bók!

180 bls.

**Bókaútgáfan Æskan**

ISBN 978-9979-767-91-6



### Endurnýjanleg raforka

Egill Benedikt Hreinsson

*Endurnýjanleg raforka* er fag- og fræðibók er fjallar um rafmagn sem orkumiðil við nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Fjallað er um einingar raforkukerfanna og innbyrðis samspil í eina starfræna heild. Bókin hentar sem kennslubók, einkum á háskólastigi, og til sjálfsnáms til að kynnast rafmagnni sem vistvænum orkumiðli

ERTU ÞÚMINN) AÐ  
FINNA ÞÍNA JÓLABÓK?



nettó

í nútímapjöðfélagi. Þótt þörf sé tiltekinnar stærðfræðikunnáttu ætti nám í framhaldsskóla á því sviði að duga lesandanum. Bókinni fylgir langur heimildalisti og margar skýringarmyndir, formúlur, töflur og línurit og ryður bókin brautina sem mikilvægt framlag til íslenskrar faglegrar umræðu og þekkingargrunns um skynsamlega nýtingu hinna verðmætu orkulinda Íslands. 348 bls.

**Sveifla**  
ISBN 978-9979-72-430-8

### Engan þarf að öfunda


Barbara Demick

Þýð.: Elín Guðmundsdóttir  
Mögnuð verðlaunabók, sem farið hefur sigurför um heiminn, um daglegt líf almennings í Norður-Kóreu, lok-



aðasta landi heims. Önnur útgáfa með nýjum eftirmála. 350 bls.

**Ugla**  
ISBN 978-9935-21-033-3 Kilja



### Fagmennska í skólastarfi

Til heiðurs Trausta Þorsteinssyni

Ritstj.: Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímánnsson

Trausti Þorsteinsson hefur um langt árabil verið áhrifamaður í íslenskum menntamálum. Þessi bók er skrifuð til heiðurs honum fyrir framlag hans

til menntamála. Leiðarstef hennar er velferð og menntandi námsreynsla barna og ungmenna í skólum. Í bókina skrifa þrettán fræðimenn um ýmis viðfangsefni sem tengd eru hugðarefnum sem Trausti hefur helgað krafta sína á starfsferlinum og fjalla þeir allir með einhverjum hætti um þær margvíslegu birtingarmyndir fagmennsku og fagmannlegra starfshátta kennara og skólastjórnenda sem gert geta skólann að lýðræðislegu menntasamfélagi. Í slíku samfélagi verður fjölbreytningin að auðlegð og allir nemendur fást dag hvern við viðfangsefni sem hæfa þeim, skipta þá máli og búa þá undir farsælt líf. Bókin er ritrýnd. 296 bls.

**Háskólaútgáfan**  
ISBN 978-9935-23-010-2  
Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja

## Hársnyrting – undirstöðuatriði

Ítarlegt rit um allt sem viðkemur hársnyrtingu, hið fyrsta sinnar tegundar á íslensku. Bókin er gefin út í samvinnu við Pivot Point á Íslandi. Hana prýðir aragrúi ljósmynda og skýringarteikninga.



**IDNÚ**  
BÓKAÚTGÁFA

Brautarholti 8 / 105 Reykjavík  
sími 517 7210 / fax 552 6793 / www.idnu.is

IDNÚ  
bókabúð  
gott úrval  
ritfanga



### Faldar og skart

*Faldbúningurinn og aðrir íslenskir þjóðbúningar*  
Sigrún Helgadóttir

Saga faldbúningsins er rakin í þessari bók. En hér er líka sögð saga íslenskra kvenklæða fram á 20. öld, með aðaláherslu á faldbúninginn. Honum er lýst í heild og einstökum hlutum hans – og öllum fylgihlutum, sem eru ótrúlega margir og fjölbreytilegir. Hér er Íslandssagan rakin með hannyrðum kvenna.

Bókin er gefin út í samstarfi við Heimilisiðnaðarfélag Íslands, sem fagnaði 100 ára afmæli á þessu ári. Höfundur verksins, Sigrún Helgadóttir, hefur samið margar kennslu-

og fræðibækur og hlotnast ýmsar viðurkenningar. Hún hefur starfað í faldbúningahópi HFÍ, Faldafeyki. 201 bls.

**Bókaútgáfan Opna**

ISBN 978-9935-10-056-6



### Ferðaklúbburinn 4x4 30 ára

Jón G. Snæland

Ferðaklúbburinn 4x4 var stofnaður árið 1983 og fagnar því 30 ára afmæli á þessu ári. Í þessari bók er fjallað ítarlega um sögu klúbbsins en í bókinni er jafnframt sagt frá íslenskum fjallamönnum allt frá því menn tóku að ferðast á bílum um hálendið.

Í bókinni er fjölbreytilegt efni um flest það sem lýtur að fjallamennsku á jeppum, slóðamál, landmælingar, skála klúbbsins á hálendinu, umhverfismál, jeppasýningar, ferðir jeppamanna á framandi slóðir, svo sem á Suður- og Norðurheimsskautin og til Grænlands, og svo mætti lengi telja.


Í bókinni eru tæplega 600 ljósmyndir, kort og skýringamyndir.

400 bls.

**Skrudda**

ISBN 978-9935-458-12-4

Leiðb.verð: 14.990 kr.



### Ferðamál á Íslandi

Edward Hákon Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson

Þetta er fyrsta rit sinnar tegundar á íslensku; heildstætt grundvallarit sem tekur á ferðamálum í víðu samhengi. Bókin er ætluð þeim sem stunda nám í ferðamálafræði á háskólastigi eða ferðapjónustugreinum á ýmsum skólastigum en jafnframt þeim sem hafa atvinnu af ferðapjónustu.

323 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3389-0

Óbundin

KYNNTU ÞÉR ÚRVAL  
NÝRRRA FRÆÐIBÓKA

BÓKAMESSA Í BÓKMENNTABORG

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR HELGINA 23.-24. NÓV. 2013

Dagskrá hátíðarinnar má finna á [www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)



**GRÉTA SÖRENSEN**



**PRJÓNTÆKNIKENNSLA | 100 PRJÓNAMUNSTUR**

# Ný íslensk handbók um prjón

Fræðandi rit fyrir allt prjónafólk,  
jafnt byrjendur sem lengra komna.

Farið er yfir öll grundvallaratriði í  
prjóni, allt frá fyrstu til síðustu lykkju.



  
**VAKA-HELGAPELL**



### Forskot

Þórður Sverrisson

Brautryðjandaverk á íslensku, fyrsta bókin sem tekur á heildstæðan hátt á stefnumótun, framtíðarsýn, stjórnun og skipulagi fyrirtækja. Hér er mið tekið af íslenskum aðstæðum sem erlendar bækur um stjórnun ná ekki til. Bókin er greinargóð og læsileg og er lærdómsrík öllum sem fást við stjórnun á Íslandi.

394 bls.

### Sögur útgáfa

ISBN 978-9935-448-14-9



### Frásagnir af Íslandi

ásamt óhróðri Göries Peerse og Dithmars Blefkens um land og þjóð


Umsj.: Már Jónsson og Gunnar Þór Bjarnason „Deilugjarnir og illviljaðir, hefningjarnir, fláráðir og þræl-

lyndir.“ Þannig lýsir Johann Anderson Íslendingum í umdeildri Íslandslýsingu frá 1746 sem nú birtist á íslensku í fyrsta sinn. Í bókinni eru jafnframt endurprentaðar alræmdar Íslandslýsingar þeirra Göries Peerse og Dithmars Blefkens frá 16. öld. 292 bls.

### Sögufélag

ISBN 978-9935-466-00-6

Leiðb.verð: 3.900 kr.



### Fyrirlestrar um frumspeki

Ágrip af rökgreiningarheimspeki 20. aldar

Ólafur Páll Jónsson

Tvenn þáttaskil urðu í sögu rökgreiningarheimspekinnar á 20. öld. Þau fyrri lýstu sér í því að tungumálið varð meginviðfangsefni heimspekinga. Þau síðari urðu þegar háttarökkræði hætti að vera tæknilegt sérsvið og varð að hversdagslegu verkfæri heimpekinga í ólíkum greinum.

Í fyrirlestrunum sem hér birtast er gefin innsýn í þessar tvær vendingar í rökgreiningarheimspeki á 20. öld. Fjallað er um nokkra áhrifamestu heimspekinga þessarar hefðar, svo sem Frege, Russel, Wittgenstein, Quine og Kripke, gerð grein fyrir tilteknum þáttum í heimspeki þeirra, flókin og

stundum tæknileg atriði útskýrð og valin rit sett í viðara hugmyndasögulegt samhengi.

151 bls.

### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-985-7

Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja



### Förðun-skref fyrir skref

Kristín Stefánsdóttir

Kristín Stefánsdóttir hefur starfað sem snyrti- og förðunarmeistari í áratugi og er best þekkt fyrir förðunarlínuna sína No Name. Í þessari bók kennir hún konum förðun og húðumhirðu á einfaldan og skilmerkilegan hátt.

128 bls.

### Edda útgáfa

ISBN 9789935131423

Leiðb.verð: 5.290 kr.



### Gifsplötur

Uppsetning veggja


Þýð.: Erling R. Erlingsson

Í þessari bók er gerð grein fyrir smíði og uppsetningu gifspöttu. Þegar unnið er með gifspöttu er mikilvægt að nota réttu verkfærin – á réttan hátt! Þess vegna fjallar sérstakur kafli í bókinni um þau verkfæri sem koma að bestu gagni.

88 bls.

### ÍDNÚ bókaútgáfa

ISBN 978-9979-67-327-9 Kilja



### Gledilegt hár

Flottar greiðslur fyrir öll tækifæri


Íris Sveinsdóttir

Frábærar greiðslur fyrir allar hársíddir. Ómissandi bók fyrir allar stelpur!

122 bls.

### Veröld

ISBN 978-9935-440-54-9



### Glíman við orðin

*Afmælisrit*

**Guðrún Kvaran**

*Glíman við orðin* er úrval ritgerða eftir Guðrúnu Kvaran. Í bókinni eru níttján greinar sem sýna fjölbreytt viðfangsefni Guðrúnar: orðfræði, orðsifjar, nafnfræði, biblíumál og sögu íslenskrar málfræði. Að bókarlokum er ritaskrá höfundar.

Guðrún Kvaran lauk cand. mag.-prófi í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands árið 1969 og doktorsprófi í indóevrópskri samanburðarmálfræði við háskólann í Göttingen í Þýskalandi árið 1980. Hún starfaði við Orðabók Háskólans um áratuga skeið sem sérfræðingur, síðar forstöðumaður hennar og prófessor við hugvísindasvið Háskóla Íslands. Guðrún hefur verið formaður Íslenskrar málnefndar undanfarin ár.

Bókin er gefin út í tilefni sjötugsafmælis höfundar sumarið 2013.

388 bls.

**Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum**

ISBN 978-9979-654-25-4

Leiðb.verð: 5.900 kr. Kilja



### Grikkland alla tíð


Synisbók grískra bókmennta-texta; sögur, leikrit, ljóð, heimspeki og sagnfræði frá síðustu þrjúþúsund árum. Hjálmdiskur fylgir með uppllestri Kristjáns Arnasonar á *Illonskviðu*. Varpað er ljósi á ólíka þætti grískrar menningar að fornu og nýju.

438 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

ISBN 978-9979-66-312-6

Leiðb.verð: 5.990 kr.



### Guðni

*Léttur í hund*

**Guðni Ágústsson**

Guðni Ágústsson fer á kostum í sögum af sjálfum sér og öðrum – og þjóðþekktir menn rifja upp litríkar sögur af Guðna. Skemmtilegasta bók ársins!

251 bls.

**Veröld**

ISBN 978-9935-440-55-6


# Íslandssagan sögð með hannyrðum kvenna



Faldþingurinn sem er í forgrunni þessarar bókar á sér ótrúlega sögu. Hann er talinn hafa verið að verðmæti á við 100 hross, og er gott dæmi um hvilíkar gersemar íslensku búningarnir gátu verið.

Hér er rakin saga íslenskra kvenklæða fram á 20. öld, með aðaláherslu á faldþinginn. Gerð er grein fyrir einstökum hlutum búningans og öllu skartinu sem honum fylgir.

Ótal ljósmyndir prýða bókina, sem er gefin út í samstarfi við Heimilisíðnaðarfélag Íslands.



### Guðni

Léttur í lund

Guðni Ágústsson  
HLJÓÐBÓK

Guðni Ágústsson les.

Guðni fer á kostum í sögum af sjálfum sér og öðrum – og þjóðþekktir menn rifja upp litríkar sögur af Guðna.



### Skynjun

Dreifing: Sena

ISBN 978-9935-18-059-9



### Gunnarsæfingarnar

Qigong – Orka – Hugleiðsla – Heilsa

Gunnar Eyrjólsson, Björn Bjarnason og Porvaldur Ingi Jónsson

Qigong-æfingar byggjast á agaðri öndun, öguðum líkamsburði og einbeitingu. Þær efla viðnámsþrótt, draga úr skaðlegum ytri áhrifum, skapa viðnám gegn sjúkdóm-

um, léttá á spennu og stuðla að hugarró.

Lýst er æfingakerfi sem Gunnar Eyrjólsson leikari þróaði og hópur fólks hefur stundað í nær tvo áratugi. Allir geta stundað æfingarnar, einnig veikburða og hreyfihamaðir.

96 bls.

**Aflinn, félag qigong iðkenda á Íslandi**

Dreifing: Salka

ISBN 9789979724452 Kilja



### Harpa

– from dream to reality

Þórunn Sigurðardóttir

Þýð.: Brian FitzGibbon


Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa er umdeild bygging sem setur mikinn svip á miðborg Reykjavíkur og er nú ótvíræð miðstöð tónlistar í landinu, auk þess sem þar eru haldnar stórar alþjóðlegar ráðstefnur. Byggingin hefur vakið mikla athygli erlendis og hlotið fjölda hönnunarverðlauna og viðurkenninga. Hér er byggingarsögu hússins, innviðum og viðburðum lýst í máli og myndum. Bókin er á ensku og er tilvalin gjöf til erlendra vina og gesta sem sækja landið heim.

96 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-385-6



### Háborgin

Menning, fagurfræði og pólitik í upphafi tuttugustu aldar

Ólafur Rastrick

Háborgin fjallar um samband fagurfræði, menningar og umbótastjórn mála á Íslandi frá lokum nítjándu aldar og fram til um 1930. Bókinni er ætlað að svara spurningum um hvaða hugmyndir mennta- og stjórnmálamenn gerðu sér um félagslegt hlutverk íslenskrar menningar á mikilvægu mótunarskeiði hennar. Einnig eru skoðuð áhrif stjórnmálamanna á menningarmál og hvernig þau birtust í mótun listastefnu, skipulagi höfuðstaðarins eða sviðsetningu alþingishátíðarinnar. Greint er hvernig menningarstjórnmálum var ætlað að lyfta þjóðinni á hærra stig menningar og siðmenntunar og sýna henni sjálfri og umheiminum fram á að í landinu byggji menningarpjóð sem ætti sér tilverurétt í fullvalda þjóðríki sem þjóð meðal þjóða.

305 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9935-23-013-3

Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja



Íslenzk fornrit, 31.-32. bindi  
**Hákonar saga I og II**

Sturla Þórðarson

Í þessum bindum eru prentaðar Hákonar saga Hákonarsonar og Böglunga saga, auk þeirra brota sem varðveist hafa af Magnúss sögu lagabætis. Sturla Þórðarson ritaði Hákonar sögu 1264–65 að beiðni Magnúsar lagabætis, sonar Hákonar. Sturla lét ekki þar við sitja heldur ritaði einnig sögu Magnúsar. Hákonar saga er merkasta heimild sem varðveitt er um sögu Noregs á miðöldum, en um leið er hún hluti af íslenskrri bókmenntasögu þar sem hún er rituð af Íslendingi. Þá fá viðskipti konungs við Íslendinga verulegt rými í sögunni og ýmsir íslenskir höfðingar birtast þar í öðru ljósi heldur en í Sturlungu eða öðrum heimildum. Samskipti Hákonar konungs og Skúla jarls eru lengi vel í brennidepli – togstreitan milli þeirra magnast í sífellu, uns annar þeirra verður að víkja af sviðinu. Skrár, kort og myndir þrýða útgáfuna.

Porleifur Hauksson, Sverrir Jakobsson og Tor Ulset gáfu út með inngangi og skýringum.

Ritsstjórar: Jónas Kristjánsson og Þórður Ingi Guðjónsson.

840 bls.


**Hið íslenska fornritafélag**

Dreif.: Hið ísl. bókmenntafélag  
ISBN 978-9979-893-98-1

Leiðb.verð: 8.790 kr.







*Hvaðan komum við?  
Hver erum við?  
Hvert höldum við?*



**M**jög sérstök bók sem gefur skýr svör við óleystum spurningum mannlegrar tilveru. Gríðarleg þekking sem þar er að finna leiðir þá lesendur sem leita af einlægni og vega og meta á málefnalegan hátt burt úr allri óreiðu glundroða og brenglunar samtímans í átt til skýrrar vitneskju.

Á vafningalausan hátt er gerð grein fyrir þeim lögmálum sem ríktu við tilurð og tilveru alls sköpunarverksins, atburðir heimsins eru skýrðir á skynsamlegan hátt, ábyrgð mannsins gagnvart Guði og meðbræðrum sínum er sett fram og útskýrð. Þannig lýkst óhagganleg innri víska um eigin persónuleika upp fyrir þeim sem opnar sig þessari vitneskju.

Þriggja binda útgáfa:

I. bindi á íslensku

II. bindi á ensku

III. bindi á ensku

I. – III. bindi á ensku

Fæst í bókaverslunum



Verlag der Stiftung Gralsbotschaft  
Stuttgart, Þýskaland

[www.gralsbodskapur.org](http://www.gralsbodskapur.org)

Netfang:  
[vasey-leuze@gral-norden.net](mailto:vasey-leuze@gral-norden.net)





### Hársnyrting

Undirstöðuatriði  
Pivot Point

Þýð.: Margrét Ísdal, Þórdís Eiríksdóttir og Jóna Dóra Óskarsdóttir

Með útkomu þessarar bókar er draumurinn um kennslubók í hársnyrtingu á íslensku loksins orðinn að veruleika. Um er að ræða rit um undirstöðuatriði hársnyrtingar sem er ætlað að vera lykll að velgengni fagmanns í starfi. Bókin er gefin út í samstarfi við Pivot Point og skiptist í tvo meginhluta. Í þeim fyrri er fjallað um fræðilegan grundvöll hársnyrtingar, s.s. um vistfræði stofunnar, líffæra- og lífeðlisfræði, efnafræði og stofurekstur, en í þeim síðari um hárbjónustu. Má þar m.a. nefna kafla um hárfæði, stílmótun, klippingu, hárkollur, hárlitun o.fl. Fjöldi ljósmynda og skýringarteikninga prýðir bókina, sem ætti ekki einungis að gagnast þeim sem hyggja á nám í hársnyrtingu heldur öllum þeim sem láta sig fagið varða.

**ÍÐNÚ bókaútgáfa**

ISBN 978-9979-67-314-9 Kilja



### Heilsubók Jóhönnu

Jóhanna Vilhjálmisdóttir  
Sannkölluð fröðleiksnáma um mataræði, sjúkdóma og betra líf. Metsölubók!  
344 bls.

**Veröld**

ISBN 978-9935-440-48-8 Kilja



### Heilsujurtabíblían

Jade Britton

Þýð.: Nanna Gunnarsdóttir  
Fröðleg bók um lækningamátt jurtanna og hvernig þær geta bætt heilsu okkar og vellíðan. Margar þeirra má nota gegn ótal kvillum, m.a. kvefi, húðvandamálum, magakveisu, streitu og svefnleysi.  
224 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-087-3 Kilja



### Heimspekibókin

Ýmsir höfundar

Þýð.: Egill Arnarson

Öldum saman hafa menn spurt stórra spurninga um líffið og tilveruna – og heimspekingar gefið svör sem enn hafa áhrif á heiminn. *Heimspekibókin* samanstendur af hnitmiðuðum greinum á aðgengilegu máli um kenningar helstu hugsuða heimspekisögunnar. Í bókinni er einnig að finna skýringarmyndir þar sem flóknar kenningar eru settar fram skref fyrir skref og tilvitnanir sem fanga kjarnann í hugsun spekinganna. Hvort sem þú ert fröðleiksfús byrjandi, áhugasamur nemi eða ráðsettur fræðimaður þýður þessi bók upp á feiknin öll af andlegu fóðri.  
352 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3366-1



### Hin sanna náttúra

Friðsælt hugleiðsluferðalag um náttúru Íslands

Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir  
Útskýringar með ljósmyndum á mismunandi hugleiðsluaðferðum Kundalini jóga eftir forskrift Yogi Bhajan. Hugleitt er á fallegum stöðum úti í náttúrunni víða um land. Fáanleg bæði á íslensku og ensku.  
160 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-096-5 Kilja





### Hlutfélagaréttur

Stefán Már Stefánsson

Ný, viðamikil bók um öll helstu álitamál hlutfélagaréttarins; stofnun, skráningu, hluti, breytingar á hlutfé og sjóðum, stjórnkerfi, endurskoðun og ársreikninga, samruna o.fl.

552 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

ISBN 978-9979-66-313-3

umheiminn. Í þessari bók er saga sparisjóðsins rakin í máli og myndum og ljósi varpað á samfélagið á hverjum tíma með efnahagsmál í forgrunni. Byggt er á mörgum heimildum sem ekki hafa verið nýttar áður. Verkið varpar nýju ljósi á fjármálasögu Íslands og mun vafalítið vekja umtal.

414 bls.

**Sögufélag**

ISBN 978-9979-9902-8-4

Leiðb.verð: 5.990 kr.



### Hugur 24

*Tímarit um heimspeki*

Ritstj.: Henry Alexander

Henrysson

Þema Hugur er að þessu sinni heimspeki nítjándu aldar. eru sex greinar helgaðar því og fjalla þær um heimspeki Schopenhauers, J. S. Mills, Herberts Spencers, R. H. Lotze, Kierkegaards og Brynjólfs Jónssonar frá Minna-Núpi. Í tímaritinu er einnig að finna viðtal við Mikael M. Karlsson, prófessor í heimspeki við HÍ, auk nokkurra frumsaminnna greina og þýðinga á sígdldum heimspékítexnum.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-984-0

Leiðb.verð: 4.200 kr. Kilja



### Hugsjónir, fjármál og pólitík

*Saga Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í sjöttu og sjö ár.*

Árni H. Kristjánsson

Saga SPRON er saga vaxandi veldis, velgengni og að síðustu umdeilda endaloka eftir fjármálakreppuna miklu sem skók Ísland og

# Saga sem kemur okkur öllum við



Hér birtist í tveimur bindum saga Faxaflóahafna en til þeirra teljast Reykjavíkurhöfn, Akraneshöfn, Borgarneshöfn og Grundartangahöfn. Ritíð nær enn fremur til sögu eldri hafna á svæðinu allt frá upphafi Íslandsbyggðar. Þar má nefna Hvítarvelli í Borgarfirði, hafnir í Hvalfirði, Straumfjörð á Mýrum og Þerneyjarsund. Saga hafnanna er verðugt viðfangsefni sem varðar sjálfar undirstöður samfélagsins og hvernig hafnir og starfsemin við þær hafa mótað bæjarfélögin. Í þessu verki gerir höfundurinn, Guðjón Friðriksson, þessari merku sögu skil með þeim hætti sem hann hefur getið sér frægðar fyrir í fyrri verkum.

Til efni söguritarinnar er að öld er liðin frá því að hin mikla hafnargerð hófst í Reykjavík. Hún var á þeim tíma umsvifamesta og fjárfrekasta framkvæmd Íslandssögunnar. Frá því að hafnargerðinni lauk 1917 hefur höfnin verið lífæð höfuðborgarinnar og líklega átt stærstan þátt í því mikla forskoti sem Reykjavík náði umfram aðra kaupstaði á landinu á flestum sviðum.

Hafnir og hafnarsvæði hafa um langan tíma verið burðarásinn í atvinnulífi flestra þéttbýlisstaða á Íslandi, grundvöllur fiskveiða, viðskipta, iðnaðar og samgangna. Saga hafna og tengdrar starfsemi er því órjúfanlegur þáttur í lífi og sögu eyjþjóðar.

Myndefni er ríkulegt og eykur enn gildi bókanna, enda gersemar margar þar að finna.



### Húmör í Hafnarfirði


Ingvar Viktorsson

Smávaxnir Hafnirfirðingar með Leif Garðars, Þóri Jónsson, Halla í Botnleðju, Leif Helga, Viðar Halldórs og Óla Dan bera höfuðið hátt þrátt fyrir smæðina. Hörður Magnússon gáir til veðurs. Gísli Pól umkringir mann. Kennarar við Flensborgarskólann skreppa í bíó og hafa með sér rauðvínskút. Þórður Þórðarson boðar „strand á Dansgötunni“. Gunnar Rafn Sigurbjörnsson lýsir starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar. Gummi Valda mætir dragheltur til vinnu. Hildur Guðmundsdóttir biður nemandu sinn að bita á jaxlinn. Maggi Óla fer á sjó. Geir Gunnarsson neitar. Adolf Björnsson týnist og Ingileif Ólafsdóttir pantar hangikjöt.

Þetta og margt fleira í þessari bráðskemmtilegu bók.

#### Bókaútgáfan Hólar

ISBN 978-9935-435-40-8 Kilja



### Iceland ablaze

Ari Trausti Guðmundsson

Myndir: Ragnar Th.

Sigurðsson

Hér svarar jarðvísindamaðurinn Ari Trausti Guðmundsson ýmsum algengum spurningum er leita á ferðamenn sem hingað koma varðandi náttúru Íslands, og einstæðar ljósmyndir Ragnars Th. Sigurðssonar sýna múkt og hlýju landsins jafnt og grimmd náttúruafllana. Í handhægum gjafaumbúðum. Á ensku. 112 bls.

FORLAGIÐ

#### Mál og menning

ISBN 978-9979-3-3342-5



### Icelandic Ghost Stories

Úrval íslenskra draugasagna fyrir útlendinga.

69 bls.

Veröld

ISBN 978-9935-440-45-7 Kilja



### Icelandic Literature of the Vikings

Ármann Jakobsson

Aðgengileg bók fyrir útlendinga um íslenskar miðaldabókmenntir.

80 bls.

Veröld

ISBN 978-9935-440-44-0 Kilja



### Icelandic Vikings


Guðmundur Magnússon

Aðgengileg bók fyrir útlendinga um víkinga á Íslandi.

75 bls.

Veröld

ISBN 978-9935-440-46-4 Kilja



### Inngangur að rökfræði I

Erlendur Jónsson

Rökfræði er ein helsta grein heimspekinnar og ein elsta fræðigrein vestrænnar menningar. Hún er jafnframt lifandi vísindi sem tóku stórstígum framförum á 20. öld og hefur haft mikil áhrif á heimspeki síðari tíma. Í bókinni er fjallað um grundvallarhugtök og nokkrar helstu aðferðir nútímarökfræði. Lögð er áhersla á að setja fram skýrar og auðskiljanlegar skilgreiningar á hugtökum og aðferðum og rekja rætur þeirra til daglegrar hugsunar. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri forþekkingu.

Í viðbæti er ágríp af sögu rökfræðinnar.

230 bls.


#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9935-23-024-9

Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja



# HÁKONAR SAGA



TVÖ NÝ BINDI  
ÍSLENSKRA FORNRIÐA

**Hákonar saga** er rituð 1264–65 af Sturlu Þórðarsyni sagnaritara að beiðni Magnúsar lagabætis, sonar Hákonar. Hákon var við völd 1217–1263, eða lengur en nokkur annar Noregskonungur sem vitað er um, enda hefur hann fengið viðurnefnið „gamli“ í íslenskum heimildum. Hákonar saga er merkasta heimild sem varðveitt er um sögu Noregs á miðöldum, en um leið er hún hluti af íslenskrri bókmenntasögu þar sem hún er rituð af Íslendingi. Þá fá viðskipti konungs við Íslendinga verulegt rými í sögunni, og ýmsir íslenskir höfðingjar birtast þar í öðru ljósi heldur en í Sturlungu eða öðrum íslenskum heimildum. Stór hluti sögunnar fjallar um viðskipti Hákonar og Skúla jarls, tengdaföður hans, sem síðar gerði uppreisn gegn honum og tók sér konungsnafn. Sagan er samtímasaga og bregður upp skýrum myndum af persónum og aðstæðum sem höfundur þekkti sjálfur af eigin raun.

**Böglunga saga** er rituð í beinu framhaldi af Sverris sögu og brúar bilið milli hennar og Hákonar sögu. Sagan hefst á valdatöku Hákonar Sverrissonar 1202, sáttum milli konungs og erkibiskups, en síðan rekur hún hvernig ófriður blossaði upp að nýju milli flokka Bagla og Birkibeina eftir skyndilegt andlát Hákonar á nýársdag 1204. Sagt er frá linnulausum bardögum um gervallan Noreg fram að sáttafundi í Hvítungseyjum 1208. Síðan eru helstu atburðir raktir fram til andláts Inga konungs Bárðarsonar og valdatöku Hákonar Hákonarsonar 1217.

Útgáfur **Íslenskra fornrita** eru gerðar úr garði með rækilegum inngangi og skýringum á kveðskap og torskildum orðum neðanmáls, auk sögulegrar, mannfræðilegrar og landfræðilegrar glöggvunar á atburðum og aðstæðum þar sem þurfa þykir. Myndir, kort og skrár prýða útgáfuna.

*Dreifing:*



**Hið íslenska bókmenntafélag**

Skreifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: [hib@islandia.is](mailto:hib@islandia.is) • Heimasíða: [www.hib.is](http://www.hib.is)



### Í nándinni

*Imlífun og umhyggja Guðbrandur Arni Ísberg*  
Hér er fjallað um sjálfa kjölfestu hamingjunnar, hvernig megi byggja upp nærandi og örugg tengsl við annað fólk. Guðbrandur Arni Ísberg sálfræðingur skýrir á aðgengilegan og skemmtilegan hátt hvernig bæta megi samskipti og sambönd. Jafnframt er sýnt hvernig aukinn skilningur á öðru fólk færir manni vellíðan og aukna hamingju. 223 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-377-1

Óbundin



Lærdómsrit

Bókmenntafélagins

### Í reiðuleysi í París og London

George Orwell

Uppl.: Hjalti Rögnvaldsson  
Grátbrosleg frásögn um

skrautlegan flokk undirmálsfólks, sem höfundur deilir kjörum með.



**Hið íslenska bókmenntafélag**

ISBN 978-9979-66-320-1

Leiðb.verð: 3.490 kr.



### Í spor Jóns lærða

Ritstj.: Hjörleifur Guttormsson

Jón lærði Guðmundsson var einn sérstæðasti Íslendingur á siðskiptaöld: listamaður, skáld, náttúrufræðingur og þjóðfræðingur, ofsóttur og útlægur gerður vegna afstöðu sinnar gegn Spánverjavigunum. Hljómdiskur fylgir. 350 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

ISBN 978-9979-66-311-9

Leiðb.verð: 4.990 kr.



### Í þágu þjóðar

Frírik G. Olgeirsson

Í þágu þjóðar er tveggja binda ritverk. Í því fyrra er kastljósinu beint að tíma-

bilinu frá árinu 1877, þegar Alþingi samþykkti að taka upp tekjuskattskerfi fyrir hluta þjóðarinnar, til ársloka 1959. Hið forna tíundarkerfi var orðið úrelt og skilaði landsjóði litlum tekjum. Íslendingar voru á eftir öðrum þjóðum og þá skorti fjármuni til framkvæmda. Ráðamenn áttuðu sig á því að til þess að tryggja framfarir yrði að lögleiða nýtt skattkerfi sem skilaði sameiginlegum sjóði landsmanna nægum tekjum. Skattkerfisbreytingin árið 1877 markaði upphafið en dugði skammt og því reyndu stjórnvöld stöðugt að bæta skattkerfið. Ekki voru allir sammála um það hvernig haga ætti skattheimtunni og hvað hún ætti að vera mikil. Um það urðu átök og frá þeim er greint í ritinu sem er hvort tveggja í senn saga skattkerfisbreytinga og hluti stjórnmalasögu þjóðarinnar.

Seinna bindið fjallar um árin 1960–2012. Viðreisnarstjórnin stóð fyrir mikilli uppstokkun á lögum um skatta og þá var álagningar- og innheimtukerfinu breytt í grundvallaratriðum með skiptingu landsins í níu skattumdæmi og tilkomu embættis ríkisskattstjóra. Árið 1987 var staðgreiðslukerfi komið á og í kjölfarið var skattheimta ríkisins endurskipulögð frá grunni með upptöku virðisaukaskatts og tryggingagjalds. Í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 var hafinn undirbúningur skattkerfisbreytingar sem varð að veruleika í árslok 2009 en þá var Ísland gert að einu skattumdæmi og embætti skattstjóranna níu sameinuð ríkisskattstjóraembættinu. Fjöldi ljósmynda prýða ritið og styðja frásögnina. 360 og 460 bls.

**Í þágu þjóðar**

ISBN 978-9979-846-27-7/-28-4



### Ísland ehf.

*Auðmenn og álfrif eftir hrun Magnús Halldórsson og Þórður Snær Júlíusson*

Fimm árum eftir hrunið er þjóðin enn að takast á við áfallið sem því fylgdi. Ólgandi reiði almennings og tortryggni hafa verið mál málanna. En undir niðri er tekist á um auðlindir og framtíðarmöguleika þjóðarinnar og aðalhlutverkin leika viðskiptablokkir sem flestar höfðu tögl og hagldir í efnahagslífinu fyrir hrun en jafnframt erlendir vogunarsjóðir og hrægammar. En hvaðan koma fjármunirnir sem notaðir eru til að kaupa eignir protabúanna? Og hverjir verða eigendur Íslands þegar „gjörningaveðrinu“ slotar? 292 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2243-9

Óbundin



# KIRKJUR ÍSLANDS

Gersemar íslenskrar þjóðmenningar

---



---

„...verkið er mikilvægur og ómissandi þáttur íslenskrar menningarsögu“.

„Hér er einfaldlega um rannsóknarverk að ræða af hæstu gæðum, unnið samkvæmt hæstu kröfum“.

\*\*\*\*\*

Páll Baldvín Baldvínsson

---

Hinum 17 friðuðu kirkjum í *Þingeyjarprófastsdæmi* er lýst í máli og myndum.

Í 22 binda glæsilegri ritröð um KIRKJUR ÍSLANDS er friðuðum kirkjum lýst með hliðsjón af byggingarlist, stílfræði og þjóðminjavörslu. Umfjöllun vafin glæsilegu myndefni er saga listar og fólksins sem skóp hana af trú, táknumynd þess merkasta í byggingar- og listasögu þjóðarinnar á hverjum tíma, eins og alþekkt er úr menningar- og listasögu annarra Evrópuþjóða.

Í 21. bindi er lýst nýu kirkjum: *Einarstaðakirkju*, *Flateyarkirkju*, *Grenivíkurkirkju*, *Hálskirkju*, *Illugastaðakirkju*, *Laufáskirkju*, *Ljósavatnskirkju*, *Lundarbrennkirkju* og *Skútustaðakirkju*.

Í 22. bindi er lýsing á þessum átta kirkjum: *Garðskirkju*, *Grenjaðarstaðarkirkju*, *Húsavíkurkirkju*, *Nesarkirkju* í *Aðaldal*, *Sauðanesarkirkju*, *Skinnastaðarkirkju*, *Svalbarðskirkju* og *Pveráarkirkju*.

Áður eru komin út samsvarandi rit um kirkjurnar í *Árnesprófastsdæmi*, *Skagafjarðar*-, *Húnavatns*-, *Eyjafjarðar*-, *Kjalarness*-, *Borgarfjarðar*-, *Snæfellsness*- og *Dala*-, *Rangárvalla*-, *Reykjavíkur*- og *Austfjarðaprófastsdæmi*.

Þau eru öll fáanleg. Sjón er sögu ríkari!

Ritstjórar eru Þorsteinn Gunnarsson og Jón Torfason.

---

*Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd, Biskupsstofa*

*Hið íslenska bókmenntafélag*



### Íslensk bragfræði

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Í bókinni er fjallað um regluverkið sem fylgt hefur íslenskum kveðskap frá öndverðu. Þar má nefna hrynjandina eða taktinn í braglínunum, bragliði eða kveður, rímið sem skreytir braginn og síðast en ekki síst stuðlasettinguna þar sem nákvæmni regluverksins nær hámarki og framstöðuhljóð orðanna leika aðalhlutverkið. Víða um Norður-Evrópu var forðum kveðið eftir þessum bragreglum en nú er það helst í íslenskum kveðskap sem þær lifa enn góðu lífi. Hinum bragfræðilegu útskýringum fylgir mikill fjöldi dæma eftir ljóðasmiði frá öllum tímum, rösklega eitt hundrað skáld og hagyrðinga, konur og karla, ung skáld og aldin, þekkt og óþekkt. Þau eru sálin í bókinni. Án þeirra væri hún ekki til.

173 bls.

Háskólaútgáfan

ISBN 978-9935-23-015-7

Leiðb.verð: 4.500 kr. Kilja



### Íslensk knattspyrna 2013

Víðir Sigurðsson

Allt um íslenska knattspyrnu 2013 í máli og myndum. Ómissandi í safnið. Nú er bókin öll í lit.

256 bls.

Bókaútgáfan Tindur

ISBN 9789979653981



### Íslensk sönglög með undirleik

Samant.: Einar Scheving

Nótnabók með nýjum útsetningum 17 íslenskra sönglaga fyrir öll laglínuhljóðfæri en getur einnig nýst söngvurum og þeim sem leika á hljómahljóðfæri eða vilja æfa spuna. Hvert lag er prentað í fjórum útgáfum fyrir ólík hljóðfæri og bókinni fylgir geisladiskur þar sem lögin eru leikin með og án laglínu. Einnig fást viðaukar fyrir einstök hljóðfæri.

74 bls.

Forlagið

ISMN 979-0-9020300-0-7

Óbundin



### Íslenska teiknibókin

Guðbjörg Kristjánsdóttir

Formáli: Guðrún Nordal

Einn af höfuðgripum íslenskrar myndlistarsögu kemur nú loksins út í vandaðri útgáfu fyrir almenning. Byltingakenndar rannsóknir Guðbjargar Kristjánsdóttur varpa nýju ljósi á uppruna Íslensku teiknibókarinnar og höfunda hennar og bæta við nýjum kafla í sögu íslenskrar myndlistar.

184 bls.

Crymogea

ISBN 978-9935-420-32-9



### Íslenskur menningararfur

Átta steinhús 18. aldar

Hús skáldanna

Stóru torfbæirnir

Torfkirkjur á Íslandi

Björn G. Björnsson

Þýð.: Anna Yates

Myndir: Björn G. Björnsson og fleiri

Einstakar bækur um íslenskar byggingar, koma út á íslensku og ensku: Fjallað er um hús þekktara skálda, torfkirkjur, hin glæsilegu steinhús 18. aldar og stærstu torfbæina. Í hverri bók er ríkilegt myndefni, stuttir skýringartextar og kort sem sýna staðsetningar bygginganna.

72-78 bls.

Salka

ISBN 978-9935-17-080-4/-078-

1/-082-8/-084-2



### Íslensk silfursmíð

Þór Magnússon

Þór Magnússon, fyrrverandi Þjóðminjavörður, hefur rannsakað íslenska silfursmíð um áratuga skeið. Í tilefni af 150 ára afmæli Þjóðminjasafns Íslands var ákveðið að gefa rannsókn hans út á bók. Er hér að ræða mikinn fróðleik um íslenska silfursmíði allt frá miðöldum og fram til tuttugustu aldar og verk þeirra.

Bókinni fylgir gullsmíðatal, þar sem taldir eru gull- og silfursmíðir, fæddir fram til ársins 1950, sem starfað hafa á Íslandi og smíðir sem fóru til náms í Danmörku fyrr á tímum og ílentust þar.

687 bls.

Þjóðminjasafn Íslands

ISBN 978-9979-790-37-2

Leiðb.verð: 18.900 kr.





# Nýtt Íslandsbanka American Express® kort með tvöfalt fleiri punktum



## Fleiri punktar, sértilboð og öflugar ferðatryggingar

Með nýja American Express kortinu safna viðskiptavinir í Vildarþjónustu Íslandsbanka punktum að lágmarki tvöfalt hraðar en á öðrum kortum bankans. Kortinu fylgja líka víðtækar ferðatryggingar og sértilboð til korthafa American Express.

Kynntu þér Íslandsbankapunktana og nýja American Express kortið á [islandsbanki.is](https://islandsbanki.is)



Kortið er gefið út af Íslandsbanka í samræmi við veitta heimild frá American Express. American Express er skrásett vörumerki American Express.

Við bjóðum  
góða þjónustu

[islandsbanki.is](https://islandsbanki.is) | Sími 440 4000

  
Íslandsbanki



### Karlar sem hata konur og konurnar sem elska þá

Susan Forward

Þýð.: Elín Guðmundsdóttir

Í þessari einstöku sjálfs-  
hjálpabók byggir bandaríski  
sálfræðingurinn dr. Susan  
Forward á frásögnum fjölda  
einstaklinga sem hafa reynslu  
af skaðlegum samböndum  
þar sem karlinn brýtur sjálfs-  
traust konunnar niður með  
kúgandi hegðunarmynstri.  
Bent er á raunhæfar leiðir til  
að bjarga sér frá slíkum að-  
stæðum og öðlast sjálfstraust  
og sjálfsvirðingu á ny.  
336 bls.

Ugla

ISBN 978-9935-21-034-0 Kilja



### Kaupmannahöfn sem höfuðborg Íslands

Guðjón Friðriksson

Jón Þ. Þór

Kaupmannahöfn var höfuð-

borg Íslands frá 15. öld til  
1. des. 1918. Sú saga hefur  
aldrei verið sögð í heild.  
Fyrri bindi nær frá upphafi  
til 1814 en þá urðu tímamót  
í sögu Danaveldis og sam-  
bands Íslands og Danmerkur.  
Kaupmannahöfn var mið-  
stöð viðskipta Íslendinga og  
stjórnsýslu og þaðan bárust  
margvísleg áhrif á menningu  
og líf okkar. Í öðru bindi,  
tímabilið 1814-1918, segir frá  
sjálfstæðisbaráttu Íslendinga,  
samgöngum og viðskiptum,  
margvíslegri menningar-  
starfsemi Íslendinga í Kaup-  
mannahöfn og samstarfi við  
Dani, greint frá námi og starfi  
Íslendinga í fjölmörgum iðn-  
og starfsgreinum í Kbh. og  
dönsku frumkvæði í fram-  
faramálum á Íslandi.

Áhugafólki um sögu Ís-  
lands og Danmerkur mun  
þykja fengur að verkinu. Um  
1200 myndir prýða bækurnar  
tvær.

1172 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag  
ISBN 978-9979-66-318-8



### Kirkjur Íslands 21.-22. bindi

Ritstj.: Þorsteinn Gunnarsson  
og Jón Torfason

Hinum sautján friðuðu  
kirkjum í Þingeyjarprófests-  
dæmi er lýst í máli og  
myndum frá sjónarhóli  
byggingarlistar, stílfræði og  
þjóðminjavörslu. Gersemar  
íslenskrar þjóðmenningar.  
737 bls.

Hið íslenska bókmenntafélag

ISBN 978-9979-66-308-9

Leiðb.verð: 5.490 kr.



### Krosshólshlátur

Gangnamenn í Svarfaðardal

Krosshólshlátur er safn kveð-  
skapar og sagna úr göngum  
Svarfdæla. Engin tilraun er  
gerð til að draga fjöður yfir  
að afréttamenning Svarf-  
dæla er afdalamenning, full  
af úreltum pólitískum rang-  
hugmyndum sem og þjóð-  
legu einelti. Dýrð landsins, og  
fegurð sauðskepnunnar eru  
hér lofsungin. Bókinni fylgir  
diskur með söng gangna-  
manna.

215 bls., harðspjalda,  
diskur fylgir.

Bókasmíðjan Selfossi

ISBN 978-9935-9099-9-2

Leiðb.verð: 5.990 kr.



### Landshagir 2013

Hagstofa Íslands

Árbók Hagstofu Íslands,  
*Landshagir*, kemur nú út í 23.  
sinn með nýjum hagtölum  
um flesta þætti íslensks sam-  
félags. Bókin skiptist í 23 kafla  
og í henni eru yfir 300 töflur,  
50 gröf og fjöldi skýringar-  
mynda og ljósmynda. Bókin  
er bæði á íslensku og ensku  
og hentar vel til gjafa innan-  
lands sem utan. *Landshagir*  
eru mikilvægt uppsláttarrit  
fyrir alla sem vilja fá raunsæja  
og hlutlausa mynd af Íslandi  
og alþjóðlegum samanburði.  
467 bls.

Hagstofa Íslands

ISBN 978-9979-770-51-0

Leiðb.verð: 3.500 kr.



Gata, Austurey, Færeyjar,

Eivör

og færeysk tónlist

Gata, Austurey, Færeyjar,

EIVÖR

og færeysk tónlist

Jens Guðmundsson

Eivör er hlý og væn og góð -  
en líka fjörkálfur sem tekur upp á ýmsu óvæntu.  
Sagt er frá ótalmörgu sem Íslendingar vissu ekki um Færeyjar,  
færeyska tónlist og náttúrubarnið Eivöru,  
bæði í máli og myndum. Margt kemur á óvart.

*Bráðskemmtileg og fróðleg bók.*

ALMENNA  
ÚTGÁFAN

ÆSKAN  
BÓKAÚTGÁFAN

nettó

HVADDA  
BÓKVILT  
ÞÚ  
GEFA  
?

### Landshlutakort gjafaaskja

Ritstj.: Örn Sigurðsson

Landshlutakortaaskjan inniheldur átta ný Íslandskort í mælikvarðanum 1:200 000. Á kortunum eru nýjustu upplýsingar um vegakerfi landsins, tjaldsvæði, sundlaugar og golfvelli, auk rúmlega 26.000 örnefna. Á bakhliðinni eru lýsingar og litmyndir af helstu náttúruperlum hvers landshluta. Þar eru einnig teikningar af helstu fuglum og plöntum. Landshlutakortaaskjan er frábær jólagjöf handa ferðamanninum eða sumarhúsa eigandanum. 8 kort.

FORLAGIÐ

Mál og menning  
ISBN 978-9979-3-3384-5



### Leiðin til sigurs

Gunnlaugur Guðmundsson  
Sjálfs hjálparbók sem fjallar um það sem gera þarf til að

væntingar okkar komist á leiðarenda. Tekið er heildrænt á málum, þeim sálrænu, líkamlegu og huglægu. Óskir þínar og vonir geta ræst. Þitt er valið. Hér er upphaf. 210 bls.

Bókafélagið (BF-útgáfa)  
ISBN 978-9935-426-83-3



### Leiftur á horfinni öld

*Hvað er merkilegt við  
íslenskar fornbókmenntir?*

Gísli Sigurðsson

Í þessari forvitnilegu bók fæst Gísli Sigurðsson við einfalda spurningu: Hvað er merkilegt við íslenskar fornbókmenntir? Svárið nálgast hann úr ýmsum áttum og leitest við að sýna fram á hvernig íslenskar fornbókmenntir eru lykll að horfnum þekkingarheimi – og teygja sig þannig aftur fyrir tíma kristni og bókmenningar kirkjunnar.

Gísli er rannsóknarprófessor við Árnastofnun, Háskóla Íslands, og hefur meðal annars getið sér gott orð fyrir skrif um gelísk áhrif á Íslandi í öndverðu.

288 bls.

FORLAGIÐ

Mál og menning

ISBN 978-9979-3-3411-8

Öbundin



### Leikhús nútímans

*Hugmyndir og hugsjónir  
Trausti Ólafsson*

Í Leikhúsi nútímans rekur Trausti Ólafsson hugmyndir og hugsjónir frumkvöðla í leikhúsi Vesturlanda allt frá miðri nítjándu öld og fram yfir aldamótin tvö þúsund. List og fagurfræði leikstjóra, leikskálda og hönnuða eru gerð skil og því lýst hvernig þróun leikhússins helst í hendur við sögu menn-

BÓKAMESSA Í  
BÓKMENNTABORG

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR  
HELGINA 23.-24. NÓV. 2013  
Dagskrá hátíðarinnar má finna á  
[www.bokmenntaborgin.is](http://www.bokmenntaborgin.is)

ingar og samfélags. Hér gefst lesendum þess vegna færi á því að kynna sér á heildstæðan hátt þær hugmyndir og hugsjónir sem mótað hafa leikhús samtímans. Leikhús nútímans er fyrsta rit sinnar tegundar sem skrifað er á íslensku. Í bókinni eru nær tvö hundruð myndir sem varpa ljósi á efni hennar.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9935-23-008-9

Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja

Bækurnar heita:  
*Álfabók A og Á*  
*Drekabók E og É*  
*Risabók I og Í*  
*Lóubók O og Ó*  
*Músabók U og Ú*  
*Grylubók Y og Ý*  
*Tröllabók, Æ og Ö*  
*Geitabók Au og El.*

20 bls. hver bók

#### Hjalli ehf.

ISBN 9789979994589

Leiðb.verð: 4.500 kr. Kilja



#### Lesum lipurt, sérhljóðabækur Sigríður Ólafsdóttir, sérkennari

Lesum lipurt, sérhljóðabækur eru átta talsins og seldar saman í einum pakka. Bækurnar eru ætlaðar byrjendum í lestri og markmið með bókunum er að þjálfast lesur á orðum sem innihalda ákveðin sérhljóð eða tvíhljóð.



#### Listhugtakið í heimspeki samtímans


Þýð.: Gunnar Harðarson

Þessi bók inniheldur þrjár lykilgreinar um þetta efni og eina betur. Fyrst er hin sígilda grein Morris Weitz frá 1956 um hlutverk kenninga í fagurfræði, þar sem hann heldur því fram að listhugtakið sé „opið hugtak“ og ekki sé hægt að skilgreina list. Næst kemur hin fræga ritgerð Arthurs C. Danto um „listheiminn“ frá 1964, þar sem hann lagði út frá Brillo-kössum Andy Warhols. Þá er birt nýleg grein eftir George Dickie sem rekur áralangar tilraunir sínar til að gera grein fyrir listinni sem stofnun. Loks er prentuð þekkt grein eftir listamanninn Joseph Kosuth um hlutverk listarinnar þar sem hann heldur því fram að list sé skilgreining á list.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9935-23-018-8

Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja



## VÆTTIR, ÁLFAR, VATNABÚAR ... HEIMSÞEKKT VITNESKJA

Starf stórra og smárra  
 vætta sköpunarverksins

Bók þessi sýnir fram á það að náttúruvættir eru til í raun og veru og hún svarar þeim fjölmörgu spurningum sem fólk spyr sig varðandi þá. Hverjir eru það? Hvaðan koma þeir og hvert er hlutverk þeirra í sköpunarverkinu? Hvers vegna sjá þá ekki allir? Að hve miklu leyti er náttúran háð þeim? Hvert er hlutverk þeirra varðandi náttúruhamfarir og viðvaranir sem mönnum og dýrum eru gefnar áður en þessar hörmungar dynja yfir? Getur vitneskjan um tilvist þessara vera enn komið okkur að gagni nú á dögum?



*„Ég hef alltaf haft ábuga á náttúruvættum en það var ekki fyrir en ég hafði lesið ritverkið „Í ljósi sannleikans, Gralsboðskapur“ (sjá bls. ...) sem mér varð ljóst hverjir þessir náttúruvættir eru, en sú vitneskja er mjög nærtæk á Íslandi.“*  
 Christopher Vasey



Verlag der Stiftung Gralsbotschaft  
 Stuttgart, Þýskaland

www.is.gral-norden.net

Netfang: vasey-leuze@gral-norden.net



### Litgreining og still

Hvað klæðir þig best?

Heiðar Jónsson

Laðaðu fram þínar bestu hliðar. Litgreindu þig með bókinni og lærðu að nýta þá liti sem undirstrika ljóma þinn og fegurð en forðast þá liti sem draga fram þreytu- og öldrunarmerki.

Finndu út hvað hentar þér best í fatnaði, förðun og fylgihlutum.

Litakortid þitt fylgir!

Sögur útgáfa

ISBN 978-9935-448-32-3



### Litla bókun um Íslendinga

Das kleine Buch über die Isländer

Le petit livre des Islandais

Alda Sigmundsdóttir

Myndskr.: Megan Herbert

Þýð.: Alexander Schwarz og Henry Kiljan Albansson

Þessi sniðuga bók geymir stutta kafla um háttalag og sérkenni Íslendinga, óskrifðar reglur og hefðir sem hafa skapast í kringum ýmis tilefni. Reynt er að útskýra nætur-

lífið í Reykjavík, af hverju smábörn sofa úti í vagni í öllum veðrum, óstundvísi Íslendinga og starfsheiti í síma-skránni, svo fátt sé nefnt. Höfundurinn ólst að mestu leyti upp erlendis og sér því land og þjóð með „gests augum“. Á þýsku og frönsku.

110 bls.

FORLAGIÐ

Vaka-Helgafell

ISBN 978-9979-2-2218-7/-9979-2-2219-4



### Litróf kennsluáðferðanna

Ingvar Sigurgeirsson

Handbók um helstu kennsluáðferðir, ætluð kennurum og kennaraefnum. Gefið er yfirlit um tugi kennsluáðferða og leiðbeint um beitingu þeirra. Í þessari nýju útgáfu hefur efnið verið endurskoðað, aukið og uppfært, m.a. með hliðsjón af hinni hröðu þróun í upplýsingatækni frá fyrstu útgáfu bókarinnar.

231 bls.

ÞNÚ bókaútgáfa

ISBN 978-9979-67-325-5 Kilja



### Lífið og vinnan

Að leggja sál sína í vinnuna

Samant.: Helen Exley

Myndskr.: Angela Kerr


Þetta ágæta tilvitnana safn fjallar um þá grunnstoð lífs þíns sem felst í vinnunni. „Veldu þér starf sem þú hefur unun af og þá þarftu ekki að vinna neitt það sem eftir er,“ segir Konfúsíus. Og eftir Clive Benton er haft að sigurvegararnir séu þeir sem helgi sig starfi sínu af lífi og sál.

80 bls.

Steinegg ehf.

ISBN 978-9935-421-25-8

Leiðb.verð: 1.490 kr.



### Lífsfylling

Nám á fullorðinsárum

Kristín Aðalsteinsdóttir

Í bókinni er gerð grein fyrir því hvað nám felur í sér, rakin söguleg þróun náms á fullorðinsárum og fjallað um

kenningar fræðimanna um námsleiðir sem henta fullorðnu fólki. Gerð er grein fyrir hlutverki kennara, kennslu og námskenningum sem geta verið lykilið að farsælu námi og fjallað um áhugahvötina og tilfinningar sem geta ráðið því hve mikið úthald og örvun fólk hefur til að láta hugmyndir sínar eða verk verða að veruleika. Í bókinni segja konur og karlar, sem lokið hafa meistaranámi í menntunarfræði í háskólum, hér á landi eða erlendis, frá reynslu sinni af náminu; áhugahvötinni, kennslunni og leiðsögninni sem þau fengu, hvernig þeim leið á meðan á náminu stóð og hvaða ávinning þau höfðu af náminu.

196 bls.

Háskólaútgáfan

ISBN 978-9935-437-10-5

Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja



### Lykilorð 2014

Orð Guðs fyrir hvern dag

Lykilorð hafa komið út árlega á íslensku síðan 2006. Í bókinni eru tvö biblíuvers fyrir hvern dag auk sálmafers eða fleygs orðs, sem bæn eða til frekari ihugunar. Lykilorð er bók fyrir þá sem vilja leita leiðsagnar Biblíunnar inn í líf sitt.

144 bls.

Lífsmótun

ISSN 1670-7141

Leiðb.verð: 1.490 kr. Kilja



### Manhattankúrinn

Eileen Daspin

Þýð.: Valgerður Jónsdóttir

Vinsæl bók meðal kvenna víða um heim. Bráðskemmtileg viðtöl við Manhattandömur, frásagnir, 28 daga kúr sem byggður er á reynslu þeirra og girnilegum uppskriftum eftir stjórnukokka á Manhattan. 304 bls.

Salka

ISBN 978-9935-17-101-6 Kilja



### Markþjálfun

Vilji, vit og vissa

Haukur Ingi Jónasson, Matilda Gregersdóttir og Arnór Már Mátsson

Markþjálfun hefur notið mikillar hylli undanfarin ár. Þessi bók er skrifuð fyrir metnaðarfulla stjórnendur, starfsmannastjóra, fræðslustjóra og starfsþróunarstjóra sem hafa áhuga á markþjálfun. Höfundar bókarinnar

hafa allir mikla reynslu á þessu sviði. 160 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-342-9

Öbundin



### Meistarasögur

Skrás.: Brjánn Guðjónsson

Bókin varpar ljósi á það

hversu ævintýralegt það getur verið að stunda íþróttir, þar sem félagsskapurinn er góður og stórskemmtilegur.

Hér getur lesandinn tekið þátt í fjölmögum skemmtilegum uppákomum sem þjóðþekktir íþróttamenn hafa lent í á ferlinum bæði hérlandis og erlendis. 252 bls.

Nettó

EAN 5694521602802 Kilja



Friðrik G. Olgeirsson

# Í þágu þjóðar

Saga skatta og  
skattkerfisbreytinga  
á Íslandi  
1877–2012



### Milli mála 2012

Ritstj.: Ásdís R. Magnúsdóttir og Sigrún Ástríður Eiríksdóttir  
Tímaritið kemur í stað árs-  
rits Stofnunar Vigdísar Finn-  
bogadóttur og er fjórða hefti  
*Milli mála*. Þema heftisins er  
tungumál frá ýmsum sjón-  
arhornum og rita 11 fræðimenn  
greinarnar, sem skrif-  
aðar eru á íslensku, ensku,  
ítölsku, norsku, spænsku og  
þýsku. Auk fræðigreinnanna  
er einnig að finna nokkrar  
þýðingar í tímaritinu.  
403 bls.

### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-998-7  
Leiðb.verð: 4.500 kr. Kilja




### Minna er stundum meira

*Kostir einfalds lífs*  
Samant.: Helen Exley  
Myndskr.: Angela Kerr  
Þessar sigildu tilvitnanir segja

okkur að einfaldleikinn sé  
lykillinn að lífshamingjunni.  
Þú getur ekki tint allar skel-  
jarnar á ströndinni en tíndu  
samt nokkrar og þær verða  
þér þeim mun dýrmætari.  
Hamingjan er nægjusöm,  
njóttu gleðinnar yfir fallgu  
blómi, fuglasöng, fiðrildi sem  
sest á hönd þér.

### Steinegg ehf.

ISBN 978-9935-421-26-5  
Leiðb.verð: 1.490 kr.



### Mótorhjól

*i máli og myndum*

Ritstj.: Jemima Dunne

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Vegleg bók sem leiðir okkur  
á myndrænan hátt í gegnum  
120 ára sögu þessa einstaka  
farartækis. Hér er fjallað í  
máli og myndum um riflega  
1000 flottustu mótorhjól  
sögunnar, merkilegustu mót-  
orana og þekktustu fram-

leiðendurna. Fullkomin gjöf  
handa öllum áhugamönnum  
um vélknúin ökutæki.  
320 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-355-9



### Nagla skraut

*50+ hugmyndir*


*áð æðislegum nöglum*

Donne Geer og Ginny Geer

Þýð.: Karl Emil Gunnarsson

# SLICE OF LIFE: A Self-Help Odyssey

A practical perspective for thriving  
within the trappings of the physical world.




Rick Lindal, PhD

Bók þessi er samþætting á meðferðarlegum  
og andlegum (og spíritistalegum) hugtökum,  
sem sameina klíníska (þ.e. heilbrigðisstofnana)  
reynslu og rannsóknir fjölda höfundna, sem  
hafa starfað á sviðum sálfræði, lækni-  
fræði og eðlisfræði. Bókin er verkfærakista til hjálpar fólki  
allt frá aldrinum fjórtán til hundrað ára. Hún  
teiknar upp kraftmikla mynd af lífinu; séðu með  
augum ungs manns með fjörukt ímyndunarafli,  
mikið viljaprek og viðleitni til að hjálpa öðrum  
gegnum hlutverk sitt sem sálfræðingur.

Til sölu hjá Eymundsson, Amazon, Author House.

ISBN: 978-1-4685-2397-3

 Blogg og greinar um bókina fynnst á Facebook

[www.self-helpodyssey.com](http://www.self-helpodyssey.com)



Hér má finna allt sem þarf að vita og kunna til að breyta nöglunum í lítil listaverk sem lífga upp á útlitið og vekja eftirtekt. Systurnar Donne og Ginny eru þekktar fyrir frumlegar og frábærar naglaskreytingar. Bók fyrir allar sem vilja læra naglaskreytingarlistina og fá innblástur og hugmyndir.

144 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2236-1



### Náttúruvá á Íslandi

Eldgos og jarðskjálftar

Ritstj.: Júlíus Sólnes,

Freysteinn Sigmundsson og

Bjarni Bessason


Bókin er fræðirit fyrir almenning þar sem helstu sérfræðingar landsins fjalla um eldgos og jarðskjálfta. Bæði er greint frá eðli þessara náttúruyrirbæra og þeirri vá sem af þeim stafar. Sagt er frá nýjustu rannsóknum í jarðvísindum og jarðskjálftafræði sem tengjast Íslandi. Er bókin þannig einstakt yfirlit yfir þekkingu okkar á þessum þáttum íslenskrar náttúru. Um sextíu höfundar lögðu til efni í bókina og í henni eru nærri 1000 ljósmyndir, teikningar og skýringamyndir. *Náttúruvá á Íslandi* er án efa eitt ítarlegasta og efnismesta rit um eldvirkni og jarðskjálfta á Íslandi sem gefið hefur verið út.

785 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-943-7

Leiðb.verð: 19.900 kr.



### Náttúran

Leiðsögn í máli og myndum

Ýmsir höfundar

Þýð.: Karl Emil Gunnarsson

Þessi stórglæsilega og ríkullega myndskreytta bók er dýrleg hylling til margbreytni jarðarinnar, úr ríki bergs og steinda, plantna og dýra auk frumvera. Þetta er einstæð fróðleiksnáma handa öllum – ungum jafnt sem öldnum – sem gefa umhverfi sínu gaum.

648 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-360-3

# Með bækur á heilanum




Í ár eru liðin 350 ár frá fæðingu handrita-safnarans mikla, Árna Magnússonar.

Í þessari bók er 66 handritum úr safni Árna lýst í máli og myndum, einu fyrir hvert ár sem hann lifði – sem og nokkrum fornbréfum. Glöggur inngangur um ævi og ástríðu Árna, eftir Svanhildi Óskarsdóttur, opnar bókina og í lokin er lýsandi umfangullun um sjálfa bókagerðina eins og hún tíðkaðist á miðöldum, rituð af Laufeyju Guðnadóttur og Soffíu Guðnýju Guðmundsdóttur.

Bókin er gefin út í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Þar sem þekkingin á sér samastað

  
OPNA



### Nine Saga Studies

*The Critical Interpretation of the Icelandic Sagas*

Ármann Jakobsson

Í þessu greinasafni er fjallað um margvísleg efni, svo sem karlmennsku, drauma, drauga og kennslu í göldrum. Leitast er við að skoða Íslendingasögurnar í nýju ljósi og leggja áherslu á bæði móderníska og klassíska umfjöllun um mannlegt eðli og tilfinningar í stað hefðbundinna áherslna á uppruna og höfundareinkenni. 247 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-997-0

Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja



### Norðurlóðasókn

*Ísland og tækifærin*

Heiðar Guðjónsson

Margir telja að opnun norðurlóða muni hafa í för með

sér byltingu í lífnaðarháttum og lífskjörum Íslendinga. Heiðar er fjárfestir á alþjóðavettvangi, sem hefur lengi velt þessum málum fyrir sér. Hann fjallar á eldskarpan og skýran hátt um möguleikana á Grænlandi, hlutskipti Íslendinga og efnahagsmál í mjög víðum skilningi. Ómissandi bók sem veitir nýja inn-sýn á mörgum sviðum. 233 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-448-36-1



### Nýttu kraftinn

*Hugmyndir, ráð og hvatning fyrir atvinnuleitendur og alla þá sem leita sér að nýjum tækifærum*

Sigríður Snævarr og María

Björk Óskarsdóttir

Höfundarnir leggja áherslu á frumkvæði, tengslanet og

velliðan og aðferðir þeirra hafa reynst afar árangursríkar við atvinnuleit eða þegar staðið er á tímamótum í lífinu. Bent er á fjölmargar leiðir við atvinnuleit og farið ítarlega í ráðningarferlið, m.a. með sjálfskoðun, styrkleikaæfingum, gerð ferilskrár og kynningarbréfa. 208 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-340-5

Óbundin



### Opinber tengsl Íslands við Sovétríkin/Rússland 1943-2008

Skjöl

Umsj.: Utanríkisráðuneytið

Í bókinni eru opinber skreyti, skjöl og samningar sem varða samskipti Íslands við Sovétríkin og síðan Rússland. Verkið er gefið út að tilstuðlan utanríkisráðuneytisins í tilefni af 70 ára afmæli stjórn-málasambands ríkjanna. Heimildirnar varpa nýju ljósi á margt í samskiptum þeirra og utanríkis sögu Íslands frá seinni heimsstyrjöld til okkar daga. 474 bls.

**Sögufélag**

ISBN 978-9979-9902-9-1

Leiðb.verð: 5.990 kr.



### Orð og tunga 15 2013

Ritstj.: Ásta Svavarsdóttir

Nýtt hefti er komið út af tímaritinu *Orð og tunga* sem gefið er út af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Þessa heftis er íslenska sem viðfangsmál í íslensk-erlendum orðabókum. Sjónarmið og aðferðir við öflun, val og framsetningu efnisins. Fjórar greinar fjalla um það viðfangsefni frá ýmsum hliðum og byggjast flestar þeirra á erindum sem haldin voru á málþingi tímaritsins vorið 2012. Auk þess er í heftinu grein um orðabókarstörf Konráðs Gíslasonar, tvær greinar um grunnleitarheiti í íslensku að fornu og nýju ritdómur um íslensk-spænska orðabók. Loks eru birtar ritfregnir um innlend og erlend rit á sviði tímaritsins og fréttir af væntanlegum ráðstefnum. 181 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISSN 1022-4610

Leiðb.verð: 3.200 kr. Kilja




Nettó



# *Einstakt stórvirki*

Lokabindið í hinni miklu ritröð Guðmundar Páls Ólafssonar heitins um náttúru Íslands. Heillandi texti og undurfagar ljósmyndir í glæsilegri bók um vatnið, forsendu alls lífs á jörðinni.



*448 bls.  
í stóru  
broti*



*Líffræði  
Heimspeki  
Skáldskapur  
Alþýðuspeki  
Trúarbrögð  
Náttúruvernd*



MÁL OG MENNING  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)



### Ódáinsakur

Jón Karl Helgason

Ódáinsakur fjallar um eðli og hlutverk þjóðardýrlinga og þær aðferðir sem notaðar eru til að rækta minningu þeirra á opinberum vettvangi.

Í ritinu eru kortlagðar þær leiðir sem færar eru til að rækta opinberlega minningu markverðra einstaklinga úr fortíðinni. Rannsóknarsviðið er þverfaglegt, á landamærum sagnfræði og bókmenntafræði, menningarfræða, þjóðernisrannsóknna og minnisfræða. 276 bls.

#### Sögufélag

ISBN 978-9979-9902-7-7

Leiðb.verð: 3.990 kr. Kilja



### Óvænt vinátta

Jennifer S. Holland

Þýð.: Elin Guðmundsdóttir

Bók með 47 hugljúfum sögum af vináttu ólíkra dýrategunda. Stórkostlegar ljósmyndir sem sýna samhug og vinabel. Bók sem storkar öllu sem við teljum okkur vita um dýr og líf þeirra. Metsölubók víða um heim. Þetta er bók fyrir alla dýravini. 210 bls.

Bókafélagið (BF-útgáfa)

ISBN 978-9935-426-63-5 Kilja



### På vej

Lesbók og Verkefnabók

Elisabet Valtýsdóttir og Erna Jessen

Bækurnar eru ætlaðar nemendum í framhaldsskóla og eru upprifjun á námsþáttum efstu bekkja grunnskóla.

Námsefnið byggir á námskrá erlendra tungumála frá 2011 með áherslu á færniþættina fjóra, þ.e. lestur, hlustun, tal og ritun. 52 og 111 bls.

ÍDNÚ bókaútgáfa

ISBN 978-9979-67-330-9/ Lesb.-331-6 Verkefnabók

náttúruhamfarir, fátækt og einangrun hafa löngum verið frjór jarðvegur fyrir hvers kyns volæði, ótímabærar dauða – og týndar sálir. Í þessari ríkulega myndskreyttu bók birtast í fyrsta sinn nokkrar af alræmdustu draugasögum Reykjavíkur í seinni tíð, í bland við sögulegan fróðleik um borgina. 120 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-397-9/398-6



### Ripleys 2014

Vírað af vefnum

Robert Ripley

Þýð.: Kolbeinn Proppé

Ripleys hefur aldrei verið öflugri! Það sem hægt er að grafa upp um furður mannlífsins og náttúrunnar er sumt með algörum ólíkindum, en það má treysta Ripley. Margt í þessari bók vekur þér hroll, en annað skellihlátur. Stundum kannski hvort tveggja í einu. Eitt er víst, þú getur ekki lagt frá þér Ripleys! 254 bls.

Sögur útgáfa

ISBN 978-9935-448-28-6







JÓLA-  
BÆKURNAR  
ERU Í NETTÓ



### Reimleikar í Reykjavík

The Haunting of

Reykjavík

Steinar Bragi

Þýð.: Atli Bollason


Þegar Íslendingar yfirgáfu sveitirnar tóku þeir draugana með sér, og líka þörfina fyrir að koma á þá böndum með sögum. Válynd veður,

# Saga Kaupmannahafnar sem höfuðborgar Íslands

## Kaupmannahöfn sem höfuðborg Íslands

FYRRA BINDI

GUÐJÓN FRÍÐRIKSSON  
JÓN Þ. ÞÓR



Hið íslenska bókmenntafélag

## Kaupmannahöfn sem höfuðborg Íslands

ÞÓÐARA BINDI

GUÐJÓN FRÍÐRIKSSON  
JÓN Þ. ÞÓR



Hið íslenska bókmenntafélag

Kaupmannahöfn við Eyrarsund var höfuðborg Íslands í nærfellt fimm aldir, frá því á 15. öld og til 1. desember 1918.

Saga Kaupmannahafnar sem höfuðborgar Íslands hefur aldrei verið sögð í heild. Í tveimur veglegum bindum rekja tveir af þekktustu og virtustu sagnfræðingum íslenskum þessa sögu.

Í fyrra bindinu er sagan sögð frá upphafi til 1814 en þá urðu tímamót í sögu Danaveldis og sambands Íslands og Danmerkur. Kaupmannahöfn var miðstöð viðskipta Íslendinga og stjórnsýslu og þaðan bárust margvísleg menningarhrif sem höfðu mikil og langæ áhrif á íslenska þjóðmenningu og daglegt líf Íslendinga.


Í síðara bindinu, sem nær yfir tímabilið 1814–1918 segir frá sjálfstæðisbaráttu Íslendinga, samgöngum og viðskiptum, margvíslegri menningarstarfsemi Íslendinga í Kaupmannahöfn og samstarfi þeirra við Dani á þeim vettvangi. Einnig greinir hér rækilega frá námi og starfi Íslendinga, karla og kvenna, í fjölmörgum iðn- og starfsgreinum í Kaupmannahöfn og dönsku frumkvæði í framfaramálum á Íslandi.

Sagan er sögð á ljósan og skilmerkilegan hátt og margt kemur hér fram sem áhugafólki um sögu Íslands og Danmerkur mun þykja fengur að.

Um 1200 myndir prýða bækurnar.



Hið íslenska bókmenntafélag



### Ritið: 2013

**Ritstj.:** Eyja M. Brynjarsdóttir og Pröstur Helgason  
Þema fyrsta heftis ársins er minni og gleymiska. Eftir stríðsátök 20. aldarinnar, á tímum upplýsingatækninnar og fólksflutninga, þurfum við að muna. En það vekur líka spurningu um hvað við kærum okkur um að muna eða af hverju og hverju við kjósum helst að gleyma. Hvað verður um minni þjóðar eftir stríð, áföll eða kreppu? Hvers konar úrvinnsla á fortíðinni á sér stað eða á sér ekki stað? Hvert er samband þjóðar við fortíð sína? Lærir hún af henni eða vill hún sælu alglymis svo sagan geti endurtekið sig?

Þema annars heftis *Ritsins* er móðernismi og takast fjórar greinar á við þemað með ólíkum hætti. Spurt er hvernig megi afmarka móðernisma frá öðrum tímabilum og segja sögu hans. Tengsl stefnunnar við spírítisma og aðra strauma nútímadulspeki eru skoðuð og fjallað um birtingarmyndir hennar á sviði íslenskrar myndlistar og bókmennta. Tvær þýðingar um landfræðilegar rannsóknir á móðernisma tengjast einnig þema heftisins, sem og þáttur sex nýrra ljóða eftir Matthías Johannessen.

Þema þriðja heftis er vald í ýmsum myndum og samhengi: félagslegt vald, birt-

ingarmyndir og framsetning valds, valdajafnvægi, valdamisræmi og hvaðeina sem málinu tengist.


Ritið birtir jafnframt greinar um bækur, umræðugreinar, þýðingar á erlendum greinum og myndapætti. Allar greinar, nema ritdómar og umræðugreinar, eru ritrýndar.

Aðalritstjórar árið 2013 eru Eyja Margrét Brynjarsdóttir og Pröstur Helgason. Árlega koma einnig gestaritstjórar að útgáfunni. 226 bls.

### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9935-23-002-7

Leiðb.verð: 3.290 kr. Kilja



### Ríkið og rökvisi stjórn mála

**Páll Skúlason**

Í þessari nýju bók ræðir Páll Skúlason spurninguna hvernig við getummyndað heilsteyp og gott samfélag. Hann telur að meginvandi stjórn mála spretti fyrst og fremst af tilteknum vandkvæðum okkar á að mynda samfélag sem hugsandi verur, borgarar og einstaklingar. Jafnframt má finna í bókinni skarpa gagnrýni á hugmyndafræði markaðshyggjunnar, umræðu um þörfina fyrir nýja stjórnarskrá, hvert sé eðli og mark-

mið skattlagningar, hvaða lífsgildi við ættum að tileinka okkur, til hvers við höfum ríki og hvað felst í hugtakinu réttlæti. Bókin á erindi við alla sem takast vilja á við verkefni samtímans á Íslandi. 192 bls.

### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9935-23-021-8 Kilja



### Saga

*Tímarit Sögufélags.*

*Ll: 1 2013 og Ll: 2 2013*

**Ritstj.:** Sigrún Pálsdóttir

Tímaritið *Saga* kemur út tvisvar á ári, vor og haust. Efni þess er fjölbreytt og tengist sögu og menningu landsins í víðum skilningi. Þar birtast m.a. greinar, viðtöl og umfjallanir um bækur, sýningar, heimildamyndir og kvikmyndir. Ómissandi öllum þeim sem áhuga hafa á sögu Íslands. Tekið er við nýjum áskrifendum hjá Sögufélagi; nánar á [www.sogufelag.is](http://www.sogufelag.is). 244 bls.

### Sögufélag

ISSN 0256-8411 Kilja



### Saga Alþýðusambands Íslands

1. Í samtök

2. Til velferðar

*Saga ASÍ – án óskju*

*Saga ASÍ – í óskju*

Sumarliði R. Isleifsson

Hér er í tveimur veglegum bindum sögð saga ASÍ og íslenskrar verkalýðsbaráttu í heila öld. Mikil og vönduð undirbúningsvinna skilar sér í metnaðarfullu og glæsilegu riti um íslenskt samfélag og sögu, frá fyrstu tilraunum til stofnunar alþýðusamtaka gegnum hörð stéttaátök kreppuáranna, samfélagsbreytingar á eftirstríðsárum og allt til nútímans. Í bókunum er að finna mörg hundruð myndir sem tengjast íslenskrar verkalýðsbaráttu og alþýðusamtökum og er þar margt afar forvitnilegt að sjá. Einnig eru í bókinni skýringarmyndir og töflur sem segja sögu þróunar í kjaramálum og á mörgum öðrum sviðum. 784 bls.

### Forlagið

ISBN 978-9979-53-580-5/  
9979-53-579-9



# LANDBÚNAÐUR Í 1100 ÁR

*Landbúnaðarsaga Íslands* eftir þá dr. Árna Daníel Júlíusson sagnfræðing og Jónas Jónsson fyrrverandi búnaðarmálastjóra er grundvallarrit í íslenskri söguritun.

Rakin er saga landbúnaðar frá landnámi til okkar daga. Lögð er mikil áhersla á að fjalla um lífsskilyrði og afkomu fólksins í landinu. Byggt er á rituðum heimildum, fornleifarannsóknum, rannsóknum á veðurfari í aldanna rás og eru allar nýjustu rannsóknir sem tiltækar eru nýttar til að öðlast sem gleggsta mynd af lífi Íslendinga á fyrri öldum.

Samskipti alþýðu og yfirstéttar, innlands og erlends valds og samskiptin við erlenda kaupmenn eru fyrirferðamikil í verkinu. Þá er rakin sú framfarasaga sem hófst í raun í lok 18. aldar og fjallað ítarlega um þróun landbúnaðar á 19. og 20. öld.

Saga einstakra búgreina er fyrirferðamikil í verkinu því 3. og 4. bindi verksins fjalla um þær og rekja þróun allra helstu búgreina. Þar er m.a. rakin þróun tækni og vélvæðingar á 20. öld, samskipti bænda við ríkisvaldið, þau áhrif sem þéttbýlisþróunin hefur haft á afkomu bændastéttarinnar, fjallað um nýjar búgreinar og þannig má lengi telja.



**Glæsilegt tímamótaverk!**



**SKRUDDA**  
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík  
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is  
www.skrudda.is



### Saga hönnunar

frá Egyptum til vorra daga  
Ásdís Jólensdóttir

Hér gefst lesandanum tækifæri til að öðlast góða heildarsýn yfir sögu fatnaðar, bygginga og húsgagna frá tímum Egypta fram til dagsins í dag ásamt stuttu yfirliti yfir myndlist. Saga hönnunar er mikilvæg til að geta skoðað og skilið þróun samfélagsins í fortíð, nútíð og framtíð. 302 bls.

**ÍDNÚ bókaútgáfa**

ISBN 978-9979-67-332-3 Kilja



### Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur

Einsögurámsókn á ævi 18. aldar vinnukonu

Ritstj.: Guðný Hallgrímsdóttir  
Sagan sem sögð er í þessari bók byggist meðal annars á sjálfsvæisögubroti sem varðveist hefur og ber titilinn *Ævisaga Guðrúnar Ketilsdóttur*.


Guðrún fæddist árið 1759 og er saga hennar líklega elsta varðveitta sjálfsvæisaga íslenskrar alþýðukonu – vinnukonu frá 18. öld. Í sögunni fjallar Guðrún á opinskáan hátt um líf sitt í Eyjafirði og erfitt hjónaband með ótrúum eiginmanni. Frásögnin er full af einlægum og litskrúðugum lýsingum af mönnum og málefnum. Í bókinni er fjallað um líf hennar og afar þrönga stéttarstöðu og hvernig hún nær að hasla sér völl í erfiðu árferði móðuharðindanna. Döpur endalok ævi hennar draga fram hið harmsögulega í lífi þúsunda Íslendinga á þessum tíma.

150 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9935-23-019-5

Leiðb.verð: 4.500 kr. Kilja



### Sauðfjarrækt á Íslandi

Ritstj.: Ragnhildur

Sigurðardóttur

Öflug sauðfjarrækt er stunduoð á Íslandi og margvísleg nýsköpun henni tengd. Þrátt fyrir að fjárbúskapur eigi sér langa sögu sem mikilvæg atvinnugrein, er það ekki fyrr en með þessari bók að gefið er út áhlíða fræðslurit um sauðfjarrækt á Íslandi.

Bókin er fróðleiksbrunnur öllum þeim sem áhuga hafa á atvinnusögu Íslands og tengslum sauðfjár við íslenska menningu. 298 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-92-6



### Siglingafræði

Ad sigla er nauðsyn

Guðjón Ármann Eyjólfsson

Fjallað er m.a um grundvallaratriði siglingafræðinnar, sjúkort, seguláttavita, gýróáttavita og rafræna áttavita. Áhersla er lögð á skýringamyndir og kynningu á haf-fræði og hafinu umhverfis Ísland, Norður-Íshafinu og nálægum hafsvæðum.

Bókin er ætluð til kennslu í skipstjórnarnámi og sem handbók fyrir starfandi skipstjórnarmenn, einnig öllum öðrum til fróðleiks og skemmtunar. 480 bls.

**Siglingastofnun Íslands/ Samgöngustofa**

ISBN 9789979979296



**Skagfirskar skemmtisögur 3**  
Em meira fjör!

Björn Jóhann Björnsson

Gamansemi Skagfirðinga er óþrjótandi sagnabrunnur. Hér eru óborganlegar sögur af m.a. af Bjarna Har, Halla í Enni, Friðriki á Svaðastöðum, Dúdda á Skörðugili, Bjarna Marons, Pálma Rögnvalds og Álftagerðisbræðrum og sveitungum þeirra. Einnig af Jóni Drangeyjarjarli, Birni í Bæ, Ýtu-Kela, Binna Júlla, Jóhanni í Kúskerpi, Marka-Leifa, Sígga í Vík, Gunna Rögnvalds, Siggú á Eyrarlandi og fyndnum Fljótamönnum.

**Bókaútgáfan Hólar**

ISBN 978-9935-435-41-5 Kilja



Trix og mix frá Fröken Fix

### Skapaðu þinn heimilisstíl

Sesselja Thorberg

Fröken Fix hefur bæði í sjónvarpinu og í eigin persónu ráðlagt fjölda fólks í mörg ár um hvernig á að gera heimilið bæði vistlegt og smekklegt. Í þessari bráðskemmtilegu og litríku bók fer hún yfir nokkra megindrætti í hugmyndum sínum. Þetta er bók sem er svo sannarlega ómissandi á hvert heimili!


**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-448-31-6 Kilja






# Af Grikkjum og stílbrögðum



Hér birtast ritsmíðar íslenskra samtímamanna um gríska menningu að fornu og nýju – um listir og fræði, heimspeki og vísindi.



*Grikkland alla tíð* hefur að geyma íslenskar þýðingar á grískum textum frá tímum Hómers til okkar daga. Hér leggja margir ástsælustu þýðendur þjóðarinnar hönd á plóg.

Bókinni fylgir hljómdiskur með upplestri Kristjáns Árnasonar bókmenntafræðings á *Ilíonskviðu*.



Fjallað er um þau margslungnu lögmál sem stýra formi íslenskra bókmennta, bundins máls og óbundins, allt frá dróttkvæðum og eddukvæðum fram til dægurlagatexta nútímans. Mælskufræði, skáldskaparfræði og stílfræði. Kristján Árnason, málfræðingur og prófessor í íslensku er höfundur þessa mikla og gagnlega verks.



Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: [hib@islandia.is](mailto:hib@islandia.is) • Heimasíða: [www.hib.is](http://www.hib.is)





### Skírnir – Tímarit HÍB

vor & haust 2013, 187. árg.

Ritstj.: Páll Valsson

Fjölbreytt og vandað efni m.a. um íslenskar bókmenntir, náttúru, sögu og þjóðerni, heimspeki, vísindi, myndlist og stjórnmál og önnur fræði í sögu og samtíð. *Skírnir* er eitt allra vandaðasta fræðatímarit Íslendinga. Nýir áskrifendur velkomnir; Sími 588-9060. 555 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**  
ISSN 0256-8446 Kilja

Neale Donald Walsch, höfundur metsölubókanna *Samræður við Guð*.

Bókin er einnig á ensku. 152 bls.

**Bókaforlagið Bifröst**  
ISBN 978-9935-412-30-0  
Leiðb.verð: 2.890 kr. Kilja



### Stangveiðar á Íslandi og Íslensk vatnabók

Sölvi Björn Sigurðsson

Gríðarmikið verk í tveimur stórum bindum með fjölda fallegra mynda. Fjallað er um stangveiði í ám og vötnum frá öllum hliðum og á öllum tímum. Bókin er frábærlega vel úr garði gerð og hafi einhvern tíma verið gefin út bók sem allir áhugamenn um ekki aðeins stangveiði, heldur íslenska náttúru í heild, verða að eignast, þá er það þessi. Sannkallaður kjörgripur! 1050 bls.

**Sögur útgáfa**  
ISBN 978-9935-448-34-7



### Sofum betur

Vöknum endurnærð á

*hverjum morgni*

Williamson Karen

Þýð.: Sigurður Hróarsson

52 stórfínar og auðveldar aðferðir sem leggja þér lið í baráttunni gegn svefnavanda. Ráðin tryggja þér hollan nætursvefn og bæta um leið líf þitt á flestum sviðum. 238 bls.

**Salka**  
ISBN 978-9935-17-075-0 Kilja



### Smiler

Getur öllu breytt

Gegga Birgisdóttir

Í þessari bók lærir þú um mátt þess að brosa og hve megnug við erum að skapa. Sannar sögur höfundar krydda á skemmtilegan hátt mátt þessarar speki. „Hér er dásamleg staðfesting á því að hægt er að finna – og svo sannarlega skapa – kærleika og gleði í lífinu öllu, með verkfæri sem þig mun undra hversu auðvelt er að nota. Þetta er bók sem getur breytt lífi allra, alls staðar.“



### Stigar

Þýð.: Jóna Dóra Óskarsdóttir  
Í þessari bók er fjallað um ólíkar gerðir stiga. Hún skiptist í tvo hluta. Í þeim fyrri er nákvæm útlitun á uppbyggingu þessara ólíku stigagerða, auk teikniverkefna, en í þeim síðari, Stigasmíði – verklegar aðferðir, eru kenndar nokkrar aðferðir til að smíða tréstiga. 106 bls.

**ÍÐNÚ bókaútgáfa**

ISBN 978-9979-67-328-6 Kilja



### Stíll og bragur

Kristján Árnason

Bókin fjallar um þau margslungnu lögmál sem stýra formi íslenskra bókmennta, bundins máls og óbundins, allt frá dróttkvæðum og eddukvæðum fram til dægurlagatexta nútímans. 479 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

ISBN 978-9979-66-315-7

Leiðb.verð: 5.990 kr.



# Heimspeki frá A til Ö

FYRIR  
FÓLK Á  
ÖLLUM  
ALDRI

Hnitmiðaður og aðgengilegur fróðleikur  
um kenningar helstu hugsuða heimsins,  
frá Grikkjum til samtímans.



GLÆSILEG  
GJÖF!

„Mögnuð bók til að týna sér í.  
Og finnst svo aftur, miklu  
fróðari en áður.“

Vilhlem Anton Jónsson,  
útværpsmaður og hugmyndasmiður

„Ofboðslega vel gerð bók  
– til fyrirmyndar.“

Ólafur Stefánsson handboltakappi



MÁL OG MENNING  
www.forlagid.is



### Stjórnsýsluréttur – Málsmeðferð

Páll Hreinsson

Bókaútgáfan Codex hefur nú gefið út ritið *Stjórnsýsluréttur – Málsmeðferð*, eftir dr. jur. Pál Hreinsson dómara við EFTA-dómstólinn.

Þegar til stendur að beita opinberu valdi í einstöku máli um rétt eða skyldu manns gilda ákveðnar reglur um meðferð þess. Efni þessa ritsins fjallar um þessar málsmeðferðarreglur svo og aðrar reglur sem þeim tengjast.

Framsetning ritsins er í handbókarformi. Þetta form líkist um margt skýringarritum ef frá er talinn sá munur að handbókin byggist á almennri efnisflokkun á umfjöllunarefni fræðasviðsins en skýringarrit byggjast upp á skýringu einstakra lagagreina eftir röð þeirra í viðkomandi lögum. Í þessari handbók eru annars vegar dregin saman fræðin svo og lögskýringarsjónarmið sem líta ber til við skýringu málsmeðferðarreglna sem gilda um meðferð stjórnsýslumála. Hins vegar eru reifaðir helstu dómar Hæstaréttar og álit umboðsmanns Alþingis sem reglurnar varða.

**Bókaútgáfan Codex**

ISBN 978-9979-825-77-7

Leiðb.verð: 14.900 kr.



### Sumarlandið

Guðmundur Kristinnsson

Hér er sagt frá Sigríði Jónsdóttur miðli og miðilsþjónustu hennar hjá Sálarrannsóknarfélagi Reykjavíkur í 38 ár. En bókin hefst á hugleiðingum séra Haraldar Niels-sonar í Fríkirkjunni 1922 um þrá mannsins að vita örlög sín eftir andlátíð.

Hér lýsa þeir framliðnu sjálfir því, sem gerist, þegar maðurinn deyr. Birtar eru frásagnir 40 látinna ættingja og vina og nokkurra þjóðkunnra manna, þar af 12 presta og 9 systkina frá Skipum. Loks eru hér frásagnir þriggja brezkra flugmanna frá Kaldaðarnesi og stórfróðlegt viðtal á ensku við Richard Durst, kaptein í bandaríska herliðinu á Selfossi sumarið 1942, sem lézt fyrir 9 árum.

Bókin bregður skýru ljósi á vinstaskiptin og framlífsheiminn og á erindi til huggunar öllum þeim, sem syrgja látinn ástvin. Hún var gefin út í nóv. 2010, fyrir eindregna hvatningu að handan. Hún naut fádæma vinsælda og var endurprentuð þrisvar árið eftir og kemur nú út í 5. prentun, aukin og með fleiri viðtöl.

258 bls.

**Árnesútgáfan**

ISBN 978-9979-72-460-5



### Svona á að elska

Leiðarvísir fyrir eldheita elskendur

Melissa Heckscher

Þýð.: Sveinn Guðmarsson

Litríkur og skemmtilegur leiðarvísir um allt sem viðkemur ástarsamböndum. Hér eru alls kyns leiðbeiningar í máli og myndum, sumar siðsamar og saklausar en aðrar sjóðheitar!

144 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2202-6

Óbundin



### Sýningagerð

Aðferðir, hollráð og fróðleikur um hönnun og uppsetningu sýninga

Björn G. Björnsson

Myndir: Höfundur o.fl.

Björn, sem er einn reyndasti sýningahönnuður landsins, fer hér yfir fjölmörg verk efni sem hann hefur unnið á undanförunum 20 árum, lýsir aðferðum og vinnubrögðum og gefur hollráð. Bókin er mikilvæg heimild um sýningagerð á Íslandi.

80 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-105-4 Kilja



### Sýnisbók safnamanns

Þórður Tómasson


Í *Sýnisbók safnamanns* rekur Þórður Tómasson ævintýrlega sögu safnmunanna í Skógum. Safnvörðurinn veitir lesandanum hlutdeild og innsýn í heim sem er í senn heillandi og brotgjarn. Fram spretta karlar og kerlingar sem handléku muni þessa og áttu sína dýrgripi ofan í útskornum trafarskjum löngu liðins tíma. Þjóðtrú og galdur birtist okkur í skrifum um sigurlykkjuna og kaflar úr listasögu fátækrar þjóðar er hér í máli og myndum.

160 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

ISBN 978-9935-9099-4-7

Leiðb.verð: 4.990 kr.




## Saga hönnunar frá Egyptum til vorra tíma

Hér gefst lesandanum tækifæri til að öðlast góða heildarsýn yfir sögu fatnaðar, bygginga og húsgagna, auk myndlistar, frá tímum Egypta til dagsins í dag. Saga hönnunar er mikilvæg fyrir skilning okkar á þróun samfélagsins í fortíð, nútíð og framtíð.

## Litróf kennsluaðferðanna

Litróf kennsluaðferðanna er handbók um helstu kennsluaðferðir, ætluð kennurum og kennaraefnum. Gefið er yfirlit um tugi kennsluaðferða og leiðbeint um beitingu þeirra. Í þessari nýju útgáfu hefur efnið verið endurskoðað, aukið og uppfært.



**ÍÐNÚ**  
BÓKAÚTGÁFA

Brautarholti 8 / 105 Reykjavík

sími 517 7210 / fax 552 6793 / [www.idnu.is](http://www.idnu.is)

ÍÐNÚ  
bókabúð  
gott úrval  
ritfanga



### Sögukennslu-skammdegið

*Rimman um sögukennslu og samfélagsfræði 1983–1984*

Ritstj.: Loftur Guttormsson

Þetta er þriðja bókin í ritröðinni Heimildarrit í íslenskrari uppeldis- og skólasögu. Hér birtist úrval heimilda um þær áköfu deilur sem urðu veturinn 1983–1984 um nýtt námsefni í samfélagsfræði og þátt Íslandssögu í henni. Deilurnar fóru einkum fram í dagblöðum en einnig í sölum Alþingis. Fullyrða má að um sé að ræða einhver hörðustu átök milli hefðarsinna og nýjungarsinna í uppeldis- og skólamálum sem sögur fara af hér á landi. Sögukennsla snertir náið álítaefni um sjálfsmynd Íslendinga og tengsl þeirra við umheiminn og á þessi bók því brýnt erindi við samtímann. Rimman, sem hér greinir frá, varpar líka skýru ljósi á þá hefð sem ein-kennir enn opinbera umræðu á Íslandi.

334 bls.

**Háskólaútgáfan**  
ISBN 978-9979-54-995-6  
Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja




### Sögur úr Vesturheimi

Ritstj.: Gísli Sigurðsson

Hér er birt þjóðfræðaeftir sem hjónin Hallfréður Örn Eiríksson og Olga María Franzdóttir hljóðrituðu meðal Vesturíslendinga í Norður Ameríku veturinn 1972–73. Gísli Sigurðsson hefur búið um 20 klst. af hinu hljóðritaða efni til útgáfu í orðréttum uppskriftum.

556 bls.

**Háskólaútgáfan**  
ISBN 978-9979-654-22-3  
Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja



### The Concept and Nature of Money

Benjamín H. J. Eiríksson

Ritstj.: Gunnar Harðarson

*The Concept and Nature of Money* er eftir Benjamín H. J. Eiríksson (1910–2000). Bókin hefur að geyma enska

gerð fyrirlestrar sem höfundur flutti í Vísindafélagi Íslendinga (1962) og fjallar um hlutverk peninga í samfösun efnahagslífsins. Sú kenning er sótt til fyrri bókar hans, *Outline of an Economic Theory* (1954), sem hefur einnig verið endurútféfin á vegum Háskólaútgáfunnar. Sú bók er að stofni til doktorsritgerð frá Harvard-háskóla (1946) og í henni þróar höfundur kenningar um eðli og hlutverk peninga og vaxta, og orsakir hagsveiflna. Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði, ritar nýjan inngang að þeirri bók og setur efni hennar í sögulegt og fræðilegt samhengi. Hér er um að ræða endurútgáfu á tveimur stórmerkum ritum í sögu íslenskrar hagfræði.

64 bls.  
**Háskólaútgáfan**  
ISBN 978-9979-54-974-1  
Leiðb.verð: 2.900 kr. Kilja



### The Icelandic Woman


Snæfríður Ingadóttir

Myndir: Þorvaldur Örn Kristmundsson

Áhugaverð lesning með góðum upplýsingum fyrir erlenda gesti sem vilja vita meira um einstaka hæfileika og dugnað íslenskra kvenna. Fróðleg bók byggð á staðreyndum.

112 bls.

**Salka**  
ISBN 978-9935-17-093-4 Kilja




### Tilbrigði í íslenskri setningagerð

Ritstj.: Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Freyr Sigurðsson

Þetta verk á rót sína að rekja til samnefnds rannsóknaverkefnis sem hlaut styrk frá Rannsóknasjóði. Í þessu bindi er sagt frá markmiði verkefnisins og þeim aðferðum sem voru notaðar við söfnun og úrvinnslu efnis. Auk þess eru sérstakir kaflar um talmál og tilbrigði, þágufallshneigð (þágufallssýki) og tilbrigði í setningagerð í rituðum texta (ritgerðum grunnskólanema).

127 bls.  
**Háskólaútgáfan**  
ISBN 978-9979-853-50-3  
Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja



### Tiplað með Einstein

*Stálminni sem list og vísindi*  
Joshua Foer

**Þýð.: Karl Emil Gunnarsson**  
Flestir eyða miklum tíma í að reyna að rifja eitthvað upp og þannig var Joshua Foer einnig farið þegar hann ákvað að komast að því hvaða árangri hann gæti náð ef hann einsetti sér að þjálfra minni sitt. Eftir aðeins eins árs rannsóknir og æfingar varð hann „minnismeistari Bandaríkjaanna“. Spennandi, stórfróðleg og skemmtileg frásögn af þeirri vegferð og jafnframt leiðsögn um listina að bæta minnið. „... alveg frábær, ein áhugaverðasta bókin sem ég hef lesið í sumar,“ sagði Bill Gates um bókina.

302 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2213-2

Óbundin

**Tíminn minn****Björg Þórhallsdóttir**

Farðu vel með tímann þinn. Afar falleg dagbók fyrir árið 2014, myndskreytt af Björgu Þórhallsdóttur, sem er nú orðin ein eftirsóttasta listakonan í Noregi.

160 bls.

**Bókafélagið (BF-útgáfa)**

ISBN 978-9935-426-85-7

**Tímarit um menntarannsóknir***9. árgangur***Ritstj.: Greta L. Marinósson**

Efni ritsins er fjölbreytt að vanda. Höfundar greina, sem allar eru ritrýndar, kynna nýtt framlag til þekkingar, hver á sínu fræðasviði sem tengjast menntun í víðum skilningi. Greinarnar sýna þá fjölbreytni sem nú er í menntarannsóknunum.

181 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISSN 1670-5548

Leiðb.verð: 2.500 kr. Kilja

**Tískubókin***Útlit er ímynd***Eva Dögg Sigurgeirsdóttir****Myndskr.: Elsa Nielsen****Myndir: Gunnar Sverrisson****Ritstj.: Halla Bára Gestsdóttir**


Bók fyrir allar konur; dætur, mömmur og ömmur! Lögð er áhersla á að konur finni sinn eigin stíl sem hentar þeim og skapar velliðan. Hér er skrifað á léttum nótum en gefnar alvöru leiðbeiningar og ráð sem virka.

144 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-111-5

# GRUNDVALLARRIT UM SAUÐFJÁRRÆKT



## SAUÐFJÁRRÆKT Á ÍSLANDI

Sauðfjarrækt byggir á aldagömlum merg og hefur verið samofin lífi Íslendinga frá öndverðu. Með því að nýta nánast allt sem sauðkindin gefur af sér hefur þjóðin lifað af margháttada erfiðleika. Öflug sauðfjarrækt er stunduð á Íslandi og margvísleg nýsköpun henni tengd. Þrátt fyrir að fjárþúskapur eigi sér langa sögu sem mikilvæg atvinnugrein, er það ekki fyrr en með þessari bók að gefið er út allhiða fræðslurit um sauðfjarrækt á Íslandi.

**Sauðfjarrækt á Íslandi** nýttist bæði starfandi bændum og öðru áhuga-fólki um sauðfé, sem og nemendum í búfræði, búvísindum og á námskeiðum um sauðfjarrækt. Bókin er fróðleiksbrunnur öllum þeim sem áhuga hafa á atvinnusögu Íslands og tengslum sauðfjár við íslenska menningu. Ritíð er aðgengilegt og þrýtt fjölda ljós- og skýringarmynda.

Höfundar eru:

Árni Brynjar Bragason, Bjarni Diðrik Sigurðsson, Emma Eyþórsdóttir, Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, Guðmundur Hallgrímsson, Jóhannes Sveinbjörnsson, Jón Viðar Jónmundsson, Ólafur R. Dýrmondsson, Sigurður Þór Guðmundsson og Svanur Guðmundsson. Ragnhildur Sigurðardóttir ritstýrði.



### Tónlist ... er tónlist: Greinar 1999 – 2012

Arnar Eggert Thoroddsen

Arnar Eggert Thoroddsen hefur um langt árabil verið einn mikilvirkasti tónlistarblaðamaður landsins. Í Morgunblaðinu hefur hann fjallað kerfisbundið um íslenska jafnt sem erlenda tónlistarmenningu, í pistlum, viðtölum, gagnrýni og úttektum ýmiskonar. Hér er samankomið úrval greina frá árabílinu 1999 – 2012 en þessi fyrsti áratugur nýrrar aldar hefur reynst mikill umbrotatími í íslenskrri dægurtónlist. Ástriða Arnars fyrir umfjöllunarefninu er tilfinnanleg, still hans snarpur og kímileitur, fullur eldmóðs en um leið fræðandi og áleitinn. Hér er á ferðinni einstök heimild um tónlistarmenningu á Íslandi, frá manni sem hefur mundað pennann í fremstu víglínu í meira en áratug.

346 bls.

**A.M.**

Dreifing: Kongó ehf.  
ISBN 978-9979-72-250-2  
Leiðb.verð: 2.990 kr. Kilja



### Lærðómsrit Bókmenntafélagsins Um kvikmyndalistina Rudolf Arnheim

Er kvikmyndagerð listgrein eða afþreying? Eru sumar kvikmyndir list en aðrar ekki? Sígild greining á eðli kvikmyndarinnar og möguleikum hennar.

Björn Ægir Norðfjörð þýddi og ritaði inngang.  
267 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**  
ISBN 978-9979-66-310-2  
Leiðb.verð: 3.490 kr.



### Uppsala-Edda Handritið DG 11 4to

Ritstj.: Heimir Pálsson

Edda er til í nokkrum handritum og er eitt þeirra varðveitt í Uppsölum í Svíþjóð. Það handrit, sem eignar Snorra Sturlusyni Eddu, hefur Heimir

Pálsson rannsakað um árabíl. Þessi bók geymir afraksturinn, ítarlegan inngang að verki Snorra þar sem Heimir kemur víða við, og texta Uppsala-Eddu í heild sinni með vönduðum skýringum.

Bókin er gefin út af Opnu í samstarfi við Snorrastofu í Reykholti.

392 bls.  
**Bókaútgáfan Opna**  
ISBN 978-9935-10-054-2



### Útkall

*Sonar þinn er á lífi*

Óttar Sveinsson

Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa nú verið eitt vinsælasta lesfefni Íslendinga 20 ár í röð. Í þessari bók er fjallað um magnaða björgun á Langjökli árið 2010 þegar mæðgin féllu niður í sprungu og festust á dýpi sem svarar til átta hæða húss. Björgunarmenn síga niður í ótrúlega þrönga sprunguna þar sem þeir verða að athafna sig á hvolfi og í andnað. Hér er einnig saga tólf íslenskra síldveiðisjómannna sem höfðu verið hátt í viku í björgunarbátum í Norður-Íshafi þegar fólk í landi fór loks að sakna þeirra. Ótrúleg saga sem varð upphafið að Tilkyninga-skyldunni.

224 bls.  
**Útkall ehf.**  
ISBN 978-9979-9957-9-1  
Leiðb.verð: 5.990 kr.



### Vakandi hugur, vökult hjarta

Thomas Keating

Þýð.: Nína Leósdóttir

Thomas Keating prestur er einn af upphafsmönnum Kyrrðarbænahreyfingarinnar sem er ein aðferð kristinnar íhugunar.

Hann hefur skrifað fjölda bóka um kyrrðarbæna og í þessari bók lýkur höfundur upp fyrir lesandanum veröld þar sem Guði er ekkert ómögulegt. Nýjar og ævintýralegar viddir opnast... „Því þegar hugur og hjarta er opið fyrir Guði, sem er óendanlegur, verður maður einnig opin fyrir ótakmörkuðum möguleikum.“

**Skálholtsútgáfan**  
ISBN 978-9935-456-14-4  
Leiðb.verð: 2.500 kr.





**Ódáinsakur** fjallar um eðli og hlutverk þjóðardýrlinga og þær aðferðir sem notaðar eru til að rækta minningu þeirra á opinberum vettvangi. Í ritinu eru kortlagðar þær leiðir sem færar eru til að rækta opinberlega minningu markverðra einstaklinga úr fortíðinni.

**Frásagnir af Íslandi** ásamt óhróðri Göries Peerse og Dithmars Blefkens um land og þjóð.


„Deilugjarnir og illviljaðir, hefnigjarnir, fláraðir og þrællyndir.“ Þannig lýsir Johann Anderson Íslendingum í umdeildri Íslandslýsingu frá 1746 sem nú birtist á íslensku í fyrsta sinn.

**Hugsjónir, fjármál og pólitík.** Saga SPRON er saga vaxandi veldis, velgengni og að síðustu umdeilda endaloka eftir fjármálakreppuna miklu sem skók Ísland og umheiminn. Verkið varpar nýju ljósi á fjármálasögu Íslands og mun vafalítið vekja umtal.

**Opinber tengsl Íslands við Sovétríkin/Rússland 1943-2008.** Í bókinni eru opinber skeyti, skjöl og samningar sem varða samskipti Íslands við Sovétríkin og síðan Rússland. Heimildirnar varpa nýju ljósi á margt í samskiptum ríkjanna.



Sögufélag, Skeifunni 3b, 108 Reykjavík.  
sogufelag@sogufelag.is www.sogufelag.is



### Vatnið

í náttúru Íslands

Guðmundur Páll Ólafsson

*Vatnið* er síðasta bókin í hinna miklu ritröð Guðmundar Páls Ólafssonar um náttúru Íslands sem hófst með bók hans um fuglana. Hér nálgast hann efnið sem fyrr frá ótal hliðum: líffræði, heimspeki, skáldskap, alþýðuspeki, trúarbrögðum, náttúruvernd – og stórkostlegum ljósmyndum. *Vatnið* er undirstaða lífsins á Jörðinni og sá sem skoðar þessa bók áttar sig á því hvers virði það er okkur mannfólkinu í raun og veru. 448 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3416-3

veftímariti Stofnunar stjórnsýslufræða- og stjórn mála á síðastliðnu ári. 822 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-993-2

Leiðb.verð: 5.900 kr. Kilja



### Vegleiðsla til talnalistarinnar

Kristín Bjarnadóttir

